

**SKOÐUN** Augljóst að hér er vitlaust gefið, segir Páll Valur Björnsson alþingismaður. 13



**TÍMAMÓT** Steinunn Valdís Óskarsdóttir fagnar stórafmæli í dag. 14



**LÍFIÐ** Netskraflarar hafa aldrei verið fleiri og er keppnin hörð eftir því. 26



**SPORT** Fátt annað en körfubolti kemst að á Sauðárkróki þessa dagana. 22


Til hvers að flækja hlutina? 365

LIFÐU Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þriðjudagur
7. apríl 2015
80. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Ömurlegt sumar?** Sérfræðingar telja að sumarið verði líklega ekki gott á Íslandi eða í Vestur-Evrópu heldur. Það sé vegna kólnunar sjávar og veikingar ákveðinna strauma í Golfstraumnum. 4

**Gæti truflað Alþingishús** Sturla Böðvarsson, fyrrverandi forseti Alþingis, er ekki hrifinn af tillögu forsætisráðherra um að nota teikningu Guðjóns Samúelssonar fyrir viðbyggingu Alþingis. 6

**Meiri þurrkur í Kaliforníu** Ríkisstjóri Kaliforníu segir hlýnun jarðar vera alvörumál sem Kaliforníubúar þurfi nú að kljást við. Grípa þurfi til róttækra aðgerða til að draga úr vatnsnotkun. 8

**Forstjóri í sviðsljósið** Dick Fuld, fyrrverandi forstjóri bankans Lehman Brothers, heldur fyrirlestur í maí um það hvernig Lehman varð að „leiðandi fjárfestingabanka“ og „valda kafla bankakreppunnar“. 9




12

## 3 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fasteignir | Fólk




# Segir Hæstarétt hafa farið mannavillt í Al Thani-dómi

Eiginkona Ólafs Ólafssonar segir að í fjögurra og hálfs árs fangelsisdómi Hæstaréttar sé Ólafi ruglað saman við lögfræðing að nafni Ólafur. Grundvallaratriði segir lögmaður Ólafs. Þeir íhugi nú að krefjast endurupptöku.

**DÓMSMÁL** „Við einfaldlega getum ekki sætt okkur við að Hæstiréttur Íslands dæmi menn í margra ára fangelsi á grundvelli misskilnings,“ segir Ingibjörg Kristjánsdóttir, eiginkona Ólafs Ólafssonar, í grein í Fréttablaðinu í dag.

Ólafur Ólafsson, afplánar fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm sem hann fékk í Hæstarétti vegna Al Thani-málsins.

„Í upphafsforsendum dómsins vísar Hæstiréttur til símtals í gögnum málsins, þar sem fram kemur að ítrekað hafi verið rætt við „Óla“ um nákvæma útfærslu viðskiptanna. Hæstiréttur fer mannavillt í rökstuðningi sínum og ályktar að hér sé átt við eiginmann minn, Ólaf Ólafsson, en hið rétta er að um er að ræða lögfræðing með sama fornafni sem er sérfræðingur í lögum um kauphallarviðskipti,“ fullyrðir Ingibjörg í grein sinni.

Ingibjörg segir bæði ákæruvaldið og héraðsdóm hafa áttað sig á umræddri samtal hafi ekki verið við eiginmann hennar.

„Þessi misskilningur er grafalvarlegur, enda dregur Hæstiréttur mjög víðtækar ályktanir af þessu samtali strax í upphafi,“ skrifar Ingibjörg.

Þá ræðir Ingibjörg hlut Al Thani-frændanna. „Ef við gefum okkur að ákæran sé sannleikanum samkvæm, þá hljóta þessir menn að vera jafn sekir og aðrir er tengjast málinu.“

Ingibjörg segir dómara Hæstaréttar hafa klæðst allt í senn fötum rannsakenda, saksóknara og dómara. „Að mínu mati er þöggun em jafnmikilvægt málefni hættuleg samfélaginu, hættuleg leið til að komast upp með ofbeldi af verstu tegund,“ segir hún.

„Ég sé ekki annað, miðað við orðalag Hæstaréttar, en að þarna sé einhver misskilningur og það hvarflar að manni að úrslit málsins hefðu getað orðið önnur ef réttur skilningur hefði verið á,“ segir Þórólfur Jónsson, lögmaður Ólafs Ólafssonar. Um sé að ræða grundvallaratriði sem margt í málinu hvíli á. Næstu skref séu til skoðunar.



> Það er erfitt að horfa upp á maka sinn dæmdan og sviptan frelsi, hvað þá þegar sannfæringin um sakleysi hans er svo yfirþyrmandi sterk.
>
> *Ingibjörg Kristjánsdóttir*

„Eitt af því sem menn eiga rétt á að óska eftir, ef misskilnings gætir um atvik máls, er að það sé endurupptekið,“ bendir lögmaðurinn á.

- gar / sjá síðu 13



**FÉLAGSDÓMUR** Páll Halldórsson, formaður BHM, Stefán Aðalsteinsson framkvæmdastjóri, Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur og Ása Sigríður Þórisdóttir upplýsingafulltrúi voru viðstödd dómsuppkvaðningu Félagsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verkfall háskólamanna í dag:

# Flókin mál fram undan

**VINNUMARKAÐUR** „Ég myndi gjarnan vilja komast í það að fara að vinna í þessu máli. Við vitum það alltaf að þetta eru ekkert einföld mál og það tekur tíma að vinna úr þeim,“ sagði Páll Halldórsson, formaður Bandalags háskólamanna í gærkvöld. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu í gær að boðuð verkföll væru lögleg.

Páll gagnrýnir að ríkið hafi ekki viljað nýta páskana í samningaviðræður en frekar viljað þrátta fyrir Félagsdómi um lögmæti verkfallsboðunar. Ekki náðist í Gunnar Björnsson, formann samninganefndar ríkisins, í gær vegna þeirrar gagnrýni.

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, starfandi forstjóri Landspítalans, segir að framkvæmdastjórnin hafi áhyggjur af öryggi sjúklinga í verkfallinu.

- jhh / sjá síðu 4






Hrikalegar afleiðingar sýkingar í íslensku sumargotssíldinni á árinu 2008:

# Hálf milljón síldartonna drapst

**UMHVERFISMÁL** Sýkingin sem kom upp í íslenska sumargotssíldarstofninum haustið 2008 keyrði stofninn niður úr 900 þúsund tonnum í 400 til 500 þúsund tonn.



GÍSLI JÓNSSON

Lítið sem ekkert nýsmit hefur átt sér stað síðan haustið 2010 og sýkingin úr sögunni.

Hafrannsóknastofnun hefur ályktað að sýkingin innan síldarstofnsins hafi nánast ekkert þróast eða ágerst sem bendir til þess að síld með sýkingareinkenni drepist ekki af hennar völdum og viðbótardauði í stofninum af völdum sýkingarinnar sé því enginn.

Sérfræðingar hafa varpað fram þeirri tilgátu að kaldari sjór hér við land hafi valdið því að sýkingin hafi tekið heldur lengri tíma að ganga yfir en áður hefur þekkst í hlýrra farvatni.

Sumargotssíldin hefur orðið fyrir fleiri áföllum. Rúmlega 50 þúsund tonn samtals drápust í síldardauðanum mikla í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi í desember 2012 og febrúar 2013.

Vetrarseta síldarinnar hefur nú breyst. Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun, segir hættu á síldardauða innan fjarðar í Kolgrafafirði úr sögunni. Minni líkur séu á mikilli sýkingu sem að hluta sé rakin til þess að síldin bunkar sér upp á litlu svæði.

- shá / sjá síðu 10



**Í KOLGRAFAFIRÐI** Hætta á síldardauða innan fjarðar í Kolgrafafirði er úr sögunni vegna breyttrar vetursetu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## VEÐUR




**Búast má við vetrarlegu veðri.** SV-hvassviðri í dag og gengur á með storméljum um allt sunnan- og vestanvert land. Hiti verður að deginum um 0 til 5 stig..

SJÁ SÍÐU 16

Varðskipið Týr er haldið úr höfn frá Sikiley eftir að hafa bjargað 320 flóttamönnum úr lekum bát:

# Týr heldur áfram eftirliti á vegum Frontex

**ÍTALÍA** Varðskipið Týr kom til hafnar í Pozzallo á Sikiley á laugardag um klukkan tvö að íslenskum tíma með 320 flóttamenn um borð. Áhöfn varðskipsins bjargaði á föstudaginn langa af lekum fiskibát, 30 sjómílum norður af Líbýu.

Flóttamennirnir eru nú í umsjón ítalskra yfirvalda. Týr heldur áfram eftirliti á vegum Frontex, landamærastofnunar Evrópusambandsins, næstu vikur eða fram í lok maí. Skipið hélt úr höfn frá Sikiley í gærmorgun til eftirlitsstarfa á svipuðum slóðum og það hefur verið á undanfarið.

Gísli Einarsson, fréttamaður á RÚV, er um borð í Tý ásamt Karli Sigtryggssyni myndatökumanni og var með ítarlegan fréttaflutning af björguninni. Hann sagði í fréttum RÚV það yfirþyrmandi upplifun að fylgjast með aðgerðunum. „Þetta er lítill trébátur, þetta er eins og stór, gamall íslenskur árabátur, opinn með engu skjóli. Á þessu lögðu tæplega 200 manns á Miðjarðarhafið frá ströndum Afríku,“ sagði Gísli um aðbúnað flóttamannanna og sagði fögnuð þeirra hafa verið mikinn þegar þeir sáu til Týs, því þá hafi þeir vitað að þeir væru hólpnir. „Mér skilst að þetta sé svona það sem þetta gangi út á – að freista þess að vera bjargað,“ sagði hann enn fremur.

Í hópnum sem Týr bjargaði var fjöldi barna og það yngsta rétt um ársgamalt. Þá voru einnig nokkrar konur í hópnum, þar af tvær þeirra barnshafandi.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**AFREK** Varðskipið Týr bjargaði 320 flóttamönnum á föstudaginn langa. AÐSEND MYND/LANDHELGISGÆSLAN



**GRAFIR HEIMSÓTTAR** Ættingjar við grafir nýlátinna í grafreit í Sana. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hundruð almennra borgara hafa látist í árásunum á Jemen:

## Hjálparstarfsfólk fær að fljúga

**JEMEN Rauði krossinn hefur fengið heimild frá Sádi-Arabíu til að fljúga til Sana í Jemen með hjálparstarfsfólk og lyf. Erfiðlega gekk þó að fá flugmenn til að sinna þessu verki.**

**Loftárásir Sádi-Araba og bandamanna þeirra á uppreisnarmenn í Jemen hafa staðið linnulaust í nærri tvær vikur. Árásirnar hafa kostað hundruð manna lífið, þar á meðal fjölmarga almenna borgara.**

**Á laugardaginn sagði Rauði krossinn nauðsynlegt að gera vopnahlé svo hægt væri að koma íbúum þarna til hjálpar.**

- gb

Dráttarvélarslys í Meðallandi:

## Tveggja ára drengur lést

**SLYS** Banaslys varð á sveitabæ í Meðallandi í Vestur Skaftafellssýslu um klukkan hálf tvö í gær þegar drengur á þriðja aldursári féll út um dyraop dráttarvélar og lenti undir malarvagni sem hún dró. Lögregla og sjúkralið frá Kirkjubæjarklaustri og Vík var þegar kallað á vettvang. Endurlífgunartilraunir báru ekki árangur og var drengurinn úrskurðaður látinn á vettvangi. Rannsóknardeild Lögreglunnar á Suðurlandi vinnur að rannsókn slyssins en ekki er unnt að veita nánari upplýsingar um málið að sinni.

- jhh

Myrti þrjá múslima:

## Á yfir höfði sér dauðarefsingu

**BANDARÍKIN** Dómari í Bandaríkjunum hefur úrskurðað að lög heimili saksóknara að fara fram á að Craig Stephen Hicks verði dæmdur til dauða fyrir að myrða þrjá unga múslima í Chapell Hill í febrúar síðastliðnum.

Hicks er 46 ára gamall. Hann er sakaður um að hafa myrt þetta nágrannafólk sitt vegna haturs á múslimum, sem hann hafi oftlega látið í ljós. Þá er hann sagður hafa átt í langvarandi deilum við nágranna sína út af bílastæðum.

- gb






**SPORÐAKÖST Í SKJÁLFANDA** Steypireyðurin fór nálægt Náttfara og þótti tilkomumikil sýn. MYND/HELGA KRISTÍN

# Stærsti sumarboðinn sýnir sig á Skjálfanda

Steypireyður sýndi sig áhöfn og farþegum á hvalaskoðunarbátnum Náttfara á Skjálfandaflóa um helgina. Steypireyður er farhvalur og kemur í ætisleit á Íslandsmið um vor og sumar, því má segja að skepnan sé sumarboði.

**HÚSAVÍK** Helga Kristín Torfadóttir var meðal farþega á hvalaskoðunarbátnum Náttfara þegar sást til steypireyðar á Skjálfandaflóa. „Það voru ekki margir í þessari ferð, sem er miður því það var mikið líf í hafinu. Við sáum líka fjölda höfrunga og hrefnu. Fólk fagnaði og hrópaði upp yfir sig þegar steypireyðurin gerði vart við sig. Hún var nálægt okkur og sýndi okkur sporðinn nokkrum sinnum.“

Steypireyður er stærsta dýrategund jarðar og getur orðið allt að 30 metrar að lengd og 200 tonn að þyngd.

Þessi steypireyður var ekki svo stór um sig að sögn Helgu Kristínar. „Ég hugsa að hún hafi ekki verið fullvaxin. Ég myndi áætla að hún hafi verið um það bil 21-25 metrar á lengd, sporðurinn einn var líklega um fjórir metrar í þvermál og sýnin er tilkomumikil.“

Steypireyður er farhvalur og ferðast á norðurslóðir eftir æti á vorin og á sumrin. Hafið umhverfis Ísland telst eitt mikilvægasta fæðusvæði steypireyðar.

Dýrin eru þrátt fyrir það ekki algeng sjón en nokkur þeirra hafa vanið komur sínar í Skjálfandaflóa á vorin segir áhöfn Náttfara og er því sumarboði þar fyrir norðan, eins konar lóa þeirra Húsvíkinga að þeirra sögn.

Steypireyður hefur verið alfriðuð frá árinu 1960 og telst vera í útrýmingarhættu. Tegundin hefur ekki náð að rétta úr kútnum eftir ofveiði áður fyrr og telur Hafrannsóknastofnun Íslands að stofnstærðin hér við land nemi um eitt þúsund dýrum. Fjöldinn er 1.500 í öllu N-Atlantshafinu og fjöldi í heiminum er áætlaður vera á bilinu 6.000 til 14.000 dýr. Áætlað er að alheimsstofninn hafi verið um 300.000 dýr áður en hinar gríðarlegu veiðar hófust á 19. öldinni.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**SUMARBOÐI** Nokkur dýr hafa vanið komur sínar í flóann á vorin og eru sumarboðar þeirra fyrir norðan. Helga Kristín myndar steypireyðina. MYND/TORFI FJALAR

> **Fólk fagnaði og hrópaði upp yfir sig þegar steypireyðurin gerði vart við sig. Hún var nálægt okkur og sýndi okkur sporðinn nokkrum sinnum.**
>
> *Helga Kristín Torfadóttir*




## Kemur þér hvert sem er.

Þú ekur áhyggjulaus um á nýjum Touareg. Hin öfluga V6 TDI vél á eftir að vekja sterk hughrif hjá þér og gera aksturinn ógleymanlegan. Leyfðu þér hámarksþægindi, ríkulegan öryggisbúnað og glæsilega hönnun. Leyfðu þér nýjan Volkswagen Touareg.

Nýr Volkswagen Touareg V6 3.0 TDI, verð frá: **9.380.000 kr.**

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SPURNING DAGSINS



Mörður, er góð vísa aldrei of oft kveðin?

**„Aldrei of oft … Meðan þín náð/ lætur vort láð/ lýði og byggðum halda.“**

Mörður Árnason annaðist 92. útgáfu Passíusálmanna. Engin íslensk bók hefur verið prentuð jafnoft.

Grikkir ætla að byrja að endurgreiða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þann 9. apríl:

# Fagnar endurgreiðslum Grikkja

**GRIKKLAND** Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fagnar fréttum af því að stjórnvöld í Grikklandi hyggist endurgreiða hluta af láni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fimmtudaginn.

Yanis Varoufakis, fjármálaráðherra Grikklands, sagði á sunnudaginn að Grikkland myndi standa við allar skuldbindingar gagnvart kröfuhöfum. Þetta sagði hann eftir fund með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington.

Næstum fimm ár eru síðan lánveitingar til Grikklands hófust. Lagarde sagði í yfirlýsingu að það væri sameiginlegur skilningur sinn og Varoufakis að áframhaldandi óvissa um framtíðargreiðslur Grikklands væri óþægileg. Vafi þótti leika á því að Grikkland gæti greitt afborgunina, sem nemur 450 milljónum evra eða sem samsvarar rúmum 66 milljörðum króna.

BBC fréttastofan segir að Grikkir hafi átt í miklum samningaviðræðum á síðustu árum við lánardrottna vegna efnahagsástlunarinnar. - jhh



**FAGNAR** Lagarde telur að áframhaldandi óvissa um framtíðargreiðslur hefði verið óþægileg. NORDICPHOTOS/AFP

Kvikmyndaveisla í Paradís:

# CitizenFour á Shorts & Docs

**MENNING** Óskarsverðlaunamyndin CitizenFour um uppljóstrarann Edward Snowden er ein heimildarmynda Reykjavík Shorts & Docs hátíðarinnar í Bíói Paradís. Leikstjóri myndarinnar, Laura Poitras, verður viðstödd sýningu myndarinnar og með námskeið í heimildarmyndagerð.

Þá verður sýnd Sumé, The Sound of Revolution, fyrsta grænlenska heimildarmyndin í fullri lengd. Hún fjallar um rokkhljómsveitina Sumé. - jhh

Mikil ólga í Tyrklandi:

# Lokað fyrir samskiptamiðla

**TYRKLAND** Dómstóll í Tyrklandi hefur heimilað stjórnvöldum að loka fyrir samskiptavefsíðurnar YouTube og Twitter þar í landi. Þetta er gert til að reyna að koma í veg fyrir dreifingu myndefnis sem tekið var af gíslatöku og umsátri í Istanbúl í síðustu viku.

Þá tóku tveir vopnaðir menn saksóknara í gíslingu og birtu myndir á samskiptamiðlum af gíslatökunni.

Mennirnir létu allir þrír lífið í áhlaupi lögreglu.

Tyrkland er það land sem oftast óskaði eftir því að láta fjarlægja efni af Twitter milli júlí og desember árið 2014. - bá



**MADS GILBERT** Fyrirlestur í Iðnó.

Þekktur fyrir sjálfboðastarf:

# Mads Gilbert ræðir um Gasa

**REYKJAVÍK** Dr. Mads Gilbert, yfirlæknir og prófessor í Tromsö í Noregi, verður með fyrirlestur í Iðnó, fimmtudaginn 9. apríl næstkomandi.

Mads er þekktur fyrir sjálfboðastarf sitt á Gasa. Þar hefur hann starfað með félaga sínum, Erik Fosse skurðlækni, á Shifa-sjúkrahúsinu.

Félagið Ísland-Palestína býður Mads til Íslands.

Í fyrirlestri sínum mun hann fræða Íslendinga um starf sitt á Gasa og aðstæður til lækninga í hörðum átökum á svæðinu. - kbg

# Stjórnendur Landspítala hafa áhyggjur af öryggi

Verkfall hefst á Landspítala í dag. Talið að það muni hafa jafn víðtæk áhrif og læknaverkfallið, meðal annars á þjónustu við ófrískar konur og hjartasjúklinga. Starfandi forstjóri hefur áhyggjur af öryggi sjúklinganna.

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsmenn Landspítala, sem tilheyra fjórum aðildarfélögum innan Bandalags háskólamanna, hefja verkfall í dag. Þetta eru geislafræðingar, lífeindafræðingar, náttúrufræðingar og ljósmæður. Aðgerðir verða enn umsvifameiri á fimmtudaginn þegar samstöðuverkföll fara fram.

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, starfandi forstjóri Landspítala, segir að verkfallið muni hafa verulega truflandi áhrif á starfsemi Landspítalans þann tíma sem það varir. „Þetta er aðeins öðruvísi heldur en læknadeilan, en ég held að þetta hafi ekkert síður áhrif á starfsemi spítalans en læknadeilan hefur haft. Þannig að við eigum svolítið eftir að sjá hvernig næsta vikan þróast,“ segir Guðlaug Rakel í samtali við Fréttablaðið.

Lífeindafræðingar sem starfa á Landspítalanum verða í verkfalli alla daga frá klukkan átta til tólf. Ljósmæður verða í verkfalli á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, en geislafræðingar verða í verkfalli allan tímann.

Guðlaug Rakel segir að fæðingagangurinn á Kvennadeildinni muni starfa eins og flesta daga þar á undan og flestir starfsmenn þar séu á undanþágu. „En þetta mun hafa áhrif á skipulagða keisaraskurði, áhættumæðraeftirlit og svoleiðis. Bráðaþjónustu er sinnt en það sem má bíða það bíður,“ segir Guðlaug Rakel.

Guðlaug segir að verkfallið muni einnig hafa áhrif á hjartaþræðingar. Neyðartilvikum verði sinnt en skipulagðar aðgerðir og annað sem getur beðið, verður látið bíða. „Þannig að það verður heilmikil röskun á starfseminni og þetta mun hafa víðtæk áhrif á starfsemi spítalans og þjónustu við sjúklinga. Þetta er flókin og viðkvæm starfsemi sem er keyrð á fullum afköstum alla daga og þetta hefur mikil áhrif á starfsemina og þjónustu við sjúklinga,“ segir hún.

„Við höfum áhyggjur af öryggi í svona aðstæðum. En við í framkvæmdastjórninni ætlum að hittast í fyrramálið klukkan átta og fara yfir það hvernig dagurinn fer af stað. Síðan fundum við mjög reglulega til að reyna að grípa inn í ef það er eitthvað sem stefnir í, sem við getum gripið inn í. Þannig að við þurfum að vakta þetta frá klukkutíma til klukkutíma,“ segir Guðlaug Rakel.

jonhakon@frettabladid.is



**Á FÆÐINGARDEILD** „Það verður heilmikil röskun á starfseminni,“ segir Guðlaug Rakel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Enginn fundur um páskana



Íslenska ríkið stefndi Bandalagi háskólamanna fyrir Félagsdóm vegna verkfallsboðunar fimm aðildarfélaga. Það eru Ljósmæðrafélag Íslands, Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Stéttarfélag lögfræðinga, Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði og Félag íslenskra náttúrufræðinga. Dómurinn komst að því í gær að verkfallsboðunin væri lögleg. Að auki fara geislafræðingar og lífeindafræðingar í verkfall.

Eftir dóminn kvaðst **Páll Halldórsson**, formaður BHM, fagna úrskurði Félagsdóms en ekki því að félögin þurfi að fara í verkfall á annað borð. Páll gagnrýndi að páskahelginni hefði verið varið í ágreining um lögmæti verkfallsboðunarinnar en að ekki hefði verið boðað til fundar í kjaradeilunni. Ekki náðist í Gunnar Björnsson, formann samninganefndar ríkisins, við vinnslu fréttarinnar í gær.






Sérfræðingar spá köldu sumri á Íslandi og víða í Vestur-Evrópu:

# Kaldari sjór og kaldara loftslag

**VEÐUR** Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa orðið varir við kólnandi og ferskari sjó umhverfis Ísland síðustu ár.

Frétt í Verdens Gang um veðurfar vakti nokkra athygli um helgina. Þar var sagt frá því að sumarið verði líklega ekki gott á Íslandi heldur. Það sé vegna kólnunar sjávar og veikingar ákveðinna hafstrauma í Golfstraumnum.

Í fréttinni er einnig rakið að veður verði líklegast yfir meðallagi í Noregi, gott í Svíþjóð og í Rússlandi en fremur slakt í Bretlandi, Frakklandi og Spáni.

Héðinn Valdimarsson, haffræðingur á Hafrannsóknastofnun, segir margt til í veðurspánni og yfirborðshita sjávar suður af landinu verið undir meðallagi.

„Yfirborðshiti sjávar suður í Atlantshafi hefur verið svolítið undir meðaltali síðustu ára. Þeir byggja sínar spár líklega á því að þessi hiti er svo lágur að við munum verða vör við minni lofthita en við höfum þekkt undanfarin tíu ár,“ segir Héðinn.

Nýlega voru birtar rannsóknir vísindamannsins Stefan Rahmstorf í tímaritinu Nature Climate Change. Rannsóknin fjallar um breytingar á hafstraumum. Þar segir að ferskvatn af bráðnuðum heimskautaís í Norður-Atlantshafi hægi á Golfstraumnum. Kólnun sjávar hafi svo aftur áhrif á loftslag.

Héðinn segir hitabreytingar koma í bylgjum.

„Nýleg dæmi eru hafísárin sem voru 1965 til 1971 þegar hringrás Norðvestur-Atlantshafs breiddi út kaldan og ferskan sjó. Kólnun er ekkert síður að koma vegna þessarar hringrásar. Við erum búin að vera með hlýjan sjó frá aldamótum þar til nú,“ segir Héðinn Valdimarsson. - kbg



**VERÐUR HAGLÉL Í JÚNÍ?** Hver veit? svarar Héðinn Valdimarsson haffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun en víst er þó að kólnun sjávar mun hafa áhrif á loftslag hér á landi. Kuldaskeiðin komi í bylgjum og eitt slíkt sé í vændum. Mynd/Landhelgisgæslan




**YARIS TREND SÉRSTÖK HÁTÍÐARÚTGÁFA AF YARIS Í TILEFNI AF 50 ÁRA AFMÆLI TOYOTA Á ÍSLANDI.**
Yaris Trend er hátíðarútgáfan af einum vinsælasta bíl seinni ára. Hann er með háþróað margmiðlunarkerfi, öruggur, hagkvæmur og lipur í akstri. Hér er hann mættur, enn betur búinn en áður: filmur í rúðum, álfelgur, heilsársdekk og krómlistar að aftan og á hliðum. Hvort sem þú velur bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfuna þá verður hann alltaf ómótstæðilega flottur.

Komdu þér í kynni við Yaris Trend hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

TOYOTA TOUCH & GO — 5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur** verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í apríl**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg opinber störf er lagt til að flytja til Norðurlands vestra?
**2.** Hver er forstjóri hjá Nóa Síríus?
**3.** Hver er formaður breska Verkamannaflokksins?

**SVÖR**

**1.** 130. **2.** Finnur Geirsson. **3.** Ed Miliband

Fyrrverandi forseti Alþingis er ekki sannfærður um ágæti tillögu forsætisráðherra um viðbyggingu:

# Gæti jafnvel truflað ásýnd Alþingishússins

**BYGGINGAR** „Að óathuguðu máli er ég ekki hrifinn af þessu,“ segir Sturla Böðvarsson, fyrrverandi forseti Alþingis, um þingsályktunartillögu um nýja viðbyggingu við þinghúsið.

Sturla fór fyrir vinnu að nýrri viðbyggingu árið 2007, þegar hann var forseti þingsins. Hann segir ljóst að byggja þurfi við þingið, en kveðst óviss um að teikningar Guðjóns Samúelssonar falli að gerð gömlu endurbyggðu húsanna við Alþingisreitinn.

„Það er mikilvægt að fara varlega í framkvæmdum við Alþingisreitinn. Tillagan að kalla Guðjón Samúelsson að borðinu er athyglisverð, en ég er ekki sannfærður um að þetta sé heppilegasti kosturinn. Það var mikið unnið að því í tillögunum 2007 að láta svæðið passa saman. Ég er ekki alveg viss um að þetta falli vel að húsunum sem eru þarna og trufli jafnvel ásýnd Alþingishússins.“

Sturla er þó ekki mótfallinn því að horfa til fortíðar þegar kemur að því að byggja.

„Það er allt í lagi að draga upp gamlar hugmyndir ef þær passa inn á svæðið. Alþingisreiturinn er þess eðlis að það er mjög erfitt. Þess vegna þarf að skoða mjög vel að þinghúsið falli ekki í skuggann af þessari nýbyggingu,“ segir Sturla Böðvarsson - ie



**STURLA BÖÐVARSSON** Hvetur til þess að málið sé skoðað vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FLJÓTSDALSHÉRAÐ** Athuga möguleika á ljósleiðaravæðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjarskipti á Fljótsdalshéraði:

## Vilja tengjast umheiminum

**FJARSKIPTI** Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs vill afla frekari upplýsinga um aðkomu ríkisins að uppbyggingu ljósleiðarakerfis.

Á fundi bæjarstjórnar kom fram mikill áhugi á ljósleiðaravæðingu á Fljótsdalshéraði, „enda þörfin brýn á bættu fjarskiptasambandi á svæðinu“, eins og segir í fundargerðinni.

Þá kom fram að nefndarmenn úr starfshópi innanríkisráðherra um ljósleiðaravæðingu eru væntanlegir á fund bæjarráðs 8. apríl til að ræða aðkomu ríksins að málum. - ie

Ósk Vatnajökulsþjóðgarðs:

## Göngubrú lögð yfir Kolgrímu

**UMHVERFISMÁL** Vatnajökulsþjóðgarður hyggst gera göngubrú yfir ána Kolgrímu, ofan við bæinn Skálafell. Samkvæmt leyfisumsókn til sveitarfélagsins Hornafjarðar verður brúin 58 metra löng og gerð úr 16 millimetra vírum sem verða strekktir milli steyptra undirstaðna.

Brúin á að bera eitt tonn, vera nægilega breið fyrir fjórhól og nógu há til þess að flóð og jakar nái ekki upp í brúargólfið. - gar

# Ný stofnun verði í Skagafirði

Höfuðstöðvar nýs húsnæðislánafélags verða í Skagafirði samkvæmt tillögu nefndar forsætisráðherra. Þetta er þó enn ekki ákveðið segir félagsmálaráðherra. Þingmaður Pírata segist vilja efnisleg rök fyrir staðsetningunni.

**BYGGÐAMÁL** Lagt er til í skýrslu Norðvesturnefndarinnar að höfuðstöðvar nýs húsnæðislánafélags og nýrrar húsnæðisstofnunar verði á Sauðárkróki. Þetta kemur fram í skýrslu nefndarinnar sem send var forsætisráðherra og birt ríkisstjórn þann 12. desember síðastliðinn.

Þann 28. júní árið 2013 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Aðgerðaáætlunin var í tíu liðum til að taka á skuldavanda Íslendinga

Fjórði liður í áætluninni var að skipuð yrði verkefnisstjórn á ábyrgð Eyglóar Harðardóttur félagsmálaráðherra um framtíðarskipan húsnæðismála. Þann 6. maí á síðasta ári voru tillögurnar kynntar.

Ekki er lagt mat á það í skýrslunni hversu margir starfsmenn myndu vinna við hina nýju stofnun. Því myndu þessi störf bætast við þau 130 nýju opinberu störf á NV-landi sem Fréttablaðið hefur áður greint frá.

Eygló Harðardóttir bendir á að ekki sé búið að taka endanlega ákvörðun. Mikilvægt sé að hún verði tekin af yfirvegun.

„Það hefur engin ákvörðun verið tekin um staðsetningu stofnunar sem ekki hefur enn verið samþykkt af Alþingi. Þingið mun síðan koma að því hvar staðsetning þeirrar stofnunar á að vera. Fyrst og fremst mun staðsetning stofnunarinnar ráðast af því hvar hún getur á sem auðveldastan hátt sinnt störfum sínum sem best fyrir alla landsmenn,“ segir Eygló. „Mitt verkefni er að koma frumvarpinu í gegnum þingið fyrst.“

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir efnisleg rök þurfa að vera til staðar áður en staðsetning opinberra stofnana er ákveðin.



**SAUÐÁRKRÓKUR** Samkvæmt tillögu nefndar á vegum forsætisráðherra munu um eitt hundrað störf færast til Skagafjarðar á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það getur vel verið að rökin séu til staðar, ég veit það ekki, en við verðum að ræða þetta í rólegheitum,“ segir Helgi.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, tekur í sama streng.

„Það er skrítið ef búið er að ákveða staðsetningu höfuðstöðva áður en stofnun er sett á fót,“ segir Árni Páll, sem kveður staðsetninguna hljóta að ráðast af eðli starfseminnar.

„Það er engin leið að byggja byggðastefnu upp á hreppaflutningum og kjördæmapoti af þessu tagi,“ heldur Árni Páll áfram. „Svona aðgerðir munu aldrei duga til að skapa nein störf til framtíðar, því um þetta verður stöðug togstreita og ágreiningur. Það þarf samstöðu um uppbyggingu opinberrar starfsemi vítt og breitt um land, en ekki svona hreppaflutninga.“

sveinn@frettabladid.is



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**



**HELGI HRAFN GUNNARSSON**



> **Fyrst og fremst mun staðsetning stofnunarinnar ráðast af því hvar hún getur á sem auðveldastan hátt sinnt störfum sínum sem best fyrir alla landsmenn.**
>
> *Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra.*





# NÁTTÚRUHLAUP

## Arctic Running og 66°NORÐUR

## Kynningarfundur í kvöld kl. 20 í verslun 66°NORÐUR í Faxafeni 12.

Náttúruhlaup sameina mikla hreyfingu, útivist og náttúruupplifun og eru góð leið til að sjá landið á nýjan hátt. Þátttakendur fá fræðslu, æfingaáætlun og leiðsögn þaulreyndra hlaupara og kynnast spennandi hlaupaleiðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

- **10 vikna hlaupanámskeið.**
- **Hlaupaþjálfun og leiðsögn á vegum Arctic Running.**

***Leiðbeinendur eru Birkir Már Kristinsson og Elísabet Margeirsdóttir.***

Fyrir skráningu og frekari upplýsingar heimsækið www.natturuhlaup.is, sendið tölvupóst á info@arcticrunning.is eða hringið í síma 857-9797.

---





**La Sportiva Helios hlaupaskór**
Léttir hlaupaskór sem eru hannaðir fyrir hlaup á slóða og götu. **Verð 23.900 kr.**



**La Sportiva Bushido hlaupaskór**
Tæknilegir skór fyrir fjallahlaup, innan og utan slóða. **Verð 26.500 kr.**

**Grettir Hlaupabuxur**
Léttar hlaupabuxur sem anda vel.
Herra- og dömusnið. **Verð 9.900 kr.**

Arctic running

66° NORÐUR



**VIÐ LÍKHÚSIÐ** Íbúar í Garissa ganga upp að gluggum líkhússins til að bera kennsl á látna eftir fjöldamorðin í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Loftárásir Keníahers á Al Shabaab í Sómalíu:

# Fjöldamorða hefnt

**KENÍA** Herþotur frá Kenía hafa varpað sprengjum á búðir Al Shabaab-hreyfingarinnar í Sómalíu. Þetta eru fyrstu viðbrögð hersins við fjöldamorðunum í háskóla í Kenía í síðustu viku.

„Skilaboðin eru mjög skýr: Við verðum að taka á þessu vandamáli í eitt skipti fyrir öll,“ sagði Uhuru Kenyatta, forseti Kenía, á mánudaginn, en hann hafði heitið því að hefna fyrir fjöldamorðin af fullri hörku.

Nærri 150 manns voru myrtir í Garissa-háskólanum, flestir háskólanemar sem árásarmenn frá Al Shabaab höfðu tekið í gíslingu og haldið í 15 klukkustundir.

Al Shabaab-hreyfingin hefur undanfarin ár gert árásir innan landamæra Kenía og sagt þær gerðar í hefndarskyni fyrir þátttöku Keníahers í aðgerðum gegn Al Shabaab í Sómalíu.

> **Skilaboðin eru mjög skýr: Við verðum að taka á þessu vandamáli í eitt skipti fyrir öll.**
>
> *Uhuru Kenyatta, forseti Kenía.*

Fjölmiðlar í Kenía birtu í gær nafn eins árásarmannanna, sem stóðu að fjöldamorðunum í Garissa-háskólanum. Sá er sagður hafa heitið Abdirahim Abdullahi og hafa verið eldklár og upprennandi lögfræðinemi sem skyndilega sneri við blaðinu og gekk til liðs við Al Shabaab í Sómalíu. - gb

# Íbúar Kaliforníu spara við sig vatnið

**Ríkisstjóri Kaliforníu segir hlýnun jarðar vera alvörumál sem Kaliforníubúar þurfi nú að kljást við. Grípa þurfi til róttækra aðgerða til að draga úr vatnsnotkun.**

**BANDARÍKIN** „Þetta krefst aðgerða og breytingar á hegðun fólks allt frá landamærum Oregon suður til landamæra Mexíkó,“ segir Jerry Brown, ríkisstjóri Kaliforníu, um nýjar reglur um vatnsnotkun í Kaliforníu.

Í síðustu viku skipaði hann svo fyrir að draga eigi úr vatnsnotkun í ríkinu um 25 prósent vegna hinnar miklu þurrkatíðar, sem verið hefur í landinu þrjú ár í röð.

„Þetta hefur áhrif á grasflatirnar okkar og þetta hefur áhrif á fólk, hve lengi fólk getur verið í sturtu og hvernig fyrirtæki nota vatn,“ hafa fjölmiðlar eftir ríkisstjóranum.

Eftir þrjú erfið þurrkaár í röð spá veðurfræðingar því nú að þetta ár verði hið fjórða í röðinni, og það verði enn verra en þrjú síðustu árin.



**ÞURRKATÍÐ** Tóm vatnsþró í hæðunum fyrir ofan Los Angeles. NORDICPHOTOS/AFP

„Ég get sagt ykkur það, héðan frá Kaliforníu, að loftslagsbreytingarnar eru ekkert plat,“ sagði hann í sjónvarpsviðtali á sunnudaginn. „Við erum að takast á við þær, og þær eru andskoti alvarlegar.“

Þurrkatíð er ekki óalgeng í Kaliforníu en langt er síðan fjögur erfið þurrkaár hafa komið í röð. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða þátt hlýnun jarðar á í þessu ástandi, en þó er vitað að hlýnunin gerir þurrkana erfiðari viðureignar en annars væri, bæði vegna þess að vatn gufar hraðar upp úr vatnsbólum og jarðvegi og vegna þess að aukinn hiti eykur líkurnar á gróðureldum.

Í síðasta mánuði skrifaði Jay Famiglietti, vísindamaður hjá bandarísku geimferðastofnuninni NASA, grein í dagblaðið Los Angeles Times þar sem hann spáir því að vatnsbirgðir Kaliforníu muni duga til eins árs. Hann segir vandann mega rekja lengra aftur í tímann en til síðustu þriggja þurrkaára.

„Gögn NASA benda til þess að heildarvatnsforði í Kaliforníu hafi verið að minnka jafnt og þétt að minnsta kosti frá árinu 2002, þegar eftirlit úr gervihnöttum hófst,“ skrifar Famiglietti.

Einungis lítið brot af öllu því vatni, sem Kaliforníubúar nota, fer til daglegrar neyslu á heimilum og í fyrirtækjum. Megnið fer til landbúnaðar, en í Kaliforníu er framleiddur helmingurinn af öllum þeim ávöxtum og öllu því grænmeti sem framleitt er í Bandaríkjunum.

gudsteinn@frettabladid.is



*340 kr. greiðslugjald leggst við hvern mánuð ef greiðslum er dreift á kreditkort.



**ÓTTI VIÐ VERKFÖLL** Agnes M. Sigurðardóttir segir að það geti verið erfitt að bægja óttanum frá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Páskapredikun frú Agnesar:

# Hefur áhyggjur af verkföllum

**TRÚMÁL** Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, gerði fátækt og boðuð verkföll að umtalsefni í predikun sinni á páskadag.

„Það er slæmt að láta óttann stjórna sér, en það getur verið erfitt að bægja honum frá þegar andstreymi mætir. Næstu dagana eru boðuð verkföll hér á landi. Margir óttast að þau geti orðið langvinn og erfið,“ sagði hún.

Hún bætti því við að það væri óásættanlegt að í okkar fámenna þjóðfélagi skuli vera fjölskyldur sem ekki sjá fram á bjarta framtíð börnum sínum til handa. „Það er óásættanlegt að unga fólkið hafi ekki jöfn tækifæri til náms og þroska,“ sagði Agnes. - jhh



**LÖGREGLAN** Það var eins og gleðin hefði færst í heimahús eftir lokun skemmtistaða á páskadagsnótt. FÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margir gistu fangageymslur:

# Þrjár árásir á einni nóttu

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt mánudags en árásirnar áttu sér stað í miðborg Reykjavíkur. Þá voru þrír ökumenn handteknir grunaður um akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna.

Tveir voru handteknir grunaður um vörslu fíkniefna en mennirnir voru að sögn lögreglu í afar annarlegu ástandi.

Þá voru allir fangaklefar setnir aðfaranótt páskadags. Þrátt fyrir að skemmtistaðir hafi allir lokað fyrir þrjú er eins og gleðin hafi færst í heimahús. - bá, jhh

Verða á Silverstone í júlí:

# Nemar í HÍ með nýjan bíl

**VÍSINDI** Verkfræðinemar við Háskóla Íslands afhjúpa TS15, nýjan kappakstursbíl, á Háskólatorgi á fimmtudaginn.

Team Spark-liðið, eins og það kallast, fer með bílinn nýja í alþjóðlegu kappaksturs- og hönnunarkeppnina Formula Student sem haldin verður á Silverstone-kappakstursbrautinni í Englandi í júlí.

Um 40 nemendur í verkfræðideildum Háskóla Íslands hafa frá því í haust unnið að þróun og smíði kappakstursbílsins TS15. Meðal annars í samstarfi við nemendur úr Listaháskóla Íslands. - jhh

Gestir á ráðstefnunni Marcum MicroCap geta spurt lykilleikendur í hruninu hvað fór úrskeiðis:

# Forstjórinn tjáir sig um rekstur Lehman

**BANDARÍKIN** Dick Fuld, fyrrverandi forstjóri bankans Lehman Brothers, mun halda ræðu á Marcum MicroCap-ráðstefnunni í New York í lok næsta mánaðar.

Í frétt The Times kemur fram að efni fyrirlestrarins kunni að vera umdeilt en Fuld mun halda fyrirlestur um það hvernig Lehman varð að „leiðandi fjárfestingabanka“ og „um valda kafla bankakreppunnar“.

Þetta er í fyrsta skiptið frá árinu 2008 sem Fuld kemur opinberlega fram, en Lehman-bankinn fór í greiðsluþrot 15. september 2008. Hann bar vitni fyrir þingnefnd í október 2008 og var þá spurður af hverju bankanum var leyft að falla. „Ég mun velta því fyrir mér þangað til ég verð jarðaður,“ svaraði Fuld.

Frá þeim tíma hefur Fuld látið lítið fyrir sér fara. Hann stofnaði lítið ráðgjafafyrirtæki sem hann kallar Matrix Advisors. Þótt hann hafi tapað hundruðum milljóna Bandaríkjadala í hruninu er hann enn í dag auðugur maður. Hann á fasteignir í Greenwich í Connecticut, búgarð í Sun Valley í Idaho og fimm svefnherbergja hús á Flórída.

Time segir að á umræddri ráðstefnu muni gestir geta spurt lykilleikendur í hruninu um það hvað fór úrskeiðis, þótt dagskráin eins og hún líti út núna, bendi til þess að Fuld verði líka spurður út í fjármálamarkaði eins og þeir líta út í dag. - jhh



**RICHARD FULD** Lehman fór í greiðsluþrot í september árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**SVONA ERUM VIÐ**



**50** innflutningsleyfi fyrir skrautfiskum og ýmsum vatnadýrum voru veitt árið 2014.


Öflugt D-Vítamín MUNNSPREY

Einfalt í notkun

Gott Bragð

Vörn gegn kvefi og flensu



Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.


# Sýkingin í síldinni drap um 500 þúsund tonn árið 2008

Stofn íslensku sumargotssíldarinnar minnkaði um rúmlega helming vegna sýkingar í stofninum árið 2008. Síldin er nú úr hættu og lítið um nýsmit um árabil. Sýkingin drap tíu sinnum meira en drapst í Kolgrafafirði.

**NÁTTÚRA** Sýkingin sem kom upp í íslenska sumargotssíldarstofninum haustið 2008 keyrði stofninn niður úr 900 þúsund tonnum í 400 til 500 þúsund tonn. Lítið sem ekkert nýsmit hefur átt sér stað síðan haustið 2010 og sýkingin úr sögunni.

Í ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma er sagt frá hinni umfangsmiklu sýkingu sem varð af völdum sníkjudýrsins Ichthyophonus hoferi (hnyð) haustið 2008 og var það í fyrsta skipti sem slík farsótt var staðfest hér við land. Ekki fyrr en fjórum árum eftir smitið komu fram ótvíræðar vísbendingar um að faraldurinn væri í rénun og horfur með styrkingu veiðistofns vænkuðust með tilkomu sterkra, lítið sýktra árganga.

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar sýna þetta ótvírætt og að sýkingarhlutfall í stofninum er tengt árgöngum, þar sem 2004-2006 árgangarnir hafa haft langhæsta hlutfallið og árgangur 2008 og yngri nánast ósýktir. Stofnunin hefur ályktað að sýkingin innan stofnsins hafi nánast ekkert þróast eða ágerst sem bendir til þess að síld með sýkingareinkenni drepist ekki af hennar völdum og viðbótardauði í stofninum af völdum sýkingarinnar sé því enginn.

Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun, telur að vandamálið með sýkingu síldarinnar sé úr sögunni. Sérstakar aðstæður hafi greinilega skapast á þeim árum sem árgangar sýktust að stóru leyti. Sérstaðan hér miðað við áður þekkta faraldra í til dæmis Norðursjó, sem hafa að öllu jöfnu staðið yfir í 3-5 ár, er að hér var sýkingin þaulsetnari. Hafa sérfræðingar varpað fram þeirri tilgátu að kaldari sjór hér við land hafi valdið því að sýkingin hafi tekið heldur lengri tíma að ganga yfir en áður hefur þekkst í hlýrra farvatni.



**KAP AÐ VEIÐUM** Óttast var um mengun dræpist sýkt síld í Vestmannaeyjahöfn og var hún veidd með sérstöku leyfi. MYND/ÓSKAR

Sumargotssíldin hefur orðið fyrir fleiri áföllum, en eins og alþjóð veit drápust rúmlega 50.000 tonn samtals í síldardauðanum mikla í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi um miðjan desember 2012 og aftur í febrúar 2013.

Vetursetа síldarinnar hefur nú breyst, og heldur stofninn sig ekki nær alfarið inni á Breiðafirði. Á liðnum vetri héldu aðeins um 70 þúsund tonn til í Kolgrafafirði miðað við allt að 300 þúsund tonn árin á undan.

Gísli telur breytta vetrarsetu góðar fréttir í tvennum skilningi. Hætta á síldardauða innan fjarðar í Kolgrafafirði er úr sögunni og ekki síður minni líkur á mikilli sýkingu sem að hluta til verður rakin til þess að síldin bunkar sér upp á litlu svæði.



GÍSLI JÓNSSON

➜ Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun, telur að vandamálið með sýkingu síldarinnar sé úr sögunni.

svavar@frettabladid.is


KIA

Ábyrgð fylgir!

Fjórhjóladrifnir með reynslu

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 39 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.990.000 kr.

Bílafjármögnun Landsbankans

Afborgun aðeins 44.900 kr. á mánuði m.v. 2.495.000 kr. útborgun og 50% bílalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,16% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.




Kia Sportage EX

Árgerð 2/2013, ekinn 47 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.790.000 kr.




Kia Sportage EX

Árgerð 2/2013, ekinn 33 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.790.000 kr.




Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 56 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.890.000 kr.




Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 56 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.890.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartími:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16



**LEIKSKÓLINN LÉT VITA** Grunur kviknaði á leikskólanum vegna þess að Sveinn Gauti sýndi nokkur einkenni sem gætu átt við einhverfu. Þórhildur viðurkennir að það hafi verið áfall að fá þessa greiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/Valli

# Vekja athygli á einhverfu

Átakið Blár apríl er nú haldið í annað sinn. Í fyrra söfnuðust 4,5 milljónir sem notaðar voru til að kaupa sérkennslugögn fyrir grunnskóla landsins. Móðir drengs með einhverfu segir mikilvægt að börn greinist sem fyrst.

**SAMFÉLAG** Blár apríl, vitundarvakning um einhverfu, er nú haldinn í annað sinn af Styrktarfélagi barna með einhverfu.

„Félagið var stofnað fyrir tveimur árum, við tókum fyrsta árið til að undirbúa og í fyrra héldum við í fyrsta skipi Bláan apríl, þá var aðalmálið að koma þessu málefni á framfæri. Það kom okkur á óvart hvað þetta gekk vel í fyrra. Yfir allt árið söfnuðum við fé sem gerði okkur kleift að kaupa sérkennslugögn fyrir alla grunnskóla í landinu fyrir fjórar og hálfa milljón króna,“ segir Ragnhildur Ágústsdóttir formaður stjórnar félagsins. Ragnhildur á tvo einhverfa drengi, 5 og 8 ára.

Þórhildur Birgisdóttir er einnig í stjórn félagsins en sonur hennar, Sveinn Gauti sjö ára, greindist með einhverfu í kringum tveggja ára aldur.

„Það var leikskólinn sem kveikti á perunni, við erum ótrúlega þakklát þeim fyrir að vera vel vakandi. Þetta var okkar fyrsta barn og við höfðum ekkert að miða við. Þó að ég hafi mikið verið í kringum börn þá var ég algjörlega grunlaus,“ segir Þórhildur.

Grunur kviknaði á leikskólanum vegna þess að, Sveinn Gauti, sýndi nokkur einkenni sem gætu átt við einhverfu. Þórhildur viðurkennir að það hafi verið áfall að fá þessa greiningu. „Ég held að öllum foreldrum bregði við að heyra svona. Þetta var sannarlega áfall og okkur brá mjög enda vissum við lítið um einhverfu.“

Hún segir þau hafa verið þakklát fyrir hversu fljótt hann greindist. Hann fékk svokallaða forgreiningu og því var hægt að fara vinna strax með þau atriði sem þurfti að leggja áherslu á.

Í dag er Sveinn Gauti í Álfhólsskóla í Kópavogi í almennum bekk en einnig einhverfudeild. Að sögn Þórhildar gengur honum vel að fóta sig. Auk þess er hann að æfa handbolta og tennis.

> **Það eru svo margir sem fara í afneitun. Það skiptir miklu máli að fólk loki ekki á þetta og það sé greint eins snemma og hægt er. Þannig að ef það vaknar grunur þá að bregðast við því.**
>
> *Þórhildur Birgisdóttir*

„Það er áskorun fyrir hann að vera í handboltanum. Honum finnst það gaman en getur verið tapsár. Það er algengt hjá börnum með einhverfu, að eiga erfitt með að tapa eða skipta á milli. Við höfum unnið með það síðan hann var lítill.“

Þórhildur segir mikilvægt að fólk sé vakandi fyrir einkennum svo að hægt sé að greina einhverfuna sem fyrst. „Það eru svo margir sem fara í afneitun. Það skiptir miklu máli að fólk loki ekki á þetta og það sé greint eins snemma og hægt er. Þannig að ef það vaknar grunur þá að bregðast við því.“

Í ár er safnað fyrir námskeiðahaldi, annars vegar til þess að geta haldið námskeið fyrir foreldra nýlega greindra barna á einhverfurófi og félagsfærninámskeið fyrir einhverf börn. Fjölmargar byggingar verða lýstar upp í bláu í tilefni af átakinu sem nær hápunkti 10. apríl. Þá eru allir hvattir til þess að klæðast bláu í tilefni dagsins. Hægt er að leggja söfnuninni lið með því að hringja í 902-1010 og gefa þúsund krónur.

**viktoria@frettabladid.is**

**KATLA FUND**
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002 - (the “SICAV“)

**ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS**

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA FUND to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the SICAV on 16 April 2015 at 10.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at 31 December 2014
3. Allocation of the results
4. Discharge to the directors
5. Appointment of the approved statutory auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.

Gakktu fróðari inn í sumarið

Fjölbreytt námskeið á næstunni

**Greinaskrif**

**Hagnýt skrif**
Að koma hugsunum á blað. *Hefst 27. apríl.*

**Hönnun og handverk**

**Andlit/portrett**
Teiknun og málun. *Hefst 13. maí.*

**Fatabreytingar**
*Hefst 21. apríl.*

**Landslagsmálun**
Málun og skissuvinna. *Hefst 13. apríl.*

**Mannslíkaminn/módel**
Módelteikning og málun. *Hefst 11. maí.*

**Olíumálun/litafræði**
*Hefst 15. apríl.*

**Skissuteikning**
*Hefst 20. apríl.*

**Taulitun og tauþrykk**
*Hefst 9. maí.*

**Málmur og tré**

**Hannað og smíðað**
*Hefst 14. apríl.*

**Húsgagnaviðgerðir**
*Hefst 4. maí.*

**Málmsuða grunnur**
*Hefst 20. apríl.*

**Málmsuða framhald**
*Hefst 27. apríl.*

**Trésmíði fyrir konur**
*Hefst 13. apríl.*

**Skipstjórn - vélstjórn**

**ARPA – ratsjárnámskeið**
Grunnnámskeið. *Hefst 13. apríl.*
Endurnýjun. *Hefst 15. apríl.*

**ECDIS**
ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi.
*Hefst 18. maí.*

**GMDSS ROC/GOC**
*Hefst 13. apríl.*

**Hásetafræðsla**
*Hefst 18. maí.*

**Skemmtibátanámskeið**
Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf.
Kennt í fjarnámi. *Hefst 13. apríl.*

**Smáskipanámskeið**
Kennt í fjarnámi. *Hefst 13. apríl.*

**Smáskipavélavörður – vélgæsla**
*Hefst 8. apríl.*

**Tölvur og upplýsingatækni**

**Arduino**
Fyrir byrjendur og lengra komna.
*Hefst 11. maí.*

**AutoCAD**
*Hefst 13. maí.*

**Forritun í C#**
*Hefst 14. apríl.*

**Lightroom myndvinnsla**
*Hefst 27. apríl.*

**Maya grunnnámskeið**
Hönnun og hreyfimyndagerð. *Hefst 14. apríl.*

**PICASA myndvinnsla**
*Hefst 13. apríl.*

**Photoshop**
*Hefst 11. maí.*

**SketchUp þrívíddarteikning**
*Hefst 27. apríl.*

**Tölvuleikjagerð í þrívídd**
*Hefst 13. apríl.*

**Umhverfi og útivist**

**GPS staðsetningartæki og rötun**
*Hefst 18. maí.*

**Reiðhjólaviðgerðir**
*Haldið 9. maí.*

**Veðurfræði og útivist**
*Haldið 7. apríl.*

**Þjóðgarðurinn Þingvellir**
*Haldið 9. maí.*

**Skáning og nánari upplýsingar um fleiri námskeið:**
tskoli.is/namskeid | endurmenntun@tskoli.is
Sími 514 9602 | facebook.com/endurmenntunarskolinn

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Á einhverju verður að byggja traustið:

# Slagur öllum kostnaðarsamur

Allt bendir til þess að í hönd fari einhverjar hörðustu kjaradeilur sem plagað hafa landsmenn í háa herrans tíð. Í dag er allt útlit fyrir að hefjist verkföll hjá fjölda aðildarfélaga Bandalags íslenskra háskólamanna. Á komandi vikum stefnir svo í verkföll fleiri stétta, til dæmis þegar endurteknar hafa verið kosningar um þær hjá aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins.

Einhver furðulegur sofandaháttur virðist í gangi hjá viðsemjendum þessara stéttarfélaga í upphafi samninga. Engu líkara er en að menn hafi sætt sig við tilhugsunina um að til verkfalla þurfi að koma. Sá slagur verður kostnaðarsamur fyrir alla.



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Þannig má taka undir með Páli Halldórssyni, formanni BHM, sem sagði í fréttum í gær „fádæma ábyrgðarleysi“ að boða ekki til fundar í kjaradeilu ríkisins og félagsins yfir páskana. Viðsemjendur BHM hafi fremur kosið að verja dögunum fyrir páskahelgina í dómsal en að reyna að afstýra neyðarástandi. Aðgerðir fimm félaga sem ríkið kærði voru hins vegar um helgina sagðar lögmætar.

Ljóst er að áhrif á starfsemi Landspítalans af verkfallinu nú verða ámóta og af læknaverkfallinu og að enn mun bætast við þann hala verka sem illa hefur gengið að vinna upp eftir þær aðgerðir. Þar á bæ fara nú um fimm hundruð manns í verkfall, geislafræðingar, náttúrufræðingar og ljósmæður og lífeindafræðingar.

Hér hefur verið haldið þannig á málum á vinnumarkaði og í stjórn efnahagsmála að algjört vantraust virðist ríkja. Krafan sem uppi er, um að fólk fái með sómasamlegum hætti dregið fram lífið á lágmarkslaunum, er hvorki fráleit né óréttmæt.

Landsmenn allir eiga hins vegar kröfu til þess að róið sé að því öllum árum að forða verkfallsaðgerðum og að við samningaborðið einhendi sér allir í að ná lendingu.

Það sem á undan er gengið boðar samt ekki gott. Þá er náttúrlega galið að vitandi vits sé gengið að því sem vísu að um „verðbólgusamninga“ verði að ræða. Að hækkanir launa verði yfir línuna mun meiri en íslenskt efnahagslíf fái staðið undir og að stundarávinningur verði einu sinni sem oftar hrifsaður frá fólki á bæði verðbólgubáli og með aukinni vaxtapíningu.

Í verðbólgusamningum tapa allir (og þeir náttúrlega mestu sem sætta sig við minnst, því verðbólgan og vextirnir berja ekkert síður á þeim).

Um leið dugar ekki að ætla byggja hér upp efnahagslíf á baki fólks sem ætlað er að búa við hraksmánarleg kjör. Skýr og trúverðug svör skortir um hvernig hér eigi að tryggja stöðugleika og efla atvinnulíf með þeim hætti að fólk fái dregið hér fram lífið með sómasamlegum hætti.

Ofan á óvissu vegna kjaradeilna bætist nefnilega, og flækir stöðuna, óvissa vegna afnáms gjaldeyrishafta. Seint verður sátt um nýjan forsendubrest sem hætt er við að óstöðugleiki krónunnar verði enn og aftur valdur að. Er nokkuð til of mikils mælst að menn svari því hvernig fara á að?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Alvarleg staða**

Grafalvararleg staða ríkissaksóknara hefur loksins náð eyrum stjórnmálamanna og Ríkisendurskoðun vakti athygli á henni á dögunum. Það er fagnaðarefni að málflutningur Sigríðar Friðjónsdóttur ríkissaksóknara nær athygli þeirra sem á þurfa að hlýða. Stóraukinn málafjöldi hjá saksóknaraembættinu, án þess að brugðist hafi verið við með auknum starfsmannafjölda, leiðir til þess að réttarríkinu er stefnt í alvarlega hættu.



**Forgangsröðunin**

Þessu tengt, þá hafa stjórnmálamenn verið með alls kyns háleitar hugmyndir um þróun réttarkerfisins og eflingu dómstóla. Ekki er langt síðan þáverandi innanríkisráðherra skipaði nefnd til þess að skrifa frumvarp um nýtt millidómstig. Frá sjónarmiðum leikmanns virðist sú hugmynd vera til þess fallin að styrkja stoðir réttarkerfisins. En það virðist þó líka vera augljóst, með jafn fjársvelt réttarkerfi og nú er, að það yrði vart raunhæft að ráðast í kostnaðarsamar grundvallarbreytingar á því. Eðlilegra væri að treysta grundvöll þeirra dómstóla sem við höfum nú þegar.



**Popúlismi í stað forsjár**

Viðbrögð stjórnmálamanna og aðgerðir gagnvart réttarkerfinu eftir bankahrun mótuðust af popúlisma í stað forsjár. Til að mynda var dómurum í Hæstarétti fjölgað tímabundið úr níu í tólf strax eftir hrun á meðan flest eftirhrunsmálin voru á rannsóknarstigi hjá lögreglu. Dómurum fækkaði svo aftur þegar rannsókn málanna var vel á veg komin, sumum þeirra jafnvel lokið, og fleiri dómara var þörf. Það var eflaust rétt ákvörðun hjá Ólöfu Nordal innanríkisráðherra að fresta því að leggja fram frumvarp um millidómsstigið en fjölga þess í stað aftur dómurum um einn.

jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sorgardagur fyrir náttúruvernd

UMHVERFISMÁL



Ólafur Arnalds
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Hinn 1. apríl 2015 var einn mesti sorgardagur í sögu náttúruverndar á Íslandi frá upphafi vega. Þá úrskurðaði „yfirítölunefnd“ að beita megi í Almenninga. Af hverju er úrskurður þessi svona mikil og alvarleg tíðindi? Vegna þess að hann færir gróðurvernd á Íslandi meir en 40 ár aftur í tímann. Hnignað ástand vistkerfa á Íslandi er langstærsta umhverfismál landsins, í raun eru áhrif annarrar landnýtingar oft hjómið eitt í samanburði. Úrskurður meirihluta „yfirítölunefndar“ felur það í sér að bændur geta beitt illa gróið land, sé þar á annað borð einhver gróður. Dómurinn gengur gegn öllum þeim viðmiðum og þekkingu sem Landgræðsla ríkisins hefur lengi haft að leiðarljósi. Minnihluti nefndarinnar, gróðurvistfræðingur að mennt, ályktaði með gjörólíkum hætti. En meirihlutinn úrskurðaði út frá úreltum lögum og úreltum sjónarmiðum án skilnings á vistfræði og ástandi lands. Það var gert án þess að þörf sé á þessari nýtingu fyrir búskap á svæðinu. Þetta er vitaskuld sambærilegt við að henda út trollinu á ónýt fiskimið til að viðhalda veiðirétti.

Staðreyndir málsins á Almenningum eru í raun afar einfaldar. Það er ekki í lagi að beita illa farið og rofið land. Jafnvel þótt þar finnist einhver gróður. Ekki síst þar sem friðun landsins í 20 ár sýnir að fyrri landgæði, algróið land, m.a. annars birkiskógar, endurheimtast með tímanum við friðunina. Meðferð málsins er klassískt dæmi um það sem nefnt hefur verið „aðferðafræði afneitunarinnar“, sem beitt hefur verið á ýmis málefni á borð við loftslagsbreytingar, blýmengun og aðra mengun, sem og reykingar. Sú aðferðafræði einkennist m.a. af þvældum málatilbúnaði og afneitun þar sem augum er beint frá aðalatriðunum. Aðferðafræði sem beitt var áður en stjórnsýslan náði að sigrast á sjónarmiðum „hagsmunaaðila“ og ríkið kom á raunverulegri stjórn á aflamagni fiskitegunda úr sjó.

**➜ Meðferð málsins er klassískt dæmi um það sem nefnt hefur verið „aðferðafræði afneitunarinnar“.**

Sú staða sem nú er uppi er ekki síður áfall fyrir hina mörgu ábyrgu sauðfjárbændur sem beita á gott heilgróið land. Það er ekki þeirra hagur að viðhalda aldagömlum deilum og neikvæðri ásýnd á sauðfjárbeit í landinu. Úrskurðurinn skerpir jafnframt á réttmætri kröfu neytenda dilkakjöts: að það sé upprunavottað. Nú er öllu kjöti blandað saman og neytendum sagt að þetta sé allt jafngott kjöt. Kjötbragðið kann að vera það sama, en sá blær sem úrskurður „yfirítölunefndar“ kemur á framleiðsluna setur óbragð í munn neytandans.

# Al Thani málið og niðurstaða hæstaréttar

DÓMSMÁL



Ingibjörg Kristjánsdóttir

Eiginmaður minn til 30 ára, Ólafur Ólafsson, afplánar nú fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm, fyrir hlutdeild í meintri markaðsmisnotkun í Al Thani-málinu. Það er erfitt að horfa upp á maka sinn dæmdan og sviptan frelsi, hvað þá þegar sannfæringin um sakleysi hans er svo yfirþyrmandi sterk, enda niðurstaða Hæstaréttar byggð á misskilningi.

**Rangur Óli**

Í upphafsforsendum dómsins vísar Hæstiréttur til símtals í gögnum málsins, þar sem fram kemur að ítrekað hafi verið rætt við „Óla" um nákvæma útfærslu viðskiptanna. Hæstiréttur fer mannavillt í rökstuðningi sínum og ályktar að hér sé átt við eiginmann minn, Ólaf Ólafsson, en hið rétta er að um er að ræða lögfræðing með sama fornafni sem er sérfræðingur í lögum um kauphallarviðskipti. Á þessum villigötum ályktar Hæstiréttur að maður minn hafi verið í miðju viðskiptanna á útfærslustigi og unnið við hlið starfsmanna bankans.Á þessu símtali er hvorki byggt af hálfu héraðsdóms né ákæruvaldinu sjálfu, sem bendir til að þeir átti sig á að samtalið er ekki við Ólaf. Þetta gengur hins vegar þvert á framburð hans og allra annarra vitna í málinu. Þessi misskilningur er grafalvarlegur, enda dregur Hæstiréttur mjög víðtækar ályktanir af þessu samtali strax í upphafi og byggir niðurstöðu sína að verulegu leyti á því sem fram kemur í þessu samtali.

**Kunningsskapur til margra ára**

Sem maki Ólafs þekki ég sögu málsins vel. Þeir sem að viðskiptunum stóðu eru mér flestir vel kunnir. Þar er ég að tala um Al Thani-frændur og aðstoðarmenn þeirra. Sheik Sultan Al Thani hefur, ásamt lögmanni og ráðgjafa, verið gestur á heimili mínu á Íslandi og erlendis og ég hef hitt þá við ýmis tækifæri. Mér var fullkunnugt um áhuga þeirra á Kaupþingi banka og þá miklu vinnu sem fór af stað í kjölfarið við að koma viðskiptunum á.

Það kom mér því spánskt fyrir sjónir að íslenskir fjölmiðlar virtust í fyrstu telja að þeir frændur, Sultan og Muhammed Al Thani, væru „huldumenn" og í raun tilbúningur. Síðar meir, þegar ljóst var orðið að þessir menn væru af holdi og blóði og tilheyra fjölskyldu emírsins í Katar, þá var glæpurinn orðinn samantekin ráð Al Thani-fjölskyldunnar, stjórnenda Kaupþings og Ólafs, leikrit sett á svið í þeim tilgangi að villa um fyrir fjárfestum á Íslandi. Mér er óskiljanlegt hvernig hægt er að ímynda sér, í ljósi efnahagslegrar og félagslegrar stöðu þeirra frænda, að þeir hafi verið tilbúnir að hætta nafni sínu og mannorði með þátttöku í sýndarviðskiptum og óheiðarlegu braski. Allt án nokkurs mögulegs ávinnings fyrir þá sjálfa.

**Lykilvitni ekki kölluð fyrir dóm**

En ef við gefum okkur að ákæran sé sannleikanum samkvæm, þá hljóta þessir menn að vera jafn sekir og aðrir er tengjast málinu. Al Thani-frændur hljóta þá í öllu falli að vera gríðarlega mikilvæg vitni og því nauðsynlegt að fá fram eiðsvarinn vitnisburð þeirra í réttarsal. Sérstakur saksóknari lætur sér þess í stað nægja að taka viðtal við þá í London, að verjendum ákærðu fjarstöddum. Framburður þeirra um að þeir hafi verið einu kaupendurnir í þessum viðskiptum er í ofanálag virtur að vettugi í dómi Hæstaréttar. Hvað hræddi menn frá því að fá fram þeirra sýn á þetta stærsta efnahagsbrotamál Íslands? Sú staðreynd að þeir hafa gert upp skuldir sínar við bankann og greitt slitastjórn Kaupþings fleiri milljarða króna hefur einnig furðulítið gildi í meðferð Hæstaréttar. Greiðslurnar endurspegluðu margra milljarða áhættu Al Thani af viðskiptunum sem var umtalsvert meiri en tíðkaðist í hlutabréfaviðskiptum á þessum tíma. Samkvæmt dómi Hæstaréttar voru þessir þrautreyndu viðskiptamenn að taka á sig þá áhættu að verulegu leyti fyrir mann minn, án endurgjalds.

**Ný aðferðafræði Hæstaréttar / Dómur Hæstaréttar**

Þrátt fyrir að Al Thani-málið lenti snemma í brennidepli í umræðu sem mótaðist af miklum tilfinningahita og reiði sem kom í kjölfar bankahrunsins, þá stóð ég alltaf í þeirri trú að opinber umræða myndi ekki hafa úrslitaáhrif á faglega vinnu dómara Hæstaréttar. Ég trúði því og treysti að þeir stæðu fast á gildum réttarríkisins að viðlögðu drengskaparheiti sínu. Niðurstaða Hæstaréttar kom því sem reiðarslag og gengur gegn gögnum málsins.

➜ **Dómarar fara þarna ótroðnar slóðir, klæðast allt í senn fötum rannsakenda, saksóknara og dómara.**

Það sem er undarlegt við dóm Hæstaréttar er að hann endurskoðar ekki dóm héraðsdóms eins og lög gera ráð fyrir, heldur vinnur nýtt mál upp úr málskjölum og býr til nýjan dóm, sem byggður er á allt öðrum forsendum en dómur héraðsdóms. Dómarar fara þarna ótroðnar slóðir, klæðast allt í senn fötum rannsakenda, saksóknara og dómara. Þessu má líkja við að við hefðum bara eitt dómstig í landinu, eitt dómstig sem fjallar ekkert um varnir sakborninga; grundvallarmannréttindi okkar allra.

Afleiðingar þessa ‚nýja vinnulags' Hæstaréttar eru óumflýjanlega þær að mistök eiga sér stað. Við einfaldlega getum ekki sætt okkur við að Hæstiréttur Íslands dæmi menn í margra ára fangelsi á grundvelli misskilnings.

Eftir að dómur féll heyrðust háværar raddir um að Hæstiréttur hafi talað og nú skuli menn láta staðar numið. Jafnvel hefur heyrst að gagnrýni á niðurstöðu Hæstaréttar sé aðför að réttarríkinu.

En er það svo? Er ekki frelsið til að tjá sig, gagnrýna og segja skoðun sína, einn af hornsteinum réttarríkisins? Er ekki öllum grundvallarstoðum samfélagsins hollt að vera undir vökulu auga þegnanna? Að mínu mati er þöggun um jafnmikilvægt málefni hættuleg samfélaginu, hættuleg leið til að komast upp með ofbeldi af verstu tegund.

## AF NETINU

### Dúllurnar í Pírötum



Sjálfur hef ég hins vegar alltaf verið þeirrar skoðunar að Píratar séu óskaplegar dúllur á þingi. Sjaldnast skil ég þá almennilega, en það skrifast örugglega á mitt takmarkaða heilabú.

Hins vegar var ég fyrir löngu búinn að taka eftir afstöðuleysi þeirra þegar kom að atkvæðagreiðslum. Skýringin er núna komin. Þeir hafa ekki tíma til að kynna sér öll mál og vilja því frekar sitja hjá heldur en að greiða atkvæði út í loftið.

Þetta er góð og gild ástæða, en hefur hins vegar ekki komið í veg fyrir að Píratar séu þaulsetnir í ræðustól þingsins, þar sem þeir tjá sig um öll heimsins mál. Þegar kemur að atkvæðagreiðslum um sömu mál eru þeir hins vegar svo illa að sér um þau að ekki er hægt að greiða atkvæði.

**www.eyjan.is**

*Karl Garðarsson*

Ég lofa Drottin sem gefur mér ráð, jafnvel um nætur er ég áminntur hið innra.
www.versdagsins.is

# Er ekki vitlaust gefið?

STJÓRNMÁL



**Páll Valur Björnsson** þingmaður Bjartrar framtíðar

Allir þurfa þak yfir höfuðið, er stundum sagt. Það er svo sjálfsagt í okkar kalda landi að það ætti ekki þurfa að taka það fram og svo stendur líka skýrum stöfum í íslensku stjórnarskránni að allir skuli njóta friðhelgi heimilis.

En hvernig er þetta hjá okkur? Samkvæmt nýjum upplýsingum sem hagdeild Landsbankans hefur tekið saman hefur raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 12,4% á síðustu 12 mánuðum. Líklegt er því að leiguverð fyrir íbúðarhúsnæði hafi hækkað álíka mikið.

Ég er ekki sérstaklega mikill reiknishaus en mér sýnist samkvæmt þessu að íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem kostaði u.þ.b. 30 milljónir króna fyrir einu ári kosti nú um 33 milljónir og sex hundruð þúsund krónur. Verðmæti hennar hefur því aukist um 3,6 milljónir króna á einu ári. Sá sem hefur átt svona íbúð hefur m.ö.o. fengið sem nemur um 300 þúsund krónum á hverjum mánuði undanfarið ár vegna þessarar verðhækkunar.

Og þá er ekki tekið með í reikninginn það sem ætla má að eigandi íbúðarinnar hafi fengið vegna svonefndrar „skuldaleiðréttingar" ríkisstjórnarinnar. En eins og kunnugt er ákvað ríkisstjórnin að taka u.þ.b. 80 milljarða króna úr sameiginlegum sjóðum okkar allra og skipta þeim milli þeirra sem áttu íbúðarhúsnæði. Þeir sem ekkert húsnæði eiga fengu hins vegar ekki neitt af þeim milljörðum. Þó eiga þeir ríkissjóð með öðrum þeim sem í þessu landi búa og greiða til hans skatta og skyldur eins og lög gera ráð fyrir.

Hversu margir af þeim sem lægstu launin hafa skyldu vera í hópi þeirra sem lítið eða ekkert eiga og ríkisstjórnin taldi því óverðuga að fá svolítið af þessum 80 milljörðum? Er það ekki fólkið sem kallar á að lágmarkslaun þeirra verði 300 þúsund á mánuði. Hvernig skyldi því ganga að kaupa eða leigja íbúð; að koma sér þaki yfir höfuðið? En 300 þúsund krónur á mánuði er einmitt sama fjárhæð og 30 milljóna króna íbúðin á höfuðborgarsvæðinu hækkaði í verði á hverjum mánuði síðastliðið ár samkvæmt útreikningum Landsbankans.

Sjávarútvegur hefur, sem betur fer gengið vel að undanförnu. Hann hefur skilað eigendum sjávarútvegsfyrirtækja og stjórnendum þeirra miklum arði og góðum launum. Það er auðvitað mjög gleðilegt að vel skuli ganga að skapa arð og græða peninga. Við, þjóðin, sem eigum þessa auðlind saman veitum þessum aðilum sem þessi fyrirtæki reka einkarétt til þess að veiða og vinna verðmæti úr henni. Hvað finnst okkur um það að þessir sömu aðilar sem hafa þennan einkarétt skuli ekki borga þeim sem vinna í landvinnslunni að lágmarki 300 þúsund krónur í mánaðarlaun?

Er ekki augljóst að hér er vitlaust gefið?

**Mér finnst það!**

Mér finnst það vera til háborinnar skammar fyrir eigendur útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslustöðva og stjórnendur þeirra. Og ekki bara þá. Mér, sem einum af eigendum fiskveiðiauðlindarinnar, finnst þetta vera til skammar fyrir mig; fyrir okkur öll, þjóðina alla.

Ég vil að þessu verði strax breytt og að arðinum sem verður til í sjávarútvegi við nýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar verði skipt með eðlilegri og sanngjarnari hætti þannig að allir þeir sem starfa við að skapa þann arð fái fyrir það laun sem duga til að koma sér þaki yfir höfuðið. Geti keypt eða leigt húnsæði og þannig komið sér upp heimili fyrir sig og börnin sín og notið þar þeirrar friðhelgi sem stjórnarskráin mælir fyrir um.

Erum við landsmenn allir, sem eigendur fiskveiðiauðlindarinnar ekki sammála um það?



†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og systir,

**KRISTÍN SVAVA AGNARSDÓTTIR**
**frá Ísafirði,**

sem lést þann 31. mars síðastliðinn
verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju,
fimmtudaginn 9. apríl kl. 13.00.

**Svavar Garðarsson** **Guðlaug Björnsdóttir**
**Agnes Margrét Garðarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn**
**Agnes Agnarsdóttir**
**Hjaltlína Agnarsdóttir**
**Erna Agnarsdóttir**
**Margrét Martinez Agnarsdóttir**
**Sigmundur Agnarsson**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi,
sonur og bróðir,

**ÞORBJÖRN ÁGÚST ERLINGSSON**
**kvikmyndagerðarmaður,**

lést á heimili sínu í Reykjavík síðastliðinn
laugardag 28. mars. Útförin fer fram frá
Fríkirkjunni Reykjavík föstudaginn 10. apríl kl. 13.00.

**Með þökk fyrir alúð líknardeildar og vina,**
**Hneta Rós Þorbjarnardóttir** **Styrmir Guðmundsson**
**Freyja Styrmisdóttir** **Ýmir Styrmisson**
**Margrét Þorbjörnsdóttir** **Alma Ariana Silva**
**Jóhann Þorbjörnsson** **Jónína H. Ólafsdóttir**
**Jóhanna og Erling**
**Karl og Irma Erlings** **Rósa og Jónas Erlings**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**SVALA EIRÍKSDÓTTIR**
**PÉTURSDÓTTIR**
**Hjarðarhaga 48, Reykjavík,**
**áður Grund við Grímsstaðaholt,**

lést fimmtudaginn 26. mars síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 9. apríl kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Karl Sigurjón Hallgrímsson** **Elínborg Einarsdóttir**
**Sigþór Sævar Hallgrímsson** **Erla Sighvatsdóttir**
**Matthildur Sjöfn Hallgrímsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

†



Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**VALDIMAR TÓMASSON**
**Suðurtúni 19,**
**Álftanesi,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ,
þriðjudaginn 24. mars. Útförin fer fram
frá Neskirkju þriðjudaginn 7. apríl kl. 15.00.

**Guðrún Júlíusdóttir**
**Sólborg Valdimarsdóttir**
**Einar Ingi Valdimarsson** **Alda Ingibergsdóttir**
**Þórarinn Valdimarsson** **Veronica Valdimarsson**
**Guðrún Sigríður Loftsdóttir** **Skarphéðinn Þór Hjartarson**
**stjúpbörn, tengdafaðir, barnabörn og langafadrengur.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**HULDA S. SIGURÐARDÓTTIR**
**Klapparstíg 3,**
**Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík
miðvikudaginn 8. apríl kl. 13.00.

**Jón Þ. Gíslason** **Diljá M. Gústafsdóttir**
**Guðmunda Þ. Gísladóttir** **Haraldur R. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Davíð
útfararstjóri



Óli Pétur
útfararstjóri

ÚTFARARÞJÓNUSTA
Davíðs Ósvaldssonar ehf.

**551 3485 • udo.is**



**AFMÆLISBARNIÐ** „Ég er fyrsta kynslóð minnar fjölskyldu sem er borgarbarn,“ segir Steinunn Valdís. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Finnst þetta afmæli vera talsverð tímamót

Steinunn Valdís Óskarsdóttir hefur hingað til ekki haft tíma til að staldra við þó tugaafmæli yrðu á vegi hennar. Í dag stendur hún á fimmtugu og finnst það merkilegt skref.

„Við ætlum að vera með fjölskylduboð hér heima í kvöld en svo hyggjumst við Óli að halda sameiginlega upp á afmælin okkar í byrjun júní. Hann varð fimmtugur 7. janúar og ég núna 7. apríl þannig að þetta verður 100 ára afmæli og vonandi garðveisla,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu og fyrrverandi borgarstjóri. Sá Óli sem hún talar um er auðvitað eiginmaðurinn, Ólafur Grétar Haraldsson.

Steinunn er fædd á mölinni en segir rætur sínar utan af landi. „Pabbi var úr Svarfaðardal og mamma af Snæfellsnesinu þannig að ég er fyrsta kynslóð minnar fjölskyldu sem er borgarbarn. Hef alltaf átt heima í Laugarneshverfinu nema þegar ég var í útlöndum að vinna eða lesa og meðan ég var í háskólanum, þá bjó ég í miðbænum.“

Innanríkisráðuneytið hefur notið starfskrafta Steinunnar frá haustinu 2011. Hún kveðst kunna verunni þar ákaflega vel og lýsir helstu viðfangsefnunum. „Ég sé um samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun og Neytendastofu. Svo hef ég líka verið með risavaxið verkefni sem er að stýra byggingu fangelsisins á Hólmsheiði, fyrir hönd ráðuneytisins. Ég hef fengið að fylgja því verkefni frá því efnt var til hugmyndasamkeppni um bygginguna milli arkitekta og nú verður hún fullkláruð í lok árs. Þar nýtist reynsla mín frá Reykjavíkurborg í að leiða saman fólk með ólíkar skoðanir að ákveðnu verki og líka í skipulags- og byggingarmálum. Sú reynsla var ekki til staðar í ráðuneytinu þegar ég kom og í stað þess að kaupa hana var ég sett í þetta verkefni.“

Steinunn er ánægð með lífið og tilveruna. „Ég hef aldrei hugleitt hugtakið aldur fyrr en núna. Ég held það sé vegna þess að ég hef alltaf haft svo brjálæðislega mikið að gera gegnum tíðina. Ég varð þrítug og svo allt í einu fertug og það var aldrei tími til að staldra við. Núna er ég orðin fimmtug, góður tími að baki og örugglega enn betri tími fram undan og mér finnst þetta afmæli vera talsverð tímamót.“

Fyrir utan stóru afmælisveisluna í sumar segir Steinunn þau Óla farin að skipuleggja veiðiferðir sumarsins. „Þær eru helsta áhugamál fjölskyldunnar,“ upplýsir hún en spurð hvort þau sitji við fluguhnýtingar á kvöldin, svarar hún: „Við höfum stundum gert það en það er bara svo mikið drasl í bílskúrnum núna!“

gun@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

*Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi*



*Elín Sigrún Jónsdóttir* framkvæmdastjóri
*Þorsteinn Elísson* útfararþjónusta
*Snævar Jón Andrésson* útfararþjónusta
*Hugrún Jónsdóttir* útfararstjóri
*Rósa Kristjánsdóttir* útfararstjóri
*Guðmundur Baldvinsson* útfararþjónusta
*Jón G. Bjarnason* útfararþjónusta
*Ellert Ingason* útfararþjónusta
*Katla Þorsteinsdóttir* lögfræðiþjónusta
*Gestur Hreinsson* útfararþjónusta

**Við þjónum allan sólarhringinn**
*Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is*

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 2014

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**VISSIR ÞÚ?**

**... að heilinn notar 20% af súrefnisupptöku líkamans þrátt fyrir að vera aðeins um 2% af heildarþyngd meðalmanneskju.**




hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is


# STIRÐLEIKANN BURT

**GENGUR VEL KYNNIR** *Nutrilenk Active er frábært efni fyrir þá sem þjást af stirðleika, sársauka í kringum liðamót og verkjum í liðum.*

Nutrilenk Active er náttúrulegt bætiefni, fyrst og fremst ætlað þeim sem þjást af skorti á liðvökva. Skortur á liðvökva lýsir sér oftast í stirðleika og sársauka í kringum liðamót. Skortur á liðvökva getur hrjáð fólki á öllum aldri og er algengur meðal fólks sem stundar mikla hreyfingu. Áralöng reynsla af Nutrilenk Active gefur til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki, brak og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni.

**SMURNING FYRIR LIÐINA**

Nutrilenk Active er unnið úr vatnsmeðhöndluðum hanakambi sem inniheldur hátt hlutfall af náttúrulega efninu hýalúronsýru sem getur aukið liðleika og séð til þess að liðirnir séu vel smurðir svo fólk geti hreyft sig af fullum krafti án hindrana. Margir þeir sem stunda stífar æfingar þar sem reynir óhóflega á liðina hafa bætt árangur sinn með inntöku á Nutrilenk Active.

**EKKI BARA FYRIR ÍÞRÓTTAFÓLK HELDUR FYRIR ALLA**

Nutrilenk Active er ekki bara fyrir íþróttafólk heldur hentar öllum. Mjög margir finna fyrir braki í liðum og eru að glíma við dagleg eymsli og stirðleika. Margir læknar mæla með Nutrilenk Active og sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar hafa sagt frá góðri reynslu sinna skjólstæðinga.




MYND/HLAUPIS

**MIKILVÆGT AÐ HALDA LIÐUNUM VEL SMURÐUM**

Friðleifur Friðleifsson er mikill íþróttamaður og hefur hlaupið frá árinu 2008. Hann hefur tekið þátt í öllum helstu hlaupum sem boðið er upp á á Íslandi jafnt götuhlaup sem utanvegahlaup og einnig hefur hann hlaupið mikið erlendis. „Sem hlaupari þá er mikilvægt að halda öllum liðum vel smurðum. Þar kemur Nutrilenk Active að góðum notum. Ég hef notað Nutrilenk Active í töluverðan tíma og finn að líkaminn þolir langvarandi álag mun betur og stirðleiki og eymsli í liðum eru miklu minni en áður. Það er mikilvægt að fyrirbyggja eymsli í liðum og ég get hiklaust mælt með Nutrilenk Active. Það virkar.“




***Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is***

**HENTAR ÖLLUM**

„Nutilenk Active hentar öllum, ekki bara íþróttafólki.“

**VIRKAR**

„Ég mæli hiklaust með Nutrilenk Active. Það virkar.“


## Natural Health Labs

**CURCUMIN**

**Gullkryddið**

- Liðamót
- Bólgur
- Gigt
- Hjarta- og æðakerfi




**HAWAIIAN NONI**

**Veikindabaninn**

- Ónæmiskerfi
- Veikindi
- Blóðþrýstingur
- Sykingar




**GOJI BER**

**Hamingjuberin**

- Hár, húð og neglur
- Vellíðan
- Sjón og minni
- Stútfull af andoxunarefnum, vítamínum, steinefnum, amínósýrum og fitusýrum




**MAGNOLIA OFFICINALIS**

**Heilbrigður svefn**

- Heilbrigður svefn
- Upphaf svefns
- Samfelldur svefn
- Þunglyndi og kvíði




Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn, Lyf og Heilsa, Lyfsalinn, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Sportlíf, Heilsuhornið Blómaval, Heilsuver, Heilsulausn.is og Heimkaup

BALSAM ehf Býður betra val *Alltaf 100% náttúrulegt* www.balsam.is







Heilsudagar

verða haldnir á ION Hotel á Nesjavöllum, helgina 25. - 26. apríl.

Boðið verður uppá meðal annars, Pilates, göngu með leiðsögn, aðgang að Lava Spa, þriggja rétta kvöldverð, glæsilegt hádegisverðarhlaðborð og gistingu.

Sértilboð fyrir þátttakendur:
45.900 kr. á mann í deluxe herbergi.
39.900 kr. á mann í standard herbergi, miðað við 2 í herbergi.

Einstakt tækifæri til að rækta líkama og sál í því glæsilega umhverfi sem Nesjavellir hafa upp á að bjóða.

Fyrir bókanir og frekari upplýsingar sendið tölvupóst á ylfa@ioniceland.is merkt #IONheilsuhelgi

www.ioniceland.is
reservations@ioniceland.is

A MEMBER OF DESIGN HOTELS™




**ALGENGUR SJÚKDÓMUR**
Helstu einkenni vanvirks skjaldkirtils eru þreyta, kulvísi, stoðkerfisverkir, þyngdaraukning, hægðatregða, lækkað geðslag og gleymska.

# MISSKILJA EÐLI VANVIRKS SKJALDKIRTILS

**HEILSA** *Vanstarf í skjaldkirtli hefur mikið verið til umræðu í fréttaveitum og samfélagsmiðlum undanfarið. Umræðan er þörf en misskilningur á eðli sjúkdómsins virðist vera útbreiddur, segir Ari Jóhannesson, sérfræðilæknir á Landspítala og klínískur dósent við Læknadeild Háskóla Íslands.*

Vanstarf í skjaldkirtli, öðru nafni skjaldvakabrestur er algengur kvilli. Helstu einkenni eru þreyta, kulvísi, stoðkerfisverkir, þyngdaraukning, hægðatregða, lækkað geðslag og gleymska. Sömu einkenni, eitt eða fleiri, hrjá auðvitað miklu fleiri en þá sem hafa skjaldvakabrest,“ segir Ari. Hann útskýrir að í skjaldvakabresti mælist skjaldkirtilshormónið týroxín (T4) undir mörkum og skjaldkirtilsörvinn TSH yfir mörkum. „Uppbótarmeðferð er með T4 sem eftir inntöku breytist í þríjoðótýronín (T3) sem er hið virka skjaldkirtilshormón. Efnahvörfin eru undir stjórn stýrikerfis sem skammtar frumunum hæfilegt magn af T3. Með réttum skammti af T4 verða blóðgildi eðlileg og einkenni skjaldvakabrests ganga í flestum tilvikum til baka.“

**Hvers vegna eru þá margir einstaklingar á meðferð við skjaldvakabresti óánægðir með líðan sína þrátt fyrir eðlileg blóðgildi?**
„Á því geta verið nokkrar skýringar. Einkennin geta til dæmis stafað frá öðrum, ógreindum sjúkdómum. Hér má nefna aðra sjálfsofnæmissjúkdóma, vefjagigt og þunglyndi. Þegar bati lætur á sér standa þrátt fyrir eðlileg blóðgildi ætti frekar að leita annarra skýringa á vanlíðan viðkomandi en að auka skammta eða bæta T3 við T4 eins og töluvert er kallað eftir. Rannsóknir hafa almennt ekki stutt það að samsett meðferð sé árangursríkari og fagfélög um skjaldkirtilssjúkdóma hafa ályktað að meðferð með T4 eingöngu nægi oftast við skjaldvakabresti,“ svarar Ari en bendir á að þau útiloki þó ekki að einstaka sjúklingur þurfi á samsettri meðferð að halda en Ari kallar eftir haldbetri samanburðarrannsóknum.

**Hvað með skjaldvakabrest af tegund 2 sem mikið er til umræðu?**
„Kenningin um þetta er upprunnin í Bandaríkjunum og samkvæmt henni eru frumur líkamans ónæmar fyrir áhrifum skjaldkirtilshormóna vegna stökkbreytinga í hvatberum og eituráhrifa úr umhverfinu. Ekki verður breyting á skjaldkirtilshormónum í blóði og því er mæling þeirra gagnslaus. Skjaldvakabrestur af tegund 2 er að sögn miklu algengari en venjulegur skjaldvakabrestur. Því miður finnast ekki í ritrýndum tímaritum neinar rannsóknir sem sanna kenninguna,“ svarar Ari. Meint viðnám eigi síðan að vera hægt að yfirvinna með lyfinu Armour sem unnið er úr skjaldkirtlum svína og inniheldur bæði T3 og T4 og hefur fengist flutt inn á undanþágu. „Sama gildir um lyfið Tiroide sem einnig er samsett lyf. Ávísunum á þessi lyf hefur fjölgað mjög á síðastliðnum tveimur árum. Margir hafa lýst yfir ánægju með lyfin en þar ber að athuga tvennt. Í fyrsta lagi getur verið um lyfleysuáhrif að ræða þar sem einkennabati er töluverður í upphafi en dvínar með tímanum. Í öðru lagi er hærra hlutfall T3/T4 í Armour og Tiroide en í skjaldkirtli manna og margir sem nota þessi lyf eru með hærri T3-þéttni í blóði en eðlilegt er og finna fyrir vægum örvandi áhrifum. Vandinn er sá að þegar frá líður er hætt við að áhrif langvarandi ofskömmtunar T3 komi fram, líkt og hjartsláttartruflanir, beinþynning og almenn vanlíðan. Ég veit ekki um nokkurn íslenskan sérfræðing í innkirtlasjúkdómum sem telur hag skjólstæðinga sinna betur borgið með töku þessara lyfja, hvað þá heldur að réttlætanlegt sé að ávísa þeim til einstaklinga með eðlileg skjaldkirtilspróf. Það gera hins vegar sumir íslenskir læknar og þeir þurfa vissulega að hugsa sinn gang,“ segir Ari með áherslu.

**Nýlega var greint frá því að hafin væri innlend framleiðsla á töflum sem unnar eru úr skjaldkirtli sláturdýra. Hvað viltu segja um það?**
„Mig rak eiginlega í rogastans þegar ég frétti af þessu. Ekki síst vegna þess að afurðina átti að markaðssetja sem fæðubótarefni sem er öldungis fráleitt. Hvernig getur sama efnið þurft að fara í gegnum formlegt lyfjaskráningarferli erlendis en fengið grænt ljós hér sem fæðubótarefni? Ég er hræddur um að það ágæta fólk sem stendur að verkefninu hafi einhvers staðar fengið ranga ráðgjöf.“

Ari segir nýjasta kaflann í misnotkun skjaldkirtilshormóna vera frásagnir af inntöku á T3 sem smyglað er til landsins og gengur að sögn kaupum og sölum milli manna. „Nýlega fengu tveir einstaklingar hættulegar hjartsláttartruflanir vegna eitrunar af völdum slíkra lyfja eins og greint var frá í fjölmiðlum og fleiri alvarleg dæmi má finna. Vart þarf að taka fram hve afdrifarík slík notkun getur verið og brýna nauðsyn ber til að uppræta hana.“



**ÞÖRF UMRÆÐA**
Vanstarf í skjaldkirtli er algengur kvilli og því afar þarft að umræða um hann fari fram. Ari Jóhannesson, sérfræðilæknir á Landspítala, segir þó marga misskilja eðli sjúkdómsins.
MYND/VALLI

## FARA ÞARF VARLEGA

„Ég veit ekki um nokkurn íslenskan sérfræðing í innkirtlasjúkdómum sem telur hag skjólstæðinga sinna betur borgið með töku þessara lyfja, hvað þá heldur að réttlætanlegt sé að ávísa þeim til einstaklinga með eðlileg skjaldkirtilspróf. Það gera hins vegar sumir íslenskir læknar og þeir þurfa vissulega að hugsa sinn gang.“

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 7. APRÍL 2015



**Reynsluakstur** Subaru Outback og Skoda Octavia Scout

**Áhrif Bandaríkjanna** á bílaiðnaðinn

**Miklu ódýrari** RAV4 með framhjóladrifi

**Ford S-Max** les á hraðaskilti

MYND/VILHELM

# ERU BÍLEIGENDUR HLUNNFARNIR?

## 22 milljarðar af 60 milljarða tekjum af bílum á ári fara í vegabætur eða aðeins 37% af álögðum sköttum á bíla.

Slæmt ástand vega í höfuðborginni, öðru þéttbýli og á þjóðvegum landsins hefur ekki farið fram hjá neinum að undanförnu. Ökumenn í höfuðborginni eru þessa dagana í stöðugu svigi við að forðast sífjölgandi holur og talsvert tjón hefur hlotist af þessu ástandi í vetur, en vegakerfið hefur aldrei verið í verra ástandi en nú. Ástand vega í dreifbýli hefur einnig versnað og margir vegir orðnir beinlínis hættulegir og búast má við fjölgun slysa á þeim að óbreyttu ástandi gefnu. Ný samgönguáætlun er í smíðum fyrir árin 2015 til 2018 og þar er við fyrstu sýn ekki gert ráð fyrir að snúa þessari þróun hratt við og því má allt eins búast við því að vegakerfi landsins hnigni áfram.

### Lítill hluti skatttekna í vegagerð

Í upplýsingum frá FÍB kemur fram að um 22 milljarðar króna eru áætlaðir til vegaframkvæmda og viðhalds í ár. Á sama tíma eru tekjur ríkisins af bílum og umferð 60 milljarðar á ári og því fara ekki nema um 37% af tekjunum í vegaframkvæmdir sem ættu þó að fullu að fara í að bæta og halda vegakerfinu við, en til þess voru þessir skattar og gjöld hugsaðir. Það fara því 38 milljarðar úr vasa bíleigenda í aðra starfsemi ríkisins og þó svo gott sé að bæta heilbrigðiskerfi og skólakerfi á landinu, þá er eðlileg krafa bíleigenda að þessari þróun verði snúið við.

### Fé Vegagerðarinnar fer í fleira en vegagerð og viðhald

Af þeim fjármunum sem Vegagerðin hefur úr að spila fer einnig umtalsvert fjármagn til ferjuflutninga eins og til Herjólfs og Landeyjahafnar, Baldurs sem siglir yfir Breiðafjörð og fleiri ferja. Einnig fer fjármagn til sérleyfishafa í almenningssamgöngum. Þá er á vegaáætlun búið að setja til hliðar 1,5 milljarð króna til gangagerðar milli Bakka og Húsavíkur vegna stóriðju á Bakka og er þar ekki um að ræða veg sem almenningur eða ferðamenn í landinu munu nota að neinu marki.

### Allt fjármagn til ríkisins og ekkert til sveitarfélaga

Vegna þessa slæma ástands vegakerfisins um þessar mundir hefur eðlilega myndast umræða um þá staðreynd að allar tekjur af bílum renna til ríkisins, en ekkert til sveitarfélaganna í landinu. Stór hluti vegakerfisins er samt á ábyrgð þeirra. Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, benti á þessa staðreynd nýlega og hafa aðrir sveitarstjórnarmenn tekið undir sjónarmið hans í ljósi mikillar fjárþarfar sveitarfélaganna og að þau geti ekki staðið undir kostnaðinum við viðhald vega innan þeirra. Svo virðist sem lítill áhugi sé meðal kjörinna fulltrúa á Alþingi að bæta úr þessari stöðu.

### Nokkur aukning á malbikun í sumar

Í samtali við Gunnar Örn Erlingsson, deildarstjóra framkvæmdadeildar Hlaðbær Colas, sem er eitt þeirra fyrirtækja sem séð hefur um malbikun á landinu, kom fram að vænta megi nokkurrar aukningar á malbikun á suðvesturhorni landsins. Nýlegt útboð Vegagerðarinnar hljóðar upp á 200.000 fermetra lagningu í ár, en var 146.000 fermetrar í fyrra. Reykjavík boðaði á Iðnþingi um daginn tvöföldun fjármagns til vegagerðar, en sveitarfélögin Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær hafa ekki enn boðið út malbikun, en Gunnar gerði ekki ráð fyrir mikilli aukningu hjá þessum sveitarfélögum.





# ÁHRIF BANDARÍKJANNA Í BÍLIÐNAÐINN

Bandaríkin hafa markað djúp spor í bílasöguna og á tímabili voru framleiddir fleiri bílar af Ford Model T gerð en öllum öðrum bíltegundum samanlagt. Bandarískum bílasmiðum hefur þó oft orðið á í messunni.

Í tveimur síðustu greinum mínum fór ég yfir söguleg gildi bílaiðnaðarins í Japan og Þýskalandi en nú er röðin komin að Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hvers vegna varð bandaríski bílamarkaðurinn svona mikilvægur og hvernig stendur hann í dag?

**Helstu bílaframleiðendur Bandaríkjanna**

- Chrysler Corporation: Einn af „stóru þremur“ bílaframleiðendum Bandaríkjanna. Eiga Dodge, Jeep og Ram bifreiðamerkin en eru í eigu FIAT frá Ítalíu.
- Ford Motor Company: Einn af „stóru þremur“ bílaframleiðendum Bandaríkjanna. Eiga Lincoln bifreiðamerkið en eru einnig með sérstæðar deildir í Bretlandi, Þýskalandi og Ástralíu. Fyrsti bílaframleiðandinn sem fjöldaframleiddi bíla.
- General Motors Corporation (GM): Einn af „stóru þremur“ bílaframleiðendum Bandaríkjanna. Eiga Buick, Cadillac, Chevrolet, GMC, Holden, Opel og Vauxhall. Stærsti bílaframleiðandi Bandaríkjanna og var jafnframt stærsti bílaframleiðandi heims í 77 ár.
- Tesla Motors: Frægasti framleiðandi rafbíla í heiminum en jafnframt eitt af yngri bílamerkjum.

**Litið til upphafsins**

Í lok 19. aldar voru ýmsar tilraunir gerðar í smíði fyrstu sjálfrennireiðanna. Sá sem er talinn hafa fyrstur Bandaríkjamanna sett saman véldrifna bifreið var Charles Edgar Duryea árið 1893. Sjálfur stofnandi Ford Motor Company, Henry Ford, smíðaði sinn fyrsta bíl þremur árum síðar en stofnaði svo fyrirtæki sitt 1903. Í kringum aldamótin spruttu upp bílafyrirtæki eins og gorkúlur í Bandaríkjunum. Bíllinn í þá daga var algjör munaðarvara.

Þeir sem áttu bifreiðar voru mjög efnaðir og notuðu bílinn meira sem leikfang heldur en farartæki. Vegirnir í þá daga voru alls ekki ætlaðir bílum. Þeir voru yfirleitt grófir malarvegir ætlaðir hestum og hestvögnum. Lögin voru í þágu hestanna. Meðal annars voru lög um að ef bíllinn þinn hræddi hest við vinnu sína áttir þú að nema staðar og taka bíl þinn í sundur fyrir framan hestinn. Þegar hesturinn var orðinn nógu rólegur til að halda ferð sinni áfram gast þú sett bílinn þinn aftur saman og haldið áfram þína leið.

**Ökuþórar verða til**

Um aldamótin voru innan við 8.000 bílar í Bandaríkjunum. Um leið og nokkrir bílar voru komnir á götuna fór fólk að keppa á þeim til að sjá hver ætti hraðasta bílinn en sú hegðun hefur alltaf loðað við Bandaríkjamenn. William K. Vanderbilt var einn þeirra sem hafði vel efni á að eignast bifreið. Hann fæddist inn í mikil auðæfi í New York borg og lék sér með farartæki og hraða allt sitt líf. Hann eignaðist fjölmarga bíla og árið 1904 náði hann því afreki að verða hraðasti maður á þurru landi þegar hann náði tæplega 149 km/klst. á Mercedes-Benz bifreið.

Hann ferðaðist reglulega til Evrópu og varð þar vitni að skipulögðum kappakstri sem honum fannst heillandi. Hann ákvað þess vegna sama ár að stofna til fyrstu alvöru kappaksturskeppninnar í Bandaríkjunum, Vanderbilt Cup. Þar með kveikti hann gríðarlegan áhuga New York-búa á bílum en keppnin var mjög vinsæl. Ökuþórar komu jafnvel frá Evrópu til að keppa í Vanderbilt Cup og allir helstu bílaframleiðendur tóku þátt til þess að koma bílum sínum á framfæri, auk þess sem peningaverðlaunin voru mjög há. Einnig sama ár, 1904, komu út Pope-Waverley rafbílarnir. Hingað til voru bílar almennt bensíndrifnir en Pope-Waverley áttu að henta konum betur þar sem þeir voru hljóðlátir, viðhaldsfríir og komust ekki of hratt.

**Ofurkonan á Maxwell**

Árið 1909 gerðust undur og stórmerki þegar Alice Ramsey, 22 ára húsfrú, ásamt þremur öðrum konum keyrði þvert yfir Bandaríkin í fyrsta sinn í sögunni á Maxwell bifreið. Þetta var líklega ein besta auglýsingaherferð allra tíma því að ferðin sýndi fram á styrkleika Maxwell-bíla auk þess að sýna að þeir voru nógu einfaldir í akstri fyrir konur sem þótti mikið atriði í þá daga.

**Almúginn getur keypt bíl**

Hinn sauðsvarti almúgi átti ekki möguleika á að eignast einkabíl fyrr en hinn byltingarkenndi Ford Model T kom út árið 1908. Sá bíll var hugarfóstur Henry Ford og átti að vera fyrsti bíll fólksins. Hann var ódýr í kaupum og rekstri, algengur og einfalt var að gera við hann sjálfur. Þetta var allt mögulegt út af því að hann var fyrsti bíllinn sem fjöldaframleiddur var í stórum stíl. Á tímabili var meira en helmingur allra framleiddra bíla Model T og má segja að þá fyrst hafi bandaríska þjóðin orðið ástfangin af hugmyndinni að bílnum. Nú gat hver fjölskylda öðlast það frelsi að geta ferðast um landið og öll erindi tóku styttri tíma.

Bændur höfðu nú loksins farartæki til að skjótast í verslunarferðir og aðstoða við vinnuna ásamt því að heimavinnandi húsmæður fengu loks tækifæri til að komast út úr húsi og jafnvel út fyrir lóðamörkin. Henry Ford fékk eina snilldarhugmyndina enn þegar hann fékk allra besta fólk og búnað kvikmyndaheimsins til að útbúa vikuleg fræðslu- og auglýsingamyndbönd sem sýnd voru í flestum bíóhúsum til að fræða fólk um nýjungar og viðbætur sem það gat fengið á bílinn sinn ásamt því að kenna því á alls konar kosti bílsins.

Ný vandamál urðu til við það að bíll var nú á hverju heimili. Vegir voru enn þá mjög frumstæðir og fóru þeir illa með bílana ásamt því að færðin gat orðið slæm í vondu veðri. Henry Ford átti stóran þátt í því að fyrstu malbikuðu vegirnir voru lagðir. Sá allra lengsti var Lincoln Highway sem náði þvert yfir Bandaríkin á milli austur- og vesturstrandar. Sem var einmitt leiðin sem Alice Ramsey fór á Maxwell-bílnum, en sá vegur þótti svo mikilvægur að hann var lagður fyrst, mílu fyrir mílu.

**GM vildi bita af kökunni**

General Motors, með William Durant í fararbroddi, byrjaði sem Buick. Á næstu árum keypti Durant upp 20 fyrirtæki, m.a. Oldsmobile, Cadillac og Pontiac. Nokkrum árum síðar keypti hann Opel, Vauxhall og loks Chevrolet. GM tók næsta skrefið á eftir Ford í fjöldaframleiðslu bifreiða með því að kynna til leiks minni og ódýrari útgáfu af Cadillac sem hét LaSalle. Hann kom út sama ár og hætt var framleiðslu á Model T, 1927, og var hannaður af sannri ofurstjórnu bransans, Harley Earl. Earl hafði fengið orð á sér sem færasti bílahönnuður Bandaríkjanna sem hannaði og smíðaði mikilfenglega bíla fyrir fína og fræga fólkið.

Forstjóri GM, Alfred Sloan, sá hæfileika Earls og réð hann sem yfirmann hönnunardeildar GM. LaSalle seldist mjög vel og varð næstum jafn vinsæll og Model T hafði verið seinustu tvo áratugi. Ástæðan fyrir þessu er að nú var fólk orðið mun meðvitaðra um hönnun og stíl. Allir vildu láta sjá sig á fallega hönnuðum bíl og var LaSalle einn fáanlegur á viðráðanlegu verði. Á meðan Model T var hannaður af verkfræðingum til að hafa hann sem hagkvæmastan og ódýrastan var LaSalle með mjúkar línur og djúpa liti.

Fólki brá mikið þegar Henry Ford tilkynnti að hann myndi hætta framleiðslu á Model T og beið fólk í mikilli eftirvæntingu eftir tilkynningu um arftaka Model T. Sú tilkynning kom ekki strax því að Henry Ford var varla byrjaður að hugsa út í næstu módellínu. Verksmiðjur Ford hættu framleiðslu í rúmt hálft ár. Arftakinn, Model A, kom út í desember 1927 og seldist strax upp. Verksmiðjurnar önnuðu engan veginn gríðarlegri eftirspurn en þó eftir rúmt ár höfðu selst milljón stykki. Model A var í öllu álitlegri bíll en Model T. Hann var fagurfræðilega hannaður í þetta skiptið, fékkst í nokkrum útfærslum og fallegum litum. Ford hafði hitt í mark í annað sinn með því að hlusta á hvað almúginn vildi.



Alice Ramsey keyrði þvert yfir Bandaríkin fyrst allra í sögunni.

**Kreppan mikla 1930**

Kreppan skall á og fólk taldi sig ekki geta verið án bílsins. Það var tilbúið að fórna ýmsu öðru áður en að bíllinn fékk að fjúka. Alla langaði í bíl og flestir áttu bíl, sem hafði áhrif út á við. Þjóðvegasalerni, skyndibitastaðir með bílalúgu og bílabíó spruttu upp eins og gorkúlur. Fólk vildi verja sem mestum tíma í bílunum sínum enda kostaði bensínið mjög lítið í þá daga.

**Streamlining**

Chrysler Airflow vakti upp hönnunarbyltingu árið 1934 en hann var fyrsti bandaríski bíllinn sem hafði verið hannaður í vindgöngum og leit hann allt öðruvísi út en allir bílar sem framleiddir höfðu verið fram að þessu. Hann var með stóra yfirbygginguna og öll ljós og bretti voru partur af yfirbyggingunni í staðinn fyrir að vera fest utan á bílinn. Hann seldist ekki vel, enda þótti hann heldur ólaglegur, en bílahönnuðir og verkfræðingar hinna bílaframleiðandanna tóku andköf.

Hér eftir voru bílar almennt hannaðir eftir grunnhugmyndinni af Airflow, bæði útlitslega og verkfræðilega séð. Um það leyti þegar Chrysler Airflow varð til greip um sig æði á framtíðinni í Bandaríkjunum. Allt frá húsgögnum upp í stærðarinnar byggingar urðu í laginu eins og fólk sá framtíðina fyrir sér og farartæki voru engin undantekning. Farartæki voru nú hönnuð til að kljúfa loftið á sem hagkvæmastan hátt og yfirleitt í vindgöngum. Sú hönnun var kölluð Streamlining.

**Seinni heimsstyrjöld hafði áhrif**

Þegar Bandaríkin tóku þátt í seinni heimsstyrjöldinni staðnaði öll bílaframleiðsla. Eins og í öðrum löndum sem tóku þátt í stríðinu voru verksmiðjur notaðar til framleiðslu á hergögnum. Chevrolet framleiddi hertrukka og vélar í stærri herflugvélar. Cadillac framleiddi vélar í M5-skriðdrekann og parta í flugvélar. Buick framleiddi Hellcat Tank Destroyer. Studebaker framleiddi vélarnar í Flying Fortress.

Henry Ford sagðist geta fjöldaframleitt herfarartæki og þá ef til vill flugvélar, en enginn trúði honum. Hann endaði í því að geta framleitt sprengjuflugvél á klukkustund allan sólarhringinn. Yfirvöld í Bandaríkjunum settu af stað hönnunarkeppni á herjeppa. Nokkur fyrirtæki tóku þátt en bjuggust flestir við að Ford myndi vinna. Willys Overland vann og fór Willys-herjeppinn í framleiðslu. Fljótt kom í ljós að Willys myndi alls ekki ná að framleiða jeppann nógu hratt svo að samningurinn endaði í höndum Ford sem náði að framleiða 30 jeppa á klukkustund hannaða af Willys Overland.

**Sigrinum fagnað**

Eftir stríð greip um sig meira bílaæði í Bandaríkjunum en nokkru sinni fyrr. Hermenn sem nýkomnir voru heim fóru fljótt að leita sér að bílum til að eignast. Það voru hins vegar engir nýir bílar til. Allar bílaverksmiðjur voru núna útbúnar til að framleiða hergögn og þeir fáu bílar sem voru fáanlegir nýir voru hannaðir áður en stríðið ▶










## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

ENNEMM / SÍA / NM68151 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



## AKSTURSÍÞRÓTTIR

### NASCAR

Akstursíþróttir eru nokkuð vinsælar í Bandaríkjunum en ein þeirra er alveg sérstakt fyrirbæri sem þekkist ekki annars staðar í heiminum. Þegar áfengissala var bönnuð í Bandaríkjunum voru landasalar hröðustu ökumennirnir í landinu. Þeir breyttu bílunum sínum til að vera tilbúnir til að stinga yfirvöld af ef þeir kæmust í hann krappann. Snemma fóru landasalarnir í mið- og suðurríkjum Bandaríkjanna að keppa sín í milli til að úrskurða hver ætti hraðskreiðasta bílinn. Þetta var gjarnan gert á frídögum um helgar og færðist með tímanum frá götum yfir á stór malarplön þar sem þeir óku í hringi. Loks varð til NASCAR-keppnin. Næstu áratugi stækkaði áhorfendaskarinn og hann færðist úr grasbrekkum í áhorfendastúkur.



## SÖGULEGIR BÍLAR

### Ford Model T:

þriðjudaginn 7.apríl kl. 17:00-17:30

### Furuás 1

Fallegt og rúmgott einbýli. Góð alrými, og rúmgott eldhús 4-5 góð svefnherbergi
Lóð með veröndum og potti
Tvöfaldur bílskúr, í dag innréttuð íbúð.
Fjölskylduvænt hús
Eftirsótt hverfi 210 Garðabær
Skipti á ódýrari eign skoðuð



Nánari upplýsingar veitir:
**Atli S. Sigvarðsson,** sölufulltrúi
atli@miklaborg.is **sími:** 899 1178

Verð: **67,5 millj.**




Sérlega vel staðsettar 65-140 fm íbúðir í hjarta borgarinnar

Íbúðirnar eru 2-4 herbergja og flestar með stæði í bílageymslu

Frábært útsýni úr fjölda íbúða yfir borgina og til Esjunnar

Flestar íbúðirnar afhentar fullbúnar með gólfefnum

### Hér er stutt í iðandi mannlíf miðborgarinnar !



Nánari upplýsingar veitir:
**Ólafur Finnbogason** lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307



Nánari upplýsingar veitir:
**Svan G. Guðlaugsson,** sölufulltrúi
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** sölufulltrúi
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515



Verð frá: **29,9 millj.**



## OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 8.apríl kl. 17:30-18:00

### Urriðakvísl 13

Glæsilegt 233,7 fm einbýli á tveimur hæðum
Efri hæð er með fjórum svefnherbergjum
Á neðri hæð er stofa, eldhús og borðstofa
Bjartur og sérstæður bílskúr með geymslulofti
Gróinn og fallegur garður með sólpalli



Nánari upplýsingar veitir:
**Davíð Jónsson,** sölufulltrúi
david@miklaborg.is **sími:** 697 3080

Verð: **76,6 millj.**



## OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 8.apríl kl. 17:20-18:00

### Látraströnd 6

220 fm raðhús. Glæsilegt útsýni til norðurs 3-4 svefnherbergi, auðvelt að bæta við Bílskúr og stór garður Sólskáli upphitaður ekki í fermetratölu



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** sölufulltrúi
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð: **64,9 millj.**



## OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 8.apríl kl. 18:00-18:30

### Kjóahraun 8

Glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr Steinsteypt 182,7 fm á tveimur hæðum Sérsmíðaðar innréttingar Einstök staðsetning Verönd ca. 80 fm með heitum potti.



Nánari upplýsingar veitir:
**Hilmar Jónasson,** sölufulltrúi
hilmar@miklaborg.is **sími:** 695 9500

Verð: **67,5 millj.**

# Þorrasalir





Nýjar, vandaðar íbúðir í 2ja og 3ja hæða húsi

Íbúðirnar eru 85-125 fm og 3-4 herbergja

Sérinngangur, vandaðar innréttingar

Frábært útivistarsvæði í nágrenninu



**Verð frá 31,9 millj.**



**Bókið skoðun**



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** sölufulltrúi
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515



# Bollagarðar

Fallegt og sjarmerandi 235 fm einbýlishús

4 svefnherbergi og 3 stofur

Hús sem fengið hefur gott viðhald

Stór lóð og frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir:
**Ólafur Finnbogason** lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307

Verð: **65,0 millj.**



# Víðimelur

Einstök eign að stærð 78,7 fm á 2. hæð

Einungis 1. íbúð á hæð í stigagangi

3ja herbergja

Upprunalegar innréttingar

Vinsæl staðsetning

Laus strax



Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð: **32,9 millj.**



# Hjarðarhagi

Falleg og björt 91 fm, 3ja herbergja íbúð

Stórar stofur og rúmgott eldhús

Frábær staðsetning

Búið að endurnýja ofnalagnir, glugga og gler

Verð: 34,5 milljFalleg og björt 91 fm, 3ja herbergja íbúð

Stórar stofur og rúmgott eldhús

Búið að endurnýja ofnalagnir, glugga og gler

Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir:
**Ólafur Finnbogason** lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307

Verð: **34,5 millj.**




AÐEINS
310 KR.
Á DAG

**SKEMMTIPAKKINN**

# ALLT ÞETTA
# INNIFALIÐ

**365**

**365.is**
**Sími 1817**

Þú gerir frábær kaup með því að gerast áskrifandi að Skemmtipakkanum. **Sex sjónvarpsstöðvar** með spennandi dagskrá á frábæru verði ásamt **GSM áskrift**, **interneti, heimasíma** og **aðild að Vild** á núll krónur. Kynntu þér kosti Skemmtipakkans á 365.is eða í síma 1817.

HBO 3 Krakka stöðin BRAVO MARAÞON Vild

**0 kr.**

4 GSM áskriftir
**60 mín.** og **60 SMS**

60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift

**0 kr.**

Internet
**20 GB**

**0 kr.**

Heimasími
**100 mín.***

*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Með áskrift að Skemmtipakkanum færðu mikið fyrir lítið á hverjum degi.
**Aðeins 310 kr. á dag**

**9.290 kr.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* **1957**

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

2014 Framúrskarandi fyrirtæki



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Brynjar Þ. Sumarliðason, Sölumaður · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður · Reynir Björnsson lögg. fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Ásdís H. Júlíusdóttir ritari · Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## ÁLFKONUHVARF 51 203 KÓP.




Álfkonuhvarf 51 íbúð 0206 er falleg frábærlega vel skipulögð 104 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. 3 svefnherb. Vandaðar eikarinnréttingar. Góðar útsýnissvalir. Stæði í bílageymslu. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 7.apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 33,9 m.** 8670

## BLÁSALIR 22 201
### ÍBÚÐ MERKT 10-01.




Glæsileg 3ja herbergja 99,6 fm íbúð á 10. hæð í vönduðu álklæddu lyftuhúsi. Út af stofunni eru svalir með frábæru útsýni til suðurs, vesturs og austurs. Stæði í bílageymslu fylgir. Örstutt er í alla þjónustu m.a. sundlaug, skóla, matvöruverslanir o.fl. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 7.apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 35,9 m.** 4544

## SPORÐAGRUNN 11 104 RVK.
### ÍBÚÐ MERKT 01-01.




Falleg og vel skipulögð 114,6 fm neðri sérhæð. Húsið er byggt 1958 og er teiknað af Sigvalda Thorðasyni arkitekt. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 7.apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 40,9 m.** 8631

## PARHÚS



**Ásland 22a 270 Mosfellsbæ**
Tvílyft 242,3 fm parhús með 2ja herbergja auka íbúð og innbyggðum bílskúr. Góð lofthæð er á efri hæðinni. HÚSIÐ ER LAUST STRAX. **V. 49,5 m.**8636

## 4RA-6 HERBERGJA



**Skógarás 4 110 Rvk.- íbúð 0302**
5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í fallegu klæddu litlu fjölbýli. Allt að fimm svefnherbergi, tvö baðherbergi. Glæsilegt útsýni. Eignin er til afhendingar við kaupsamning og sölumenn sýna. **V. 35 m.**8659

## 4RA-6 HERBERGJA



**Mjóahlíð 10 105 Rvk.**
Falleg 107 fm 4ra herbergja efri hæð á frábærum stað. Hæðin skiptist í gang, þrjú herbergi, stofu og samliggjandi eldhús og borðstofu. **V. 39,4 m.** 8666

## 3JA HERBERGJA



**Krummahólar 8 111 Rvk.**
3ja herbergja 80,4 fm íbúð á 6.hæð B ásamt stæði í bílskýli skráð 23,8 fm. Eignin þarfnast talsverðra lagfæringa að innan. Sameign snyrtileg. Glæsilegt suður og austurútsýni. Laus strax sölumenn sýna. **V. 21 m.** 8658









## Sölusýning miðvikudaginn 8. apríl milli kl. 17.00 og 18.00 - Aðkoma Borgartúnsmegin

# Glæsilegar og nútímalegar íbúðir á góðum stað

90 vandaðar og vel hannaðar íbúðir í Mánatúni 7-17 í fimm stigagöngum. Húsin eru hönnuð af Kanon arkitektum og vekja athygli fyrir gott skipulag og nútímalegt útlit. Allur frágangur er sérlega vandaður.

- 2ja–4ja herb íbúðir á bilinu 90–186 fm.
- Allar íbúðir eru með sér stæði í bílageymslu.
- Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og baðherbergi, fataskápar í forstofu og svefnherbergjum.
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna, þó eru flísar á baðherbergi og í þvottahúsi.

www.manatunid.is



## LAUGARÁSVEGUR 58 104 RVK.



Fallegt og reisulegt ca 429,5 fm eign með innb. bílskúr og tveimur góðum aukaíbúðum. Húsið er staðsett neðan við götu með fallegu útsýni yfir Laugardalinn. Árið 2014 var eignin múrviðgerð og máluð að utan. **V. 99 m.** 8596

## MARKARVEGUR 3 108 RVK.



Fallegt og mikið endurnýjað 238 fm einbýlishús í Fossvoginum á einstökum stað við skógræktina. Húsið er á tveimur hæðum ásamt bílskúr og suður garði með verönd og skjólveggjum. Fjögur rúmgóð svefnherbergi og 3-4 stofur. **V. 79,9 m.** 8644

## FRÓÐAÞING 17 203
### ÍBÚÐ MERKT 01-01.



Glæsilegt fullbúið 417,1 fm einbýlishús á fallegum stað með fallegu útsýni. Hjónaherbergi er með sér baðherbergi og fataherbergi. Parketi á gólfi. Þrjú rúmgóð barnaherbergi öll með fataskápum. Um er að ræða einbýlishús á afar fallegum stað. **V. 96,9 m.** 8635

## LÆKJARÁS 8 110 RVK.
### LAUST STRAX.



368 fm einbýlishús á tveimur hæðum með möguleika á aukaíbúð á neðri hæðinni. Húsið er mjög vel staðsett ofan götu með mjög góðu útsýni. Ástand hússins er að sjá gott. Góður garður. Allt að sjö svefnherbergi og fjögur baðherbergi eru í húsinu. Suðvestursvalir og afgirt timburverönd. **V. 64,9 m.** 8583

## FÁKAHVARF VIÐ ELLIÐAVATN
### GLÆSILEG EIGN



Um er að ræða glæsilegt 326,9 fm einbýlishús sem skiptist í 222,5 fm íbúð og innbyggðum 45,9 fm bílskúr. Í húsinu er góð lofthæð, gólfhiti vandaðar innréttingar og innfelldar lýsingar. Húsið er vel staðsett með útsýni og er einungis göngustígur milli hússins og Elliðavatns. **V. 134 m.** 8515

## STIGAHLÍÐ 78 105 RVK.



Mikið endurnýjað 376 fm einbýli á besta stað í Hlíðunum. Aukaíbúð á jarðhæð og möguleiki að hafa eina til viðbótar þar einnig. Húsið er hannað af Jóni Ólafssyni arkitekt (Batteríið) og byggt árið 1991. Húsið stendur í efsta botnl. götunnar og stutt er í gönguleiðir og útivistarsvæði s.s. Öskjuhlíð. Mjög falleg og gróin lóð umhverfis húsið með miklum gróðri. Falleg grjóthleðsla í stórum hluta lóðarinnar. Góð lýsing er á lóð og umhverfis húsið. Hellulögn umhverfis húsið og suðurverönd fyrir framan hús með aðgengi úr eldhúsi. Munstursteypa á verönd. Sjö inngangar og tengingar við garð. Heitur pottur í garði. **V. 129 m.** 4288

## FÍFUHJALLI 21 200 KÓPAVOGI



Glæsilegt og vel staðsett 285 fm einbýlishús á einstökum stað neðst í Suðurhlíðum Kópavogs. Húsið er staðsett fyrir neðan götu næst innst í botnlanga við grænt opið útivistar svæði. Glæsilegt útsýni, fallegur gróinn og skjólgóður suður garður. **V. 72 m.** 4017

## DYNGJUVEGUR 14, 104 REYKJAVÍK



Fallegt og virðulegt einbýlishús á frábærum stað. Húsið er hæð og ris auk kjallara. Það er teiknað af Halldóri H. Jónssyni og stendur á 1.062 fm lóð neðan götu. Örstutt er niður í Laugardalinn. **V. 78 m.** 4471

## TÚNGATA 8
### EINSTÖK EIGN Í MIÐBORGINNI.



Einstakt einbýlishús í miðborginni. Húsið er hæð, rishæð og kjallari. Aðalhæð: Þrjár glæsilegar samliggjandi stofur, eldhús, forstofa, snyrting og hol. Einnig bakinngangur með rými innaf sem nýtist sem búr og er með skápum. Í stofuloftum eru fallegir bitar. Hurðir á milli stofa eru hvítlakkaðar og með gylltum hurðarhúnum. Karmar og gluggapóstar eru hvítlakkaðir. Eldhús er fremur lítið. Gömul innrétting. Gólfefni er gólfdúkur að mestu leyti. Auk þess að vera íbúðarhús gæti þessi virðulega eign hentað sem skrifstofur, t.d. fyrir arkitekta, lögmenn, fyrir félagastarfsemi o.fl. **V. Tilboð** 4131

## SUÐURMÝRI 44A 170 SELTJ.NES



Glæsilegt tvílyft parhús með innbyggðum bílskúr. Á neðri hæðinni er forstofa, þvottahús, baðherbergi, stofa, borðstofa og eldhús. Gengið er út á verönd úr stofu. Á efri hæðinni er hol, hjónaherbergi, baðherbergi og tvö svefnherbergi. **V. 70 m.** 4602

## AFLAKÓR 1 203 KÓPAVOGI



Glæsilegt vel hannað 268,2 fm parhús á einstaklega góðum útsýnisstað í Kópavogi. Afhendist fullbúið með vönduðum innréttingum frá GKS, gólfefni komin á talsverðan hluta hússins annað skilast án gólfefna. Sér 2ja herbergja íbúð teiknuð á neðri hæðinni með sérinngangi. 3. baðherbergi, stórar suðursvalir með timburverönd. **V. 74 m.** 8573

## FROSTASKJÓL 97, 107 REYKJAVÍK



Frábærlega staðsett og fallegt 265,4 fm raðhús við Frostaskjól í Vesturbæ Reykjavíkur. Innbyggður bílskúr, nýlegt eldhús og skjólsæll suður garður með verönd. Húsið er staðsett aðeins nokkra mín. göngufæri frá Grandaskóla og KR svæðisins. **V. 69,9 m.** 8414

## MÁNALIND 8 203 KÓPAVOGI



212,8 fm einbýlishús, þar af er 32 fm bílskúr. Húsið er innréttað af Rut Káradóttur og er á vinsælum stað með fallegu útsýni. Stór sólpallur móti suðri með góðum skjólvegg. Garðurinn er fallega hannaður og með fjölbreyttum góðri. Hitalögn í innkeyrslu og útitröppum. **V. 79 m.** 8677

## Látraströnd 6 - 170 Seltjarnarnes






Fallegt 210 fm raðhús á þremur pöllum með innbyggðum bílskúr og glæsilegu útsýni til norðurs. Einnig skjólgóður og gróinn suður garður. Hjónasvíta með sér baðherbergi og stóru svefnherbergi. Einstaklega fallegt útsýni er frá stofu og eldhúsi til norðurs.

**Eignin verður sýnd þriðjudaginn 7. apríl milli kl 17:15 og 17:45** **V. 64,9 m.** 8676



## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**NÝR BÍLL - 2015 ÁRG.**

RENAULT CAPTUR TURBO. Sjálfskiptur,lykalaust aðgengi,hraðastillir ofl,eyðir aðeins 5l/100km,er á staðnum. Verð 3.680.000. Rnr.126514.



**NÝR BÍLL - 2015 ÁRG.**

VOLVO S80 DÍSEL.Sjálfskiptur,ríkulega hlaðinn aukabúnaði,leiðsögukerfi með ísl.korti ofl,er á staðnum. Verð 7.390.000. Rnr.126522. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

bílaplan.is



**ÚTSALA ÚTSALA !!!**

VW SHARAN 1.8T 7MANNA árg. 2003 ek. 168 Þkm. Sjálfskiptur, nýleg tímareim ofl. verð áður 890 Þús tilboðsverð nú 490 þús, möguleiki á 100% láni #107375 gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA !!!**

RANGE ROVER SPORT SUPERCHARGED árg. 2007 ek. 108 Þkm, 1 MEÐ ÖLLU, Umboðsbíll, 100% þjónustaður, ÚTSÖLUVERÐ 3990 Þús, Rnr # 147942 gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA !!!**

TOYOTA AURIS árg. 2012 ek. 66 Þkm, 5 gíra, listaverð Toyota 2480 þús útsöluverð okkar 1990 Þús !!! Rnr # 106756 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ E 200 kompressor. Árgerð 2010, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991015.



Kia Carens sjálfsk. Árgerð 2014, ekinn 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.750.000. Rnr.240436. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



AUDI A4 avant. Árgerð 2013, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.210580.



BMW X5 4,8i sport. Árgerð 2007, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.790.000. Rnr.210656.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR JEEP CHEROKEE 4X4**

Stórglæsilegir, V6 272hö og 184hö 4cyl, 9 gíra sjálfskiptir, Hlaðnir lúxus og tækni búnaði t.d. Leggur sjálfur í stæði, Adaptive cruise control omfl, Kynningarverð aðeins frá 8.490þkr, Komdu og skoðaðu, Eru í salnum, ATH Getum útvegað allar gerið af Cherokee,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**Lokað um páskana.**
**http://www.isband.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



**BÍLL DAGSINS !**

HONDA Accord tourer sport. Árgerð 2006, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Fallegur bíll Gott verð 1.490.000. Rnr.330100.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar.is bílasala



Renault Megane 6/2014, ek 20 þkm, beinsk, dísel ásett verð er 2990 þús, er á staðnum, raðnr 151506.



DODGE RAM 2500 QUAD CUMMINGS 4X4 Ek. 95 þkm Sjsk Mjög flottur bíll - Ný toyo 35" dekk. Ryðvarinn - Ný yfirfarinn, spindilkúlur, stýrirsendar - Topp bíll í toppstandi. Ásett verð er 5900 þús

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15 Lokað um páskana.**
**www.100bilar.is**


Vissir þú að...
börn eiga rétt á næðum svefni
Barnaheill
Save the Children á Íslandi





- Verð á viðbótarbúnaði
- CVT-skipting við fulla inngjöf

- Rými
- Aksturseiginleikar
- Vélar
- Verð




Gluggað inn í dýrðina á nýrri kynslóð Subaru Outback.





Stefnumarkandi Eyesight-öryggisbúnaður í Subaru Outback er staðalbúnaður. Hann stöðvar bílinn sjálfur við aðsteðjandi hættu.



Innrétting bílsins hefur tekið mjög jákvæðum breytingum.


# Mest seldu sendibílar Evrópu



## › Gríðarsterk sendibílalína Ford

Ford hefur hlotið titilinn Sendibíll ársins – International Van of the Year árin 2013 og 2014. Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford Transit enda mest seldu sendibílar Evrópu síðustu 40 ár.

**Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.**

**Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustu-framboði fyrir bíla- og tækjaflota.**

FORD **TRANSIT CONNECT**
FRÁ **2.379.032** KR. ÁN VSK

FORD **TRANSIT CUSTOM**
FRÁ **3.491.935** KR. ÁN VSK

FORD **TRANSIT VAN**
FRÁ **4.431.452** KR. ÁN VSK

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford

ford.is

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. CO2 losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 m/vsk.
Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. CO2 losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 m/vsk.
Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö., 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. CO2 losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 m/vsk.
Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. CO2 losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 m/vsk.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




## Ford S-Max les á hraðaskilti og lækkar hraða sjálfur

Í nýjustu útgáfu Ford S-Max bílsins er búnaður sem les á hraðaskilti sem tengist stjórnbúnaði bílsins og lækkar hraða bílsins sjálfur í takt við hraðatakmarkanir. Í upphafi stillir ökumaður hámarkshraða bílsins, en ef nýi búnaðurinn les skilti með lækkuðum hámarkshraða, grípur hann inn í. Búnaðurinn virkar einnig í hina áttina, þ.e. ef hámarkshraði hækkar þá leyfir hann meiri hraða. Það eru myndavélar sem staðsettar eru ofarlega í framrúðu bílsins sem lesa á hraðaskiltin. Ökumenn ráða sjálfir hvort þeir virkja þennan búnað, eða ekki, og er stjórnun hans í stýri bílsins. Stilla má búnaðinn allt frá 20 til 120 mílna hraða, eða 30 til 195 km hraða og láta svo myndavélarnar um að stjórna hraðanum. Þessi búnaður ætti að koma í veg fyrir að eigendur bílanna fái nokkurn tíma hraðasektir, en gæti reyndar orðið nokkuð leiðigjarn fyrir suma ökumenn.



## Fiat rafmagnsbíll fyrir 11.300 kr. á mánuði

Vegna mikilli ívilnana í Kaliforníu til handa þeim sem kjósa að aka á rafmagnsbílum kostar það ekki nema 11.300 krónur á mánuði að leigja Fiat 500e. Það er ekki hár rekstrarkostnaður fyrir bíl og sparnaðurinn í eldsneyti gerir líklega betur en að borga upp þennan lága leigukostnað. En hvers vegna er leiguverðið svona lágt. Jú, það er einfaldlega reiknað út frá kaupverði (32.000 dollarar) að frádregnu hrakvirði (13.100 dollarar) bílsins við leigulok eftir 36 mánuði og dregnar frá þær mýmörgu ívilnanir sem í boði eru í Kaliforníu. Þær eru af mörgum toga og samanlagt upp á 13.000 dollara. Því standa aðeins eftir 82,75 dollara á hverjum þeim 36 mánuðum sem leiga bílsins varir. Þetta hafa um 80 aðilar uppgötvað nú þegar og á einni helgi fóru því 80 af 100 Fiat 500e bílum sem voru í boði á þessu verði. Fiat 500e kemst 130 km á hverri hleðslu, svo ef til vill er þessi bíll ekki sá heppilegasti fyrir lengri ferðir, en svo til allir leigjendur bílanna eiga annan bíl með hefðbundinni brunavél.



## Nýjar línur í fjórðu kynslóð Lexus RX

Lexus RX-jeppinn hefur selst eins og heitar lummur allt frá því hann var kynntur fyrir 17 árum. Nú er komið að fjórðu kynslóð hans sem kynnt verður almenningi á bílasýningunni í New York í byrjun apríl. Það litla sem Lexus hefur sýnt af bílnum sýnir samt gerbreyttar línur. Þaklína bílsins er greinilega orðin ansi lág og bíllinn því afar sportlegur fyrir vikið. Einnig leika skarpar línur um hliðar bílsins, ekki ósvipað og í hinum nýja NX jepplingi Lexus. Einhverjar raddir höfðu heyrst um að með þessari fjórðu kynslóð bílsins yrði hann í boði einnig sem sjö sæta bíll, en þar sem bíllinn lækkar svo mikið að aftan er nær ómögulegt að ímynda sér að svo verði.

Bíllinn mun bjóðast bæði með fjórhjóladrifi og framhjóladrifi og sjálfskipting hans verður 8 gíra. Í fyrra seldi Lexus 107.490 RX jeppa í Bandaríkjunum og á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs eru þeir orðnir 13.059. Þessi bíll var í upphafi gerður fyrir Bandaríkjamarkað og hann er enn langstærsti markaðurinn fyrir Lexus RX. Hann er að auki langsöluhæsta bílgerð Lexus í Bandaríkjunum. Það er því eins gott að nýtt útlit bílsins höfði til Bandaríkjamanna. Lexus RX hefur selst mjög vel hér á landi gegnum árin, enda heppilegur bíll fyrir íslenskar aðstæður.



Framhjóladrifinn og beinskiptur RAV4 er góður valkostur og sá allra ódýrasti.

# MIKLU ÓDÝRARI RAV4 MEÐ FRAMHJÓLADRIFI

Góður valkostur í stórri flóru Toyota RAV4 bíla. Er mjög eyðslugrannur og sannaðist það vel í reynsluakstri.

Toyota hefur nú hafið sölu á nýrri útfærslu hins vinsæla RAV4-bíls og er hann framhjóladrifinn, en hingað til hafa einungis boðist fjórhjóladrifnir RAV4. Að auki er þessi útfærsla bílsins beinskipt. Miklu munar í verði á þessari útfærslu bílsins og þess fjórhjóladrifna. Hann kostar aðeins 4.890.000 kr. en ódýrasta gerð fjórhjóladrifsútgáfunnar kostar 5.370.000 kr. en sjálfskipt bensínútgáfa bílsins með fjórhjóladrifi kostar 6.360.000 kr. en sá bíll er söluhæsta gerð RAV4 og hefur verið til langs tíma.

### 1,5 milljónum ódýrari

Þarna munar einni og hálfri milljón króna og margir munu kætast við þessa nýju útgáfu RAV4 sem býðst á svo góðu verði. Ekki síst í ljósi þess að afskaplega lítið ber í milli á þessum tveimur gerðum bílsins að öðru leyti en fjórhjóladrifinu og sjálfskiptingunni. Kaupendur þess nýja eru að fá sama rúmgóða bílinn með hárri sætisstöðu og heila 18,7 cm undir lægsta punkt og býsna duglegan bíl í snjó. Það sem kaupendur hans fá reyndar að auki er lægri eyðsla því að 126 hestafla og 2,0 lítra dísilvél hans er mjög eyðslugrönn og sannaðist það í reynsluakstri hans. Innanbæjar var hann að eyða 5,7 lítrum og verður það að teljast lág eyðsla fyrir svo myndarlegan bíl.

### Hljóðlátur og vel búinn

Þrátt fyrir ekki svo háa hestaflatölu þá togar hún vel (310 Nm) og kemur bílnum í 110 km hraða á 10,5 sekúndum. Það er lág mengunartala þessa bíls, 128 g/km sem helst skýrir gott verð hans, en fyrir vikið fellur hann í mjög lágan tollflokk. Það sem vakti einna mesta kátínu undirritaðs við aksturinn var hversu hljóðlátur hann er. Að auki reyndist beinskiptingin í bílnum svo lipur og skemmtileg að leit er að betri beinskiptingu. Bíllinn er ákaflega vel búinn og kemur það á óvart fyrir svo ódýran stóran jeppling. Í raun var ekkert sem ég saknaði úr dýrari gerðum RAV4 bílanna, nema ef vera skyldi rafdrifinna sæta og lyklalauss aðgengis, en það er hvort sem er prjál sem ekki telst 1,5 milljóna króna virði. Ef greinarritari myndi kaupa sér Toyota RAV4, yrði þessi ódýrasta útgáfa hans fyrir valinu.

# BENZ BORGAR STARFSFÓLKI Í VERKSMIÐJUM HÆSTU LAUNIN

Þau eru ekki slorleg launin sem verkamenn í samsetningarverksmiðjum Mercedes Benz í Vance í Alabama í Bandaríkjunum fá, eða 65 dollarar á tímann. Það samsvarar um 9.000 kr. á tímann, en í þessari tölu eru kaupaukar, hlunnindi og launatengd gjöld. Þessar tölur koma frá United Auto Workers í Bandaríkjunum. Þar kemur einnig fram að Volkswagen og BMW greiða lægstu launin í bílaverksmiðjum í Bandaríkjunum, eða 38 og 39 dollara á tímann. Það er einnig nokkur munur á laununum sem bandarísku bílaframleiðendurnir borga starfsfólki sínu. General Motors greiðir að meðaltali 58 dollara, eða tæplega 8.000 kr. og Ford kemur skammt á eftir með 57 dollara. Chrysler borgar starfsfólki sínu 48 dollara.



Frá samsetningarverksmiðju Mercedes Benz.

### Asísku framleiðendurnir greiða lægri laun

Af asísku bílaframleiðendunum sem eru með verksmiðjur í Bandaríkjunum greiðir Honda hæstu launin, eða 49 dollara, Toyota 48, Nissan 42 og Kia greiðir minnst, eða 41 dollara. Það er því kannski engin furða að japönsku bílaframleiðendurnir séu að ná árangri í sölu bíla sinna vestanhafs í samanburði við heimaframleiðendurna, þar sem þeir greiða starfsfólki umtalsvert lægri laun, þótt þau séu góð engu að síður. Það sem skýrir að miklu hluta þennan mismun á launum sem asísku framleiðendurnir greiða minna en þeir bandarísku er að mun fleiri starfsmenn hjá þeim asísku eru með tímabundna ráðningu, en langflestir hjá þeim bandarísku. Laun lausráðinna starfsmanna eru talsvert lægri en hjá þeim fastráðnu.

# ÞÝSKU GÆÐIN LEYNA SÉR EKKI



**Opel Astra**
Verð frá: **2.950.000 kr**.
Útborgun frá aðeins: **295.000 kr.**

OPEL **ASTRA**

## SPARNEYTINN OG FLOTTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Þýsku gæðin leyna sér ekki og Opel Astra er alveg eins magnaður og hann lítur út fyrir að vera. Hann sameinar flott útlit og framúrskarandi aksturseiginleika. Opel Astra er einn vinsælasti bíllinn í Opel fjölskyldunni, enda kraftmikill, sparneytinn og lipur í alla staði.

Hægt að velja dísil- eða bensínvél. Sparneytinn: Opel Astra 1,6 dísilvélin notar aðeins 3,7l/100 km og mengar aðeins 97 gr/km miðað við blandaðan akstur.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

OPEL

Wir leben Autos.

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara

Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

## SKODA OCTAVIA SCOUT

**2,0 DÍSILVÉL, 184 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 5,1 l./100 km
í blönduðum akstri

**Mengun** 134 g/km CO2
**Hröðun** 7,8 sek.
**Hámarkshraði** 219 km/klst
**Verð** 6.320.000 kr.
**Umboð** Hekla

- Veghljóð
- Hliðarhalli í beygjum

- Frágangur
- Rými
- Vélar
- Verð



Skoda Octavia Scout í sínu rétta umhverfi en hann er fær í flestan sjó.
MYND/GVA

# EINS OG SKÁTAR EIGA AÐ VERA

Mjög hæfur utanvegabíll með mikið farangursrými. Er í boði með tveimur gerðum dísilvéla, 150 og 184 hestafla, báðir með uppgefna 5,1 lítra eyðslu. Hefur marga kosti umfram jepplinga.

**SKODA OCTAVIA SCOUT**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Skoda Octavia Scout er vafalaust einn af þeim bílum sem Baden-Powell, stofnandi skátahreyfingarinnar, hefði getað valið sér, en þar fer bíll sem er ávallt tilbúinn í hvaða aðstæður sem er og leysir þær flestar. Scout er sú útfærsla Octavia-bílsins sem henta ætti Íslendingum best, að minnsta kosti þeim sem kjósa það frjálsræði að bregða sér út í náttúruna og komast þangað sem hugurinn girnist. Þessi útfærsla Octavia er nefnilega 3,3 sentimetrum hærri og allur búinn á þann hátt að geta glímt við erfiðari aðstæður en með sömu smíðagæði og gert hefur Octavia að einum söluhæsta bíl landsins. Bíllinn er hærri á vegi en Audi Q3 og reyndar flestir aðrir jepplingar. Fyrir muninn á Octavia Scout og venjulegum Octavia þarf þó að reiða fram meira fé, en Octavia Scout kostar 5.840.000 kr. en venjuleg Octavia með sömu vél kostar 4.440.000 kr. og því munar 1,4 milljón króna á þeim. Mestu munar þó um það að Scout er fjórhjóladrifinn, en hann er að auki nokkuð betur búinn að staðalbúnaði.

### Hálfgerð spíttkerra með 184 hestafla vél

Hér á landi býðst Skoda Octavia Scout með tveimur gerðum dísilvéla, báðum 2,0 lítra og 150 eða 184 hestafla. Ef sá öflugri er valinn kostar hann 6.320.000 kr. en þar er líka kominn mjög öflugur bíll með upptak sem minnir á sportbíl. Báðar þessar vélar eru mjög frískar og sú aflminni dugar bílnum og vel það. Það góða við þá aflmeiri er að hún eyðir engu meira, en báðar eru þær gefnar upp með 5,1 lítra eyðslu, gott fyrir svo myndarlegan bíl. Scout er byggður á sama undirvagni og Volkswagen Golf, Seat Leon og Audi A3 og því eru akstureiginleikarnir ekki ósvipaðir og í þessum góðu akstursbílum. Skoda Octavia Scout er oft borinn saman við Volkswagen Passat Alltrack, Audi A4 Allroad og BMW 3 Touring, en kosturinn við Scout í þessum samanburði er að hann er talsvert ódýrari en þeir allir. Tveir þeirra eru innan sömu stóru Volkswagen bílafjölskyldunnar, svo fyrir suma er spurningin helst um það á hvaða bíl maður vill láta sjá sig. Þeir, sem sama er um það, ættu að íhuga kaup á Skoda Octavia Scout og spara með með skildinginn. Allir eru þeir góðir en einn þeirra kostar bara minna.

### Vel smíðaður og margar sniðugar lausnir

Að ytra útliti er Scout kraftalegur og fallegur bíll og erfir náttúrulega fegurðina frá venjulegum Octavia. Það sem aðgreinir þá er veghæðin, myndarlegir brettakantarnir og varnarhlífarnar að framan og aftan, auk þess sem þakbogar eru staðalbúnaður á Scout. Innréttingin í Scout er fögur sýnum, greinilega vel smíðuð og praktísk, en það er aðalsmerki Skoda-bíla. Alls konar sniðugar lausnir er að finna í þeim flestum og pláss fyrir allt það sem nauðsynlegt má teljast, meira að segja á löngum ferðum. Ein af mörgum sniðugum lausnum Skoda er þó að finna í eldsneytislokinu, en þar er rúðuskafa. Rispaðir stálfletir setja fágaðan svip á innréttinguna, sætin eru þægileg og auðvelt að finna góða akstursstöðu. Plássið í aftursætum er til fyrirmyndar og farangursrýmið er að sögn Skoda það stærsta í þessum flokki bíla, enda 610 lítrar og 1.740 lítrar ef aftursætin eru lögð niður. Ef einhverju er hægt að kvarta undan við akstur á Scout er það veghljóð sem skilar sér á stundum inn í bílinn og meiri hliðarhalli í beygjum en í venjulegum Octavia, sem vafalaust skrifast á veghæð bílsins.

### Af hverju jeppling?

Á þeim tímum sem heimurinn velur sér jepplinga er kannski rétt að staldra við og íhuga bíl eins og Skoda Octavia Scout í samanburði. Hann hefur í raun margt fram yfir flestan jepplinginn. Hann er hærri frá vegi en flestir þeirra, er með síst minna farangursrými, akstursseiginleika fólksbíls, öflugri vél en þeir flestir og kostar minna. Sumir jepplingar eru að auki ekki fjórhjóladrifnir en þessi er það. Að auki kemur hann með hinni rómuðu DSG-sjálfskiptingu Volkswagen bílafjölskyldunnar sem að mati undirritaðs kemst næst frábærri PDK-sjálfskiptingu Porsche. Ef verð bílanna sem ég áður nefndi, og eru oft bornir saman við Octavia Scout, kemur þetta í ljós. Volkswagen Passat Alltrack kostar 7.120.000 kr. Audi A4 Allroad kostar 8.770.000 kr. BMW 3 Touring kostar 7.870.000 kr. Því ætti Scout á 6.320.000 kr. með 184 hestafla vélinni að teljast vænlegur kostur, en með 150 hestafla vélinni kostar hann aðeins 5.840.000 kr.





Gott efnisval og mjög vönduð smíði innréttingar.

DSG-sjálfskiptingin er með þeim bestu sem bjóðast.






Accord
HONDA
The Power of Dreams
Fallegur
Rúmgóður
Áreiðanlegur
Honda gæði
Fágaður
Sjálfskiptur
Hagkvæmur
Stílhreinn
Draumur í akstri
Hlaðinn búnaði
Öruggur
Sportlegur
Kraftmikill
Sedan
&
Station
Traustur
Vortilboð
Honda gott verð
Accord
Honda Accord Lifestyle 2.0i-VTEC sjálfskiptur kr. 4.890.000
afsláttur kr. 400.000
Vortilboð kr. 4.490.000
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100
Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



# Kaupa Kínverjar Pirelli?

Nú stefnir flest í það að kínverski dekkja- og hráefnaframleiðandinn ChemChina muni kaupa stóran hlut í ítalska dekkjaframleiðandanum Pirelli. Ef af verður væri það stærstu kaup kínversks fyrirtækis á ítölsku fyrirtæki hingað til. Meiningin með kaupunum er að sameina fyrirtækin tvö undir merkjum Pirelli og yrði fyrirtækið tvöfalt að stærð við þann samruna. Hlutafé í Pirelli er nú á almennum markaði. Engu að síður ætlar ChemChina að reyna að tryggja sér öll þau bréf sem núverandi stærsti einstaki hluthafi, Cam Finanziaria SpA, á ekki í félaginu. Eftir stæðu því tveir eigendur, en sá kínverski þó stærri. Bréf í Pirelli hafa hækkað við þessar fréttir, sem gerir áætlanir kínverska félagsins erfiðari.



# Fær Mercedes Benz E-Class 4 forþjöppur

Þegar 2016 árgerðin af Mercedes Benz E-Class verður kynnt má velja um dísilvél í bílnum sem er með fjórum forþjöppum og er hún ríflega 400 hestöfl. Einnig verður í boði sama vél með tveimur forþjöppum og 313 hestöflum. Vélin er 2,9 lítra línuvél með sex strokkum. Tvær af þessum fjórum forþjöppum eru rafmagnsforþjöppur, en svo virðist sem þær séu í sífellt auknum mæli að ryðja sér til rúms. Vélarnar verða með ógnarmikið tog, sú minni 516 pund/fet og sú stærri 627. E-Class má einnig fá með tveimur gerðum 2,9 lítra bensínvélar sem skila 367 og 435 hestöflum. Nýr E-Class fer í mikla megrun og mun léttast um allt frá 70 til 150 kíló, eftir útfærslu hans og gera má ráð fyrir að aukin notkun áls og hástyrktarstáls spili þar stærstan þátt. Eins og í núverandi gerðum verða í boði sjö mismunandi týpur E-Class og verða coupé- og blæjuútgáfur bílsins örlítið stærri en fyrr til að gera rými fyrir aftursætisfarþega meira og í takt við aðrar gerðir hans.

# Sjö sæta bíll frá Subaru á teikniborðinu

Subaru hefur nú sest við teikniborðið og hyggst framleiða sjö sæta bíl sem keppa á við Toyota Highlander, Nissan Pathfinder og Honda Pilot á Bandaríkjamarkaði. Subaru framleiddi Tribeca-jeppann á árunum 2006 til 2014, en framleiðslu hans var hætt vegna dræmrar sölu. Subaru áætlaði að hann myndi seljast í 36.000 eintökum í Bandaríkjunum á ári, en í fyrra seldist hann í 732 eintökum þar og 1.598 eintökum árið 2013. Nýr sjö sæta bíll frá Subaru verður því ekki byggður á hugmyndafræði Tribeca, heldur verður bíllinn fremur í ætt við hina söluháu Outback- og Forester-bíla, en stærri en þeir báðir. Sumir hafa kallað áætlaðan nýjan bíl Subaru „Grand Outback“, en þó er alls ekki víst að hann verði byggður á Outback. Það eitt er víst að bílnum verður að mestu beint að Bandaríkjamarkaði og það telja Subaru-menn að sé eina leiðin til að tryggja góða sölu hans.







Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskipti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd og umönnun

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Vandaðir kirkjugarða-krossar
einnig skilti og púlt á dýraleiði.
421 1225 - 893 4105
Sjá heimasíðu.
www.skiltiogmerkingar.is
Sendum frítt um allt land.
20 ára reynsla í krossum og skiltum

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**PÁSKATILBOÐ 20% AFSL. Á TANTRA NUDDI**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**Silfursmíði - námskeið**
Kennari Ingibjörg Sigurbjörnsdóttir gullsmíðameistari
Vif
Innritun í síma 511-5457 og 846-4438

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**APARTMENT K, RECEPTION MANAGER POSITION REQUIRED**
Apartment K is looking for a day shift, Front Office Reception Manager. We are looking for candidates with excellent customer service and previous experience is preferred. This is a full time job and shifts are 2.2.3. A Drivers license is required.
**Please send CV's to sales@apartmentk.is**

**VANUR STARFSKRAFTUR ÓSKAST Á HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**
Þarf að tala íslensku, ekki yngri enn 25 ára. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Vegna forfalla vantar verkstjóra í fiskvinnslu í Þorlákshöfn strax. Uppl. í s. 847 8695 & hsver@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Skyndikynni, tilbreyting, ævintýri. www.RaudaTorgid.is (Stefnumót)

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Holtavegur 32

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Laugardals austurhluta vegna lóðarinnar nr. 32 við Holtaveg. Í breytingunni felst að gerðir eru tveir byggingarreitir fyrir færanlegar stofur / smíðaskemmur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Freyjubrunnur 33

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 33 við Freyjubrunn. Í breytingunni felst m.a. hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar með bílageymslu úr 1,59 í 1,80 og fjölgun íbúða úr fimm í sjö. Ekki verður leyfilegt að grafa frá húshliðum vegna glugga eða hurða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 7. apríl 2015 til og með 19. maí 2015**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 19. maí 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**

Reykjavík 7. apríl 2015
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

**Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi deiliskipulags-áætlunum í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

**1. Holtsbúð og Ásbúð**
Svæðið sem skipulagið nær til eru göturnar Ásbúð og Holtsbúð. Við gerð tillögunnar hefur verið leitast við að viðhalda þeim ákvæðum sem voru hluti af upphaflegu skipulagi Ásbúðar og Holtsbúðar en auk þess eru nú sett ákvæði um nýtingarhlutfall íbúðarhúsa og breytta aðkomu og landnotkun á lóðinni Holtsbúð 87 (fyrrum hjúkrunarheimili).

Þar sem að skipulag svæðisins var samþykkt áður en að aðalskipulag Garðabæjar var staðfest telst það ekki vera í gildi og því er deiliskipulagið því auglýst að nýju.

Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

**2. Kirkjubrú 1, Álftanesi**
Tillagan gerir ráð fyrir því að heimilt verði að reisa 14 einbýlishús og 6 parhús, alls 26 íbúðar-einingar á svæðinu. Allar byggingar verði einnar hæðar. Aðkoma verður frá Tjarnarbrekku og mögulegt verður í framtíðinni að tengja svæðið til austurs að fyrirhuguðu miðbæjarsvæði.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlun í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**3. Gilsbúð 9, breyting á deiliskipulagi Bæjargils**
Tillagan gerir ráð fyrir stækkun lóðar til norðurs og að bifreiðastæði utan lóðar fyrir stórar bifreiðar falli brott. Byggingarreitur lengist um 10 metra til norðurs.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 7. apríl 2015 til og með 19. maí 2015. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 19. maí 2015.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.



TOSHIBA
max.is
42" 3D snjallsjónvarp
TILBOÐ
89.989
FULLT VERÐ 149.989
42"
Toshiba 42L7463DN
42" Full HD LED 3D Smart sjónvarp með 1920x1080p upplausn. CEVO Picture. DUAL CORE. 100Hz AMR+: 1500hz. 2D/ 3D conversion. DVB-T/2, DVB-C/ DVB-S/2 móttakari. Wifi, DLNA, Skype, Opinn vafri, WiDi 4.0. 4x HDMI, 2x USB. USB upptaka. 4 pör 3D gleraugu fylgja.
188sm kæliskápur
TILBOÐ
69.989
FULLT VERÐ 109.989
85sm kæliskápur
TILBOÐ
29.989
FULLT VERÐ 39.989
HAKA K132
84sm kæliskápur með 130 lítra kæli. 4 glerhillur. 3 hillur í hurð. Grænmetisskúffa. Orkuflokkur A+.
acer
13,3" fartölva
TILBOÐ
54.989
FULLT VERÐ 79.989
ASUS heyrnartól
TILBOÐ
7.989
FULLT VERÐ 12.989
Whirlpool WBE33774NFCW
188sm kæliskápur með frysti og 6th SENSE Fresh Control. Multiflow Kælivifta. AntiBacteria Filter. LED lýsing. Orkuflokkur A++.
Acer NXMRTED009
13.3" HD LED fartölva Intel Celeron N2840 Dual core örgjörva. 4GB DDR3L minni. 500GB diskur. Windows 8.1 64-BIT með Bing.
Asus CERBERUSBK
Leikjaheyrnatól með stórum 60mm neodymium hátölurum. Tveir hljóðnemar, einn sem má fjarlægja og annar á snúrunn.
max.is
1400sn þvottavél
TILBOÐ
69.989
FULLT VERÐ 99.989
Sjá allt úrvalið á max.is
MAX RAFTÆKI
Whirlpool AWOD8254
1400sn og 8kg þvottavél með stafrænu kerfisvali. 6th Sense Infinite Care. LCD skjár. Kolalaus mótor. Þvotthæfni A. Vinduhæfni A. Orkuflokkur A+++.
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
SÍMI 412 2200
BEINT Á MÓTI IKEA

# Veðurspá

## Þriðjudagur

**Búast má við vetrarlegu veðri næstu daga.** Suðvestan hvassviðri ræður ríkjum á landinu í dag og gengur á með storméljum um allt sunnan- og vestanvert landið og getur skyggni orðið lítið í éljunum. Um landið norðaustanvert er heldur hægari vindur og yfirleitt þurrt. Hiti verður yfirleitt yfir frostmarki að deginum, um 0 til 5 stig, mildast við sjávarsíðuna.




## Miðvikudagur

| | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|---|
| Hiti | 1° | -0° | 2° |
| Vindur | ↗4 | ↗9 | →5 |

| | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|
| Hiti | 6° | 5° | -6° |
| Vindur | →7 | →9 | →11 |

## Fimmtudagur

| | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|---|
| Hiti | 3° | -0° | 5° |
| Vindur | ↓7 | ↙11 | ↙3 |

| | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|
| Hiti | 5° | 4° | -1° |
| Vindur | ↑12 | ↑15 | ↗12 |

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** ríki í Mið-Ameríku, **6.** frá, **8.** þvottur, **9.** útsæði, **11.** tveir eins, **12.** hljóðfæri, **14.** skammt, **16.** kúgun, **17.** bar, **18.** fát, **20.** pfn., **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal, **3.** stefna, **4.** trjátegund, **5.** drulla, **7.** heilbrigður, **10.** frændbálkur, **13.** umfram, **15.** Rótartauga, **16.** einatt, **19.** svörð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kúba, **6.** af, **8.** tau, **9.** fræ, **11.** rr, **12.** sítar, **14.** stutt, **16.** ok, **17.** krá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** tróð. **LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** frískur, **10.** ætt, **13.** auk, **15.** tága, **16.** oft, **19.** mó.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Halldórsson missti af góðri leið gegn Helga Áss Grétarssyni, Skákfélaginu Hugin, og skákdálkahöfundi Morgunblaðsins.**



**Svartur á leik**

Guðmundur lék **32...Dg4??** og mátti gefast upp eftir **35. f3 Df4 36. He6+!** Guðmundur átti hins vegar 32... Dxe1+!! 33. Bxe1 Hc1 og hvítur á ekkert skárra en 34. Kh2 Hh8+ 35. Kg3 Hxh1 með mun betri stöðu á svartan.




Jón Arilíus KÖKULIST /Kokulist

Firði Hafnarfirði Sími 555 6655 - 662 5552 • kokulist@kokulist.is

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 2 | 1 | | | | | |
| 4 | | | | 6 | | | | 3 |
| | 3 | | | 7 | 9 | | | |
| | | 8 | 2 | | 4 | 9 | | 6 |
| | 9 | | | 3 | | 1 | | 5 |
| 3 | | | | | 1 | 2 | | 8 |
| 6 | 4 | | | | | | | |
| | 5 | 3 | 9 | | | 4 | | |
| | | 1 | 3 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 1 | | | | | |
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | | |
| 4 | | 2 | 7 | | 9 | 3 | 5 | |
| | 7 | 6 | | | 5 | | 2 | |
| 5 | | | | 6 | | | | 9 |
| | | | | 4 | | | 8 | |
| | 3 | 9 | | | | 5 | | |
| | 5 | | 6 | 7 | | | | 2 |
| | | | 9 | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 3 |
| | | 2 | 7 | | | 8 | | |
| 9 | | | | | 5 | | 2 | |
| | 8 | 1 | | | | | 9 | |
| 2 | 7 | | 4 | | | | | 8 |
| | 4 | | 6 | | | 1 | 3 | |
| 1 | | | | | 7 | | | |
| | 9 | 6 | | 5 | | | | 1 |
| | 5 | | 2 | | 1 | 4 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 7 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 4 | 3 | 8 | 1 | 9 |
| 7 | 4 | 9 | 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 9 | 6 | 2 |
| 6 | 5 | 8 | 3 | 9 | 2 | 7 | 4 | 1 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 1 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 7 | 8 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 9 | 1 | 8 | 5 | 4 |
| 9 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 5 | 4 | 6 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 7 | 5 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 8 |
| 3 | 6 | 2 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 9 | 3 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# MEGAS!




APRÍL
BÓK MÁNAÐARINS

**(ESENIS TESENIS TERA)**
**VIÐRINI VEIT ÉG MIG VERA**
**MEGAS OG DAUÐASYNDIRNAR**
Kemur út í dag – á sjötugsafmæli söngvaskáldsins!

**Vildarverð: 3.999.-**
Verð: 4.999.-

Í bókinni er rakinn æviferill Megasar, ítarlega fjallað um verk þessa umdeildasta listamanns þjóðarinnar, breyskleika, hrösun og upprisu.

Útgáfuteiti verður í Pennanum Eymundsson, Skólavörðustíg, í dag kl. 17–19.
Óttar Guðmundsson spjallar um bókina við gesti.
„Þrjár klassískar“ syngja lög eftir Megas
Léttar veitingar.



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími Vildarverðs er til og með 30. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Karlmennskan stillir sér upp á mynd

„Hvernig karlmenn sitja fyrir á myndum er heilmikill þjóðarspegill hverju sinni," segir Sæbjörg F. Gísladóttir sem eyddi síðasta sumri í að rannsaka karlmennsku.

Sæbjörg Freyja Gísladóttir, meistaranemi í þjóðfræði, eyddi síðasta sumri í að grandskoða líkamsstöðu karla yfir heillar aldar tímabil. „Mig langaði til að skoða karlmennskuna út frá því hvernig menn stilltu sér upp fyrir framan myndavélarnar frá þarsíðustu aldamótum." Sæbjörg fór yfir myndir frá Skjalasafni Austfirðinga og Skjalasafninu á Ísafirði og bar saman við myndir sem hún tók sjálf það sumarið af samtímamönnum.

Niðurstöðurnar voru gríðarlega skemmtilegar. „Í byrjun tuttugustu aldar voru karlarnir teinréttir, beinir í baki, jafnvel með brjóstkassann þaninn og svolítið útskeifir," segir Sæbjörg og bendir á að á þetta tímabil hafi stundum verið merkt hinni nýju gullöld Íslendinga og það sjáist bersýnilega í uppstillingunum. Þegar leið á öldina og amerískir hermenn komu til landsins urðu miklar breytingar á menningu Íslendinga. Sæbjörg segir þá breytingu sjást vel í uppstillingum. „Kaninn hafði þau áhrif að það hætti að vera töff að vera beinn. Menn hölluðu sér og voru svolítið eins og James Dean. Baddi í Djöflaeyjunni nær þessu afar vel," segir hún og hlær.

Hún skoðaði svo karlmenn í dag, sem eru öllu myndavélarvanari en kynbræður þeirra fyrir á árum. „Mér fannst samtímamaðurinn misjafn eftir stað og stund. Algengast var að þeir hefðu hendur í vösum og væru hoknir. Horfðu kannski til hliðar á meðan smellt var af," útskýrir Sæbjörg. Hún segir nokkuð hafa borið á að menn færu úr peysunum og spenntu vöðvana, það sé kannski ágætis þjóðarspegill en dæmi auðvitað hver fyrir sig.

gudrun@fréttablaðið.is



**REFFILEGUR** Á fyrstu tugum seinustu aldar þótti karlmannlegt að vera þráðbeinn í baki,þenja brjóstkassann dulítið og ekki verra ef menn voru útskeifir. FRÉTTABLAÐIÐ/SAFN



**FJÖLBREYTILEIKI** Nútímamennirnir sem Sæbjörg myndaði síðasta sumar voru eins og kamelljón, hoknir sumir en aðrir spenntu vöðvana áður en smellt var af. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆBJÖRG



**AFSLAPPAÐUR** Kaninn skapaði afslappaða stemningu. James Dean og Marlon Brando voru erkitýpurnar sem mörkuðu karlmennskuna á þeim tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/SAFN



**ÞJÓÐFRÆÐINGUR** Sæbjörg segir karla nú til dags mun vanari ljósmyndum og það sjáist greinilega. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆBJÖRG






# Styrkar stoðir öflugs atvinnulífs

Við sérhæfum okkur í rekstri og leigu atvinnuhúsnæðis af öllum stærðum og gerðum og höfum yfir að ráða eignum á eftirsóttum stöðum. Við þjónum viðskiptavinum í fjölbreyttri starfsemi og hýsum yfir 400 leigutaka í yfir 500 leigueiningum bæði stór og smá fyrirtæki, opinberar stofnanir og félagasamtök. Þessi mikla dreifing viðskiptavina rennir styrkum stoðum undir rekstraröryggi um leið og hún eflir þekkingu okkar á margvíslegum þörfum atvinnulífsins og þar með getuna til að veita fyrsta flokks þjónustu.

**Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200 eða utleiga@eik.is.**

EIK
FASTEIGNAFÉLAG










# Hvað ungur nemur gamall semur

**BAKPANKAR**
Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



Það voru örugglega einhverjir foreldrar sem svitnuðu þegar barnið þeirra dró upp málsháttinn úr páskaegginu og vildi fá góða skýringu á skilaboðunum. En sem betur fer lifum við á tímum Google og því hægt að slá tvö högg með einni flugu – fræða um tungumálið og kenna börnunum góða íslenska lífsspeki.

**ÉG** heyrði ekki sérlega vel sem krakki og er enn í dag að átta mig á alls kyns misskilningi og orðarugli. En þótt víða sé panna brotin í íslenskukunnáttu minni má ekki gleyma að á mistökum þrífast börnin best. Þannig hefur misskilningur minn í gegnum árin eflt ímyndunarafl mitt og hæfileika til að finna raunhæf rök fyrir undarlegustu hlutum.

**FAÐIR** vorið opnaði til dæmis súrrealískan ævintýraheim. Allt þetta mas um skuldir og naut gaf mér mína eigin tengingu við guð – sem ég bað af fullri einlægni á hverju kvöldi um að leiða ekki ost í frysti. Einnig fannst mér alveg eðlilegt að lögð væru niður störf á svokölluðum uppfinningadegi, erfiðisdrykkjur meikuðu fullkominn sens og ég söng hástöfum „It‘s a fire downtown“ á níunda áratugnum með eðalbandinu Europe. Enn í dag skil ég reyndar ekki hvað klaufalegt göngulag kemur málunum við í laginu Skólaball með Brimkló. „Ég missteig mig og til hennar gekk. Um axlir hennar greip og á hana féll.“

**EN** það er ekki hundur í hættunni og í raun krúttlegt að börn misskilji málshætti. Það er pínlegra þegar fullorðið fólk rembist eins og rækja við staurinn að prýða tungutak sitt orðskrúði án þess að hafa á því nokkur tök. Og þar sem vítin eru til að verja þau lagði ég mig alla fram við málsháttakennsluna þessa páskana. Ef ég lenti í vandræðum bað ég einfaldlega þá sem eru mér fróðari að vera mér innan fóta, í stað þess að kenna börnunum einhverja vitleysu. Það er bara svo mikilvægt að hafa vaðið fyrir ofan sig þegar móðirin náði ekki tökum á tungumálinu fyrr en eftir djúpan disk!

# Saga sem snertir við manni

KVIKMYND ★★★★☆

**Fúsi**

**LEIKSTJÓRN OG HANDRIT:** DAGUR KÁRI PÉTURSSON

**FRAMLEIÐENDUR:** AGNES JOHANSEN OG BALTASAR KORMÁKUR

**KVIKMYNDATAKA:** RASMUS VIDEBÆK

**KLIPPING:** OLIVIER BUGGE COUTTÉ, ANDRI STEINN GUÐJÓNSSON OG DAGUR KÁRI

**AÐALHLUTVERK:** GUNNAR JÓNSSON, ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR, SIGURJÓN KJARTANSSON, MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR, FRANZISKA UNA DAGSDÓTTIR, ARNAR JÓNSSON, ÞÓRIR SÆMUNDSSON, ÞORSTEINN GUNNARSSON



**FÚSI** Nýjasta kvikmynd Dags Kára Péturssonar, Fúsi segir hjartnæma sögu sem virðist látlaus á yfirborðinu.

Sýningar á síðustu kvikmynd Dags Kára Péturssonar hófust fyrir rétt rúmri viku og segja má að sagan, sem gerist á Íslandi, eigi sér stað í óræðum samtíma. Vissulega er umhverfið kunnuglegt en engu að síður er eitthvert tímaleysi viðloðandi þar sem engar beinar vísanir eru í samtímaviðburði, né heldur er fólk í sífellu vafrandi um vefinn í snjallsímum eða með höfuðið hálft ofan í tölvuskjáum. Áherslurnar liggja heldur í öllu mannlegri taug sem er ekki bundin í tíma. Líkt og í fyrri myndum finnur Dagur sér efnivið í manneskjum sem leynast á jaðri samfélagsins.

Gunnar Jónsson fer með burðarhlutverk þar sem hann leikur Fúsa, fullorðinn karlmann sem hefur skotið rótum við hliðarlínu lífsins. Hann er ögn undarlegur og óframfærinn og fær fyrir vikið að kenna á fordómum samfélagsins, sem er svo gjarnt á að dæma náungann án þess að skyggnast undir yfirborðið. Áhorfandi fær að kynnast því hvernig Fúsi hagar dögum sínum. Líf hans er endurtekningasamt, viðburðasnautt, einmanalegt en öruggt og maður getur hæglega ímyndað sér að þannig hafi allir hans dagar verið og þannig muni þeir ávallt verða. Látlaust lífsmynstur er hans eina haldreipi í heimi sem erfitt er að ná handfestu á þar til einn daginn að línudans og vonlaust veður valda hvörfum. Kvenmaður kemur til bjargar.

Gunnar hefur aldrei verið jafn góður. Það er merkilegt að upplifa hvernig fyrirferðamesti leikari landsins nær á einhvern undraverðan hátt að koma innri hræringum persónu sinnar til skila með því einu að beita augnaráðinu. Gunnar sýnir þannig fram á að minna sé hreinlega meira undir vissum kringumstæðum. Það er ákveðið leiðarhnoða í myndinni, að líta þurfi undir yfirborð hlutanna til þess að komast að rót þeirra. Þetta kjarnast í persónu Gunnars og það sem meira er, styðja meðleikarar hans við málstaðinn. Þeir eru ekki bara áhrifalausar aukapersónur heldur partur af sömu heild, og hafa sömu virkni þrátt fyrir að vera ekki jafn áberandi.

Myndatakan er fyrirtaks góð og hreinasta yndi þegar dvalið er við ákveðna ramma svo maður geti drukkið í sig áhrif þeirra án þess að vera sífellt slengt í næsta atriði. Tónlistin í kvikmyndinni er að sama skapi listilega unnin. Hún er með minna móti en styður við á réttum augnablikum án þess nokkru sinni að verða afgerandi. Fyrir bragðið fær sú tónlist sem spiluð er innan söguheimsins aukinn merkingarþunga sem annars hefði mögulega farið minna fyrir, hugsanlega týnst.

Þetta er myndræn kvikmynd þar sem persónur stíga inn í frásögnina fullmótaðar án þess að miklu púðri sé eytt í baksögur eða endalausar útlistanir á óþarfa smáatriðum. Áhorfanda er treyst til þess að vera virkur og taka þátt í merkingarsköpun sögunnar sem veldur því að áhorfið er gefandi en ekki aðeins leið til að sálga níutíu mínútum. Þetta er saga sem snertir við manni.

**Kjartan Már Ómarsson**

**NIÐURSTAÐA:** Degi Kára tekst að skapa hjartnæma sögu sem virðist vera látlaus á yfirborðinu en þegar nánar er að gætt má sjá hvernig tekið er á málefnum á borð við hleypidóma, mörkin milli bernsku og fullorðinsára, vinskap og gæsku.







# Daniel Craig í hnéaðgerð



Svo virðist vera að jafnvel sjálfur James Bond þurfi að leggjast undir hnífinn.

Daniel Craig, sem fer nú með hlutverk einkaspæjarans góðkunna í fjórða sinn, þurfti á hnéaðgerð að halda eftir að hafa slasað sig við tökur á myndinni Spectre.

Samkvæmt talsmanni myndarinnar hafði þetta þó ekki áhrif á tökur myndarinnar en leikarinn fór í aðgerðina í skipulögðu tökuhléi. Craig er harður í horn að taka, rúmir tveir mánuðir eru síðan hann slasaðist á hné við tökur í Pinewood Studios í London.

Spectre kemur í kvikmyndahús þann 23. október hér á landi en áætluð frumsýning á Íslandi er 6. nóvember.

# Gómsætt japanskt kjúklingasalat

Eftir páskahátíðina, tilheyrandi stórsteikur og súkkulaðiát, er ekki úr vegi að útbúa þetta einfalda, litríka og ljúffenga kjúklingasalat sem kitlar bragðlaukana.

**Salatsósa**

- 1/2 bolli olía
- 1/4 bolli balsam edik
- 2 msk. sykur
- 2 msk. sojasósa

Setjið allt í pott og sjóðið saman í u.þ.b. 1 mínútu. Takið af hitanum og hrærið annað slagið í á meðan blandan kólnar (kemur í veg fyrir að salatsósan skilji sig).

- 1 poki skyndinúðlur – ekki kryddið
- 3-4 msk. möndluflögur
- 1-2 msk. sesamfræ

Brjótið núðlurnar smátt niður. Ristið á þurri pönnu, byrjið á núðlunum (þær taka lengri tíma) og bætið svo möndlum og sesamfræjum á pönnuna. Ath. að núðlurnar eiga að vera stökkar. Leggið til hliðar.

**Kjúklingabringur**

- Sweet hot chili-sósa

Skerið kjúklingabringurnar í strimla og snöggsteikið í olíu. Hellið sweet chili-sósu yfir og látið sjóða við vægan hita um stund.

- Salatpoki eða iceberg-salat
- Kirsuberjatómatar



**LITRÍKT** Gósætt og girnilegt japanskt kjúklingasalat sem setur svo sannarlega svip á matarborðið. MYND/SVAVAGUNNARSDÓTTIR

- Mangó
- Rauðlaukur

Skerið grænmeti og ávexti niður og setjið í botninn á fati eða skál. Stráið ristuðu núðlublöndunni yfir, hellið balsam-salatsósunni yfir og að lokum er kjúklingastrimlunum dreift yfir.

Gott að bera fram með ofnbökuðu snittubrauði með smjöri, hvítlaukssalti og parmesanosti.

*Uppskrift fengin af Ljufmeti.com*






NÝTT!

2 | 21:15

**A.D.: KINGDOM AND EMPIRE**

Einstaklega vandaðir og áhrifamiklir þættir úr smiðju Mark Burnett og NBC sem skarta Jóhannesi Hauki Jóhannessyni í einu hlutverkanna. Þættirnir gerast eftir krossfestingu Jesús og fjalla um líf lærisveina frelsarans og hvernig þeir breiða út boðskapinn þrátt fyrir linnulausar ofsóknir af hálfu rómveskra yfirvalda.

SKEMMTILEGT
**ÞRIÐJUDAGSKVÖLD!**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

2 | 19:40

**MODERN FAMILY**

Við skyggnumst inn í líf þriggja ólíkra fjölskyldna sem eiga það sameiginlegt að lenda í hinum fyndnustu aðstæðum.



2 | 20:30

**WHITE COLLAR**

Stórgóðir þættir um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey sem hjálpar lögreglunni að góma aðra svikahrappa til þess að komast hjá fangelsisvist sjálfur.



2 | 22:00

**LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER**

Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt.



| 22:05

**THE WOLVERINE**

Gamall kunningi Wolverine kallar hann til Japans en þar lendir hann í lífshættulegum aðstæðum og neyðist til að horfast í augu við eigin djöfla.



3 | 20:40

**ONE BORN EVERY MINUTE UK**

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Krakka stöðin | 07:00-20:30

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**

## Enn skorar Eiður Smári



**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen skoraði tvívegis fyrir Bolton um páskahelgina, aðeins viku eftir endurkomu hans í íslenska landsliðið þar sem hann skoraði í 3-0 sigri á Kasakstan.

Á laugardaginn tryggði hann sínum mönnum jafntefli gegn Blackpool eftir að hafa komið inn á sem varamaður og hann var svo í byrjunarliði Bolton í gær er liðið vann Cardiff, 3-0, á útivelli. Eiður Smári skoraði fyrsta mark leiksins með glæsilegu skoti, en þetta var í fyrsta sinn í tæp ellefu ár sem hann skorar í tveimur leikjum í röð í Englandi.

Þetta var sjötta mark Eiðs Smára með Bolton eftir að hann samdi við liðið seint á síðasta ári en honum hefur verið hælt mikið fyrir frammistöðuna með liðinu í ár. Bolton er komið upp í sextánda sæti B-deildarinnar en liðið hóf tímabilið skelfilega í haust. Eiður Smári er nú orðinn næstmarkahæsti leikmaður liðsins í deildinni. - esá

## Íslensk mörk eftir fjögurra leikja bið

**FÓTBOLTI** Ísland vann sinn fyrsta sigur á árinu er stelpurnar okkar höfðu betur gegn Hollandi, 2-1, í æfingaleik í Kórnum á laugardag. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir skoruðu mörk Íslands sem lenti þó undir í leiknum.

„Við erum að reyna að bæta okkur frá degi til dags og mér fannst við góð í dag. Sóknarleikurinn var fínn og margir góðir kaflar. Varnarleikurinn var frábær," sagði Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari eftir leikinn. - esá

## Úrslitakeppnin hefst í kvöld

**HANDBOLTI** Úrslitakeppni Olísdeildar karla hefst í kvöld með fyrstu leikjunum í 8-liða úrslitunum. Deildarmeistarar Vals mæta Fram í Reykjavíkur slag og nýliðar Aftureldingar, sem lentu í öðru sæti, leika gegn Íslands- og bikarmeisturum ÍBV. ÍR tekur á móti Akureyri og FH og Haukar mætast í Hafnarfjarðarslag. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.30 og verða í beinni textalýsingu á Vísi.

Úrslitakeppnin í Olísdeild kvenna hófst í gær en úrslitin í þeim leikjum má sjá hér til hliðar á síðunni. - esá

## Yfirburðir KR-inga í fyrsta leik

**KÖRFUBOLTI** KR er komið í 1-0 forystu gegn Njarðvík í undanúrslitum úrslitakeppni Domino's-deildar karla eftir öruggan sigur í gær, 79-62. Eftir að Njarðvík komst í 33-22 forystu snemma í öðrum leikhluta lenti Logi Gunnarsson í villuvandræðum og KR-ingar komust á flug.

KR skoraði 28 stig gegn þremur það sem eftir lifði fyrri hálfleiks og eftir leikurinn var formsatriði fyrir heimamenn. Næsti leikur liðanna er í Ljónagryfjunni á fimmtudagskvöld. - esá

## ÚRSLIT

### OLÍSDEILD KVENNA

**8-LIÐA ÚRSLIT, 1. LEIKUR**

**ÍBV - HAUKAR 30-24 (19-15)**
**ÍBV:** Ester Óskarsdóttir 13/2 (18/2), Díana Dögg Magnúsdóttir 6 (10), Vera Lopes 4 (6).
**Haukar:** Karen Helga Díönudóttir 9/2 (12/2).

**GRÓTTA - SELFOSS 28-21 (14-10)**
**Grótta:** Eva Björk Davíðsdóttir 6, Karólína B. Lárudóttir 5, Eva Margrét Kristinsdóttir 4.
**Selfoss:** Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 9/7, Perla Ruth Albertsdóttir 7, Carmen Palamariu 5.

**FRAM - FYLKIR 27-17 (13-11)**
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 5, Elísabet Gunnarsdóttir 5, Hulda Dagsdóttir 4.
**Fylkir:** Thea Imani Sturludóttir 9, Sigrún Birna Arnardóttir 3.

**STJARNAN - VALUR 17-19 (9-12)**
**Stjarnan:** Helena Rut Örvarsdóttir 4, Guðrún Erla Bjarnadóttir 3, Sólveig Lára Kjærnested 3.
**Valur:** Kristín Guðmundsdóttir 9/2, Bryndís Elín Wöhler 4, Íris Ásta Pétursdóttir 4.

*Næstu leikir í rimmunum fara fram annað kvöld.*

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**ARSENAL - LIVERPOOL 4-1**
1-0 Hector Bellerin (37.), 2-0 Mesut Özil (40.), 3-0 Alexis Sanchez (45.), 3-1 Jordan Henderson, víti (76.), 4-1 Olivier Giroud (91.).

**WEST BROM - QPR 1-4**
0-1 Eduardo Vargas (15.), 0-2 Charlie Austin (37.), 0-3 Bobby Zamora (43.), 1-3 Victor Anichebe (58.), 1-4 Joey Barton (95.).

**SWANSEA - HULL 3-1**
1-0 Ki Sung-Yueng (18.), 2-0 Bafetimbi Gomis (37.), 2-1 Paul McShane (50.), 3-1 Gomis (91.).

**EVERTON - SOUTHAMPTON 1-0**
1-0 Phil Jagielka (16.).

**LEICESTER - WEST HAM 2-1**
1-0 Esteban Cambiasso (12.), 1-1 Cheikhou Kouyate (32.), 2-1 Andy King (86.).

**MAN. UNITED - ASTON VILLA 3-1**
1-0 Ander Herrera (43.), 2-0 Wayne Rooney (79.), 2-1 Christian Benteke (79.), 3-1 Herrera (92.).

**CHELSEA - STOKE 2-1**
1-0 Eden Hazard, víti (39.), 1-1 Charlie Adam (44.), 2-1 Loic Remy (62.).

**BURNLEY - TOTTENHAM 0-0**

**SUNDERLAND - NEWCASTLE 1-0**
1-0 Jermain Defoe (45.).

**CRYSTAL PALACE - MAN. CITY 2-1**
1-0 Glenn Murray (34.), 2-0 Jason Puncheon (48.), 2-1 Yaya Toure (78.).

**Staða efstu liða:** Chelsea 70, Arsenal 63, Man. Utd. 62, Man. City 61, Liverpool 54, Tottenham 54.

# Græddum á fallinu

**Tindastóll er í lykilstöðu til að tryggja sig inn í lokaúrslitin um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta í fyrsta sinn síðan 2001. Liðið hefur aldrei orðið Íslandsmeistari en fyrirliðinn Helgi Rafn Viggósson á von á erfiðri rimmu gegn Haukum.**

**KÖRFUBOLTI** Tindastóll mætir aftur til leiks í úrslitakeppni Domino's-deildar karla eftir ellefu daga hvíld en liðið tekur á móti Haukum í fyrsta leik liðanna í undanúrslitarimmu þeirra í Síkinu, íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2010 að Stólarnir komast í undanúrslitin en eru til alls líklegir nú miðað við gengi nýliðanna í vetur.

„Þetta verður fróðlegt einvígi og ég tel að Haukarnir henti okkur ágætlega. En þeir eru með sterkt lið og það hefði engu máli skipt hvaða lið við hefðum fengið í undanúrslitunum. Taflan sýnir að þangað eru fjögur bestu lið landsins komin. Aðalmálið er að við mætum klárir í slaginn og með hausinn í lagi," segir Helgi Rafn Viggósson, fyrirliði Tindastóls, við Fréttablaðið.

Haukar þurftu að hafa mikið fyrir því að komast í undanúrslitin en liðið vann Keflavík í hörkurimmu sem taldi fimm leiki. Haukar eru annað lið frá upphafi sem vinnur fimm leikja rimmu eftir að hafa lent 2-0 undir.

### Góður hópur varð betri

Bæði lið eru með marga unga og spennandi leikmenn en Tindastóll hefur einnig notið góðs af því að vera með öflugan hóp eldri og reyndari leikmanna auk þess sem þjálfarinn Israel Martin hefur komið inn í félagið á sínu fyrsta tímabili.

Darrell Lewis og Bandaríkjamaðurinn Myron Dempsey bættust við hópinn auk þess sem Svavar Atli Birgisson tók fram skóna á ný. Að öðru leyti er hópurinn sá sami og vann 1. deildina í fyrra með miklum yfirburðum.

„Þessir ungu strákar sem eru að spila stórt hlutverk núna fengu heilmikla reynslu af því að spila í 1. deildinni í fyrra og því erum við að græða á því nú að hafa fallið um deild," segir Helgi Rafn, sem hefur ekki áhyggjur af reynsluleysi þeirra af úrslitakeppninni í efstu deild.

„Þeir stóðu vaktina vel í rimmunni gegn Þór Þorlákshöfn [í 8-liða úrslitum] og ég held að þeir séu klárir. Þeir hlusta mikið á þjálfarann og okkur eldri leikmennina og eiga að vita út í hvað þeir eru að fara," segir fyrirliðinn.



„Það er alltaf öllu reddað og menn ávallt tilbúnir að hjálpa til.
*Helgi Rafn Viggósson.*

**FYRIRLIÐINN** Helgi Rafn Viggósson er í lykilhlutverki í liði Tindastóls sem mætir Haukum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Pabbi á myndavélinni

Helgi Rafn segir að það sé mikil stemning fyrir gengi liðsins á Sauðárkróki og allir vilji tala um körfubolta.

„Nú viljum við fylla Síkið og því hvet ég alla til að mæta, bæði bæjarbúa og nærsveitunga. Við erum með nóg pláss fyrir alla sem vilja koma," segir hann í léttum dúr.

Hann segir að allir í kringum félagið eigi hrós skilið fyrir óeigingjarnt starf – margir leggi hönd á plóg. „Það er alltaf öllu reddað og menn ávallt tilbúnir að hjálpa til. Það gerir þetta mjög skemmtilegt," segir Helgi Rafn, en karl faðir hans leggur sitt af mörkum fyrir Tindastóll TV, vefsjónvarp liðsins.

„Við tökum tækin með á alla útileiki og karlinn er svo á myndavélinni alla leiki, bæði heima og úti. Við bíðum svo spenntir eftir því að fá sjónvarpsvélarnar hingað norður og fá að sýna körfuboltaáhugamönnum landsins hvernig það er að spila í Síkinu. Það er orðið tímabært."

eirikur@frettabladid.is

# Chelsea í kjörstöðu eftir tap City

**Englandsmeistarar Manchester City féllu niður í fjórða sætið eftir tap í gær.**

**FÓTBOLTI** Staða Chelsea á toppi ensku úrvalsdeildarinnar styrktist enn í gær eftir tap Englandsmeistara Manchester City gegn Crystal Palace á útivelli, 2-1.

Chelsea, sem vann 2-1 sigur á Stoke á laugardag, er með sjö stiga forystu á næsta lið og á þar að auki leik til góða gegn botnliði Leicester þegar öll önnur lið eiga sjö leiki eftir af tímabilinu.

Þetta var þriðja tap City í röð á útivelli og hafa Englandsmeistararnir um leið gefið upp nánast alla von um að verja titilinn. Um leið virðist staða Manuels Pellegrini knattspyrnustjóra vera afar óstyrk. Liðið er nú stigi á eftir grönnum sínum í Manchester United en liðin eigast einmitt við á Old Trafford sunnudag.

Arsenal er komið upp í annað sætið eftir 4-1 sigur á Liverpool á laugardaginn. Liverpool og Tottenham, sem gerði markalaust jafntefli gegn Burnley, eru nú sjö stigum á eftir City og eiga aðeins veika von um að komast aftur í Meistaradeild Evrópu í haust.

Aðeins fjögur stig skilja að liðin í 15.-19. sæti en botnlið Leicester hélt vonum sínum um að halda sæti sínu á lífi með 2-1 sigri á West Ham. - esá



**GLÆSIMARK** Jason Puncheon skoraði beint úr aukaspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



# 10. APRÍL
# ÞÚ VERSLAR – VIÐ GEFUM!

SELECTED FEMME / HOMME
JACK & JONES
VERO MODA
name it
VILA CLOTHES
GIVE-A-DAY
BESTSELLER

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 klukkan 21.15

**A.D.: KINGDOM AND EMPIRE**



Einstaklega vandaðir og áhrifamiklir þættir úr smiðju Marks Burnett og NBC sem skarta Jóhannesi Hauki Jóhannessyni í einu hlutverkanna. Þættirnir gerast eftir krossfestingu Jesú og fjalla um líf lærisveina frelsarans og hvernig þeir breiða út boðskapinn þrátt fyrir linnulausar ofsóknir af hálfu rómveskra yfirvalda.



**MODERN FAMILY**

**STÖÐ 2 KLUKKAN 19.40** Sjötta þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



**MAD MEN**

**GULLSTÖÐIN KLUKKAN 21.10** Sjöunda þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.



**WHITE COLLAR 5**

**STÖÐ 2 KLUKKAN 20.30** Neil Caffrey er góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við að hafa hendur í hári annarra svikahrappa.

### Bylgjan klukkan 19.15

**Erna Hrönn**

Erna Hrönn með þægilega tónlist á Bylgjunni.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Anger Management
**10.40** The Middle
**11.05** The Night Shift
**11.50** The Smoke
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor US
**14.25** The X-Factor US
**15.05** Time of Our Lives
**16.10** Ofurhetjusérsveitin
**16.30** Xiaolin Showdown
**16.55** A to Z
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** 2 Broke Girls
**19.40** Modern Family
**20.05** The Big Bang Theory
**20.30** White Collar 5
**21.15** A.D. Kingdom and Empire
**22.00** Last Week Tonight With John Oliver
**22.35** Louie
**22.55** Grey's Anatomy
**23.40** Togetherness
**00.10** Forever
**00.50** Bones
**01.35** Girls
**02.00** The Big Year
**03.40** Love Ranch
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Útsending frá leik í úrslitakeppni Dominos deildar karla.
**13.00** Tékkland - Lettland
**14.40** Berlín - Hamburg
**16.00** Real Madrid - Granada
**17.45** Spænsku mörkin 14/15
**18.15** Kiel - RN Löwen
**19.35** Þýsku mörkin
**20.05** Útsending frá leik í úrslitakeppni Dominos deildar karla.
**21.40** Oklahoma - Houston
**23.30** Celta - Barcelona
**01.10** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**01.35** Þýsku mörkin

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Messan
**08.15** Crystal Palace - Man. City
**11.55** Swansea - Hull
**13.35** Man. Utd. - Aston Villa
**15.15** Crystal Palace - Man. City
**16.55** Derby - Watford
**18.35** Aston Villa - QPR Beint
**20.45** Football League Show 2014/15
**21.15** Premier League Review 2014/2015
**22.10** Messan
**23.25** Aston Villa - QPR
**01.05** Chelsea - Stoke

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**18.40** Baby Daddy
**19.00** Wipeout
**19.45** Traffic Lights
**20.10** Flight of the Conchords
**20.40** One Born Every Minute UK
**21.30** Pretty little liars
**22.15** Flash
**23.00** Arrow
**23.40** The 100
**00.25** Wipeout
**01.10** Traffic Lights
**01.30** Flight of the Conchords
**02.00** One Born Every Minute UK
**02.45** Pretty little liars
**03.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Brunabílarnir **09.47** Skoppa og Skrítla **10.00** Stumparnir **10.25** Lukku láki **10.47** Tommi og Jenni **10.53** Hókus Pókus **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.22** Brunabílarnir **13.47** Skoppa og Skrítla **14.00** Stumparnir **14.25** Lukku láki **14.47** Tommi og Jenni **14.53** Hókus Pókus **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.22** Brunabílarnir **17.47** Skoppa og Skrítla **18.00** Stumparnir **18.25** Lukku láki **18.47** Tommi og Jenni **18.53** Hókus Pókus **19.00** Fjörfiskarnir

## GULLSTÖÐIN

**18.15** Friends
**18.40** Modern Family
**19.05** New Girl
**19.30** The Big Bang Theory
**19.50** Veggfóður
**20.30** Doktor
**21.10** Mad Men
**22.00** Game Of Thrones
**22.50** Grimm
**23.35** Chuck
**00.15** Cold Case
**01.00** Veggfóður
**01.40** Doktor
**02.15** Mad Men
**03.00** Game Of Thrones
**03.50** Grimm
**04.35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.50** Joyful Noise
**12.45** You've Got Mail
**14.40** Mirror Mirror
**16.25** Joyful Noise
**18.20** You've Got Mail
**20.20** Mirror Mirror
**22.05** The Wolverine
**00.10** Cloud Atlas
**02.55** Dirty Movie
**04.25** The Wolverine

## RÚV

**16.35** Herstöðvarlíf
**17.20** Músahús Mikka
**17.43** Robbi og skrímsli
**18.06** Millý spyr
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Vísindahorn Ævars *(Henrietta Swan Levitt)*
**18.30** Melissa og Joey
**18.50** Öldin hennar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Landsmót hestamanna 2014
**21.00** Castle
**21.45** Handboltalið Íslands
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Horfinn *(The Missing)*
**23.20** Íslenski boltinn
**23.35** Spilaborg
**00.25** Kastljós
**00.50** Fréttir
**01.05** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.30** Cheers
**14.55** Beyonce - Life Is But A Dream
**16.25** The Odd Couple
**16.45** Benched
**17.05** An Idiot Abroad
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Men at Work
**20.15** Parenthood
**21.00** The Good Wife
**21.45** Elementary
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Madam Secretary
**00.00** Blue Bloods
**00.45** Parenthood
**01.30** The Good Wife
**02.15** Elementary
**03.00** The Tonight Show
**03.50** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**11.00** Golfing World 2015
**11.50** PGA Tour 2015
**14.50** PGA Tour 2015
**17.05** PGA Tour 2015
**20.05** PGA Tour 2015 - Highlights
**21.00** 2011 Augusta Masters

## HRINGBRAUT

**11.00** Mannamál *(e)* **11.30** Heimsljós *(e)*
**12.00** Mannamál *(e)* **12.30** Heimsljós *(e)*
**13.00** Mannamál *(e)* **13.30** Heimsljós *(e)*
**14.00** Mannamál *(e)* **14.30** Heimsljós *(e)*
**17.00** Mannamál *(e)* **17.30** Heimsljós *(e)*
**18.00** Mannamál *(e)* **18.30** Heimsljós *(e)*
**19.00** Mannamál *(e)* **19.30** Heimsljós *(e)*
**20.00** Mannamál *(e)* **20.30** Heimsljós *(e)*
**21.00** Atvinnulífið **21.30** Neytendavaktin
**22.00** Atvinnulífið *(e)* **22.30** Neytendavaktin *(e)*
**23.00** Atvinnulífið *(e)* **23.30** Neytendavaktin *(e)*

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


GAME OF THRONES
ÍSLAND · BANDARÍKIN
13.04.15
HBO
Undirbúðu þig fyrir átökin með fyrstu fjóru þáttaröðunum á Stöð 2 Maraþon.
Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.
Stöð 2 er hluti af 365
©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.
SPORTS DIRECT.com
Gull

## BESTI BITINN



Balkanika, en það er samt búið að loka þeim stað en ég hvet þau til þess að opna aftur.

Ásrún Magnúsdóttir, dansari og danshöfundur.

# Minna vesen á fólki en á venjulegri helgi

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður fór friðsamlega fram um helgina og gekk vonum framar.

„Heyrðu, ég var bara að senda síðustu popparana upp í vél og í loftið. Ég á reyndar eftir að athuga hvort einhver hafi orðið eftir, en ég efast um það,“ sagði Birna Jónasdóttir, rokkstjóri tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður, í gær en henni lauk á sunnudag.

Gekk hátíðin vonum framar. „Ég heimsótti einmitt lögguna í morgun, og þeir voru jafn hissa og ég. Það kom ekki upp neitt vesen. Þetta var minna en á venjulegri helgi,“ segir hún. Gestir og heimamenn hafa því skemmt sér vel og friðsamlega yfir páskahátíðina, en um þrjú þúsund manns voru í bænum. „Nú taka við þrif og frágangur, áður en við förum að spá í næstu hátíð.“



STEINUNN JÓNSDÓTTIR

Flugi hljómsveitarinnar AmabAdama seinkaði á laugardagskvöld, og höfðu þau einungis hálftíma frá því þau lentu og þar til þau stigu á svið. „Við náðum reyndar ekki að hita upp, en það hafði ekki mikil áhrif þannig séð,“ segir Steinunn Jónsdóttir, önnur söngkona sveitarinnar.

„Trompetleikarinn okkar reyndar missti af fluginu á laugardeginum, en hann náði að vera með á ballinu á Krúsinni á sunnudag. Það var mikið stuð og ótrúlega gaman að vera með.“ - asi



**ALSÆL** Birna Jónasdóttir rokkstjóri er í skýjunum með hátíðina.






**KAPPSFULLIR** Þeir Reynir og Gísli eru góðir félagar og keppa oft í skrafli, hvort sem það er í holdi eða í gegn um netið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sjö þúsund manns skrafla á internetinu

Sjö þúsund manns spila orðaleikinn vinsæla á internetinu og baráttan um toppsætið á listanum er hörð. Áhugi er fyrir því að hefja endurframleiðslu á spilinu.

Þeir Gísli Ásgeirsson og Reynir Hjálmarsson, meðlimur í stjórn Skraflfélags Íslands og fyrsti Íslandsmeistarinn í skrafli, eru meðal þeirra sjö þúsund notenda sem spila orðaleikinn góðkunna Skrafl á vefsíðunni Netskrafl.is.

Gísli er núverandi Íslandsmeistari í skrafli og átti toppsætið á síðunni fyrir páska og hefur síðastliðna mánuði verið ofarlega á topplista netskraflsins, en um toppsætið ríkir jafnan hörð barátta.

### Tekur skraflið fram yfir sjónvarpið

„Ég skrafla í hádeginu og kaffitímanum, svo skrafla ég dálítið á kvöldin. Ég tek þetta fram yfir sjónvarpið enda ekkert sérstakt í sjónvarpinu sem lokkar mann nema norrænar kvikmyndir sem maður sér öðru hverju,“ segir hann glaður í bragði, en talsvert hefur færst í aukana að fólk skrafli á netinu og hefur borðspilið verði ófáanlegt um nokkurt skeið.

Gísli tekur það þó ekki nærri sér þegar honum er steypt af stóli og samkvæmt honum er talsverð rótering á efstu sætum listans. „Þetta er samfélag þeirra sem hafa gaman af orðaleiknum og það eiga allir að vera með og öll dýrin að vera í skóginum að vera vinir, ég er voðalega hrifinn af þeirri líkingu,“ segir Gísli hress.

### Áhugi á endurframleiðslu

Áhugi er fyrir því að reyna að hefja endurframleiðslu á borðspilinu og hefur Reynir reynt að koma því í farveg en segir það hafa gengið hægt, því þótt stórgott sé að spila á netinu þá er enn skemmtilegra að grípa í borðspil og því er Gísli sammála: „Það er náttúrulega langskemmtilegast að spila við fólk í holdinu.“

Reynir hefur skraflað af og til frá ellefu ára aldri, en síðustu tvö ár hefur hann skraflað af meiri þunga. Hann og Gísli skrafla oft saman á netinu en Reynir hefur færst örlítið niður topplistann á síðustu vikum en kippir sér ekki mikið upp við það. „Mér finnst ágætt að vera ekki á toppnum og taka þá bara Íslandsmeistaratitilinn næst, svona án þess að nokkur búist við því. Ég hef stundum verið efstur en svo er ég búinn að spila illa núna síðustu tvær vikur og hrundi niður listann. Ég er að reyna að laga það og skora á Gísla, ég er að vinna hann núna en hann hefur sjálfsagt ekki sagt þér það,“ segir Reynir og hlær.

### Skraflið kemur að góðum notum

Gísli og Reynir eru sammála um það að skraflið sé góður orðaleikur fyrir unga sem aldna og komi meðal annars að góðum notum í íslenskukennslu, en þó sé það ekki síðra fyrir þá sem eldri eru. „Ég ætla nú ekki að fara að tala eins og gamalmenni en ég verð sextugur í vor og þetta er eitt af því sem hjálpar manni að viðhalda andlegri færni og að kalka ekki, svo get ég líka spilað þetta við barnabörnin mín,“ segir Gísli hress að lokum.

gydaloa@frettabladid.is

## Sjö þúsund notendur á páskadag

Vilhjálmur Þorsteinsson, forritari síðunnar netskrafl.is, segir notendum síðunnar hafa fjölgað stöðugt síðan hún var opnuð í núverandi mynd síðastliðinn janúar.

„Einmitt á páskadag voru þeir að skríða yfir sjö þúsund,“ segir hann og bætir við: „Það er meira að segja ekkert svo langt síðan þeir urðu sex þúsund.“

Topp-listinn á síðunni er rúmlega mánaðargamall og er stigunum haldið til haga með sérstöku stigakerfi.

„Þetta er Elo-stigakerfi, eins og er notað í skákinni og á að vera nokkuð stærðfræðilega rétt aðferð til þess að halda utan um stigin.“

En Vilhjálmur segir þennan mikla fjölda notenda hafa komið sér á óvart.

„Þetta kom mér algjörlega á óvart að þetta nyti svona almannahylli, ég hélt að þetta væri eitthvað sem maður væri að gera fyrir tiltölulega þröngan hóp af fólki,“ segir hann og er að vonum ánægður með vinsældir netskraflsins.

> **Þetta er samfélag þeirra sem hafa gaman af orðaleiknum og það eiga allir að vera með og öll dýrin að vera í skóginum að vera vinir, ég er voðalega hrifinn af þeirri líkingu.**




# Eitt allra flottasta parið!

## Nýjar Bosch vélar fyrir íslenskar þarfir!




### Bosch, þvottavél

WAP28397SN

Ný 7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín, orkuflokkur A+++. Mjög hljóðlátur, kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Nýhönnuð tromla („waveDrum"): Fer mun betur með þvottinn. Snör í snúningum: 15 mín. hraðþvottakerfi.

**Kynningarverð: 99.900 kr.**




### Bosch, þurrkari

WTW86197SN

Nýr 7 kg þurrkari með íslensku stjórnborði. Barkalaus. Rafrænn rakaskynjari. Orkuflokkur A++. Hefur sjálfhreinsandi rakaþétti sem hreinsast við hverja notkun og minnkar rafmagnsnotkunina ár eftir ár. Krumpuvörn, allt upp í 120 mín. við lok hvers kerfis.

**Kynningarverð: 99.900 kr.**

## Við ábyrgjumst gæði.

**Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16.**

**BOSCH BÚÐIN**

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bónorð í Berlín

Píratinn Helgi Hrafn hélt til Berlínar yfir páskahátíðina ásamt kærustunni sinni, Ingu Auðbjörgu. Varð ferðin vægast sagt viðburðaríк, þar sem Inga bað Helga um að giftast sér. Fór hún vægast sagt óhefðbundna leið til þess að bera upp bónorðið og fékk hóp fólks með sér í hópdans eða flashmob. Horfði Helgi grunlaus á, þar til þau röðuðu sér í röð, lyftu upp bolnum og á maga þeirra var skrifað: „Viltu giftast mér.“ Helgi svaraði bónorðinu játandi við mikinn fögnuð viðstaddra.

- asi



### Mikið grín á Græna hattinum

Mikið stuð var á uppistandi grínistans Péturs Jóhanns Sigfússonar á Græna hattinum á Akureyri á föstudaginn langa. Var þar fjöldi fólks saman kominn, þar á meðal leikkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir. Bað Pétur leikkonuna um að koma upp á svið til sín og endurtaka atriði úr Vaktaseríunum, þar sem þau léku saman, en þrátt fyrir góðar undirtektir viðstaddra, ákvað Ólafía að stela ekki senunni af Pétri.

- asi



## Mest lesið VÍSIR

1. Guðjón Valur: Alfreð hvatti mig til að fara til Spánar
2. Sjáðu markið sem Eiður skoraði í gær | Myndband
3. Birgitta þakkar Davíð Oddssyni fyrir að vekja athygli á vinnubrögðum þingsins
4. Nýr forseti Nígeríu: „Boko Haram mun finna fyrir sameinuðu afli okkar“
5. Pardew leitaði sér aðstoðar hjá íþróttasálfræðingi





